

BÓKASAFNIÐ

45. árgangur - 2025



Efnisyfirlit

Frá ritnefnd - Hallfríður Kristjánsdóttir	3
Bókasafn menntavísinda: Frá kjallara í Kennó til Þjóðarbókhlaðu - Gunnhildur Kristín Björnsdóttir	4
Vefstefnur og vægi þeirra fyrir vefstjóra - Harpa Dögg Kristinsdóttir	24
Opið rými allra: Hvernig staður er það? - Dögg Sigmarsdóttir	33
Skólasöfn í framhaldsskólum: Þjónustukönnun á vegum Samstarfshóps bókasafns- og upplýsingafræðinga í framhaldsskólum - Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir og Dagný S. Jónsdóttir	50
Rafrænt skylduskilaefni: Áskorun sem leiðir til lausna - Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar og Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir	58
Umframopnun án þjónustu á Borgarbókasafninu í Kringlunni og í Sólheimum: Tækifæri og áskoranir - Rut Ragnarsdóttir	63
IFLA LRM og RDA skráningarreglurnar - Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir	67
Lesið í bókaeign Einars Jónssonar: Miðlun til almennings - Silja Pálmarsdóttir	76
Bókasafnið í fjöltyngdu samfélagi - Eyrún Ósk Jónsdóttir	82
Anna Jensdóttir 1939-2025: Minning - Hallfríður Baldursdóttir	89
Tímanna safn verður til: Skyggst inn í útgáfuferli kjörgripabókar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns - Halldóra Kristinsdóttir og Hildur Ploder Vigfúsdóttir	91
Upplýsingalæsi.is: Nýr gagnvirkur kennsluvefur fyrir háskólanema - Tinna Lind Guðjónsdóttir	97
Fræðsluferð starfsfólks Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til Helsinki dagana 22. – 25. maí 2024 - Hallfríður Kristjánsdóttir	104

Bókasafnið · 45. árgangur 2025 · ISSN 1670-0066

Útgefandi: Upplýsing – Félag bókasafns- og upplýsingafræðinga

Ritnefnd 45. árgangs Bókasafnsins:

Hallfríður Kristjánsdóttir, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

María Bjarkadóttir, Borgarbókasafn

Tinna Lind Guðjónsdóttir, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Hönnun: Jóna Lía Helgadóttir

Ljósmynd á forsiðu: Gunnhildur Kristín Björnsdóttir

Frá ritnefnd

Höfundur: Hallfríður Kristjánsdóttir

45. árgangur Bókasafnsins inniheldur þrettán greinar. Um er að ræða fjölbreytta umfjöllun um starfsemi og verkefni bókasafna, vefstjórnun, útgáfu, lýsigögn og tæknilausnir, fræðsluferðir og fleira. Það er von ritnefndar að efni blaðsins vekji hjá lesendum bæði áhuga og innblástur.

Nokkrar vendingar hafa orðið í íslenskum bókasöfnum síðan síðasta blað kom út. Í mars 2025 lét Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir af störfum sem landsbókavörður eftir langan og farsælan feril. Örn Hrafnkelsson, fyrrum sviðsstjóri varðveislusviðs Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns tók við starfinu. Þá voru einnig mannaskipti við Háskóla Íslands, þegar Ágústa Pálsdóttir hætti kennslu og Jamie Johnston var ráðin sem prófessor í upplýsingafræði. Síðast en ekki síst má nefna að í ágúst 2024 lauk formlega sameiningu Bókasafns menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Lbs-Hbs. Þá flutti bókasafn MVS úr fyrra húsnæði sínu í Stakkahlíð yfir í Þjóðar-bókhöðuna. Í Stakkahlíðina flutti hins vegar bókasafn Listaháskóla Íslands.

Það er við hæfi að fyrsta grein í blaðinu fjalli í máli og myndum um Bókasafn menntavísinda, sögu þess allt frá upphafi og fram til sameiningar 2025. Höfundur er Gunnhildur Björnsdóttir.

Í blaðinu eru þrjár greinar frá almenningsbókasöfnum. Dögg Sigmarsdóttir segir frá nokkrum verkefnum tengdum stefnu Borgarbókasafnsins, *Opnu rými allra*. Rut Ragnarsdóttir fjallar einnig um verkefni á vegum Borgarbókasafnsins, sem snýr að umframþjónustu utan hefðbundins afgreiðslutíma. Þá segir Eyrún Ósk Jónsdóttir frá fjölmennningarlegri viðburðaröð í Bókasafni Kópavogs. Tvær greinar fjalla um þróunarverkefni, tæknilausnir og nýjungar sem tengjast skráningu. Annars vegar er fjallað um áskoranir tengdar rafrænni útgáfu og skylduskilum og hins vegar segir frá endurskoðaðri útgáfu RDA skráningarreglanna, sem notaðar eru í Gegni. Kristín Lilja Th. Björnsdóttir og Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar eru höfundar.

Harpa Dögg Kristinsdóttir fjallar um vefstefnur og mikilvægi þeirra fyrir vefstjóra og aðra sem koma að vefmálum hjá opinberum stofnunum. Frá Samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum kemur áhugaverð samantekt um þjónustukönnun sem gerð var um aðgengi framhaldsskólanemenda að skólasöfnum. Listasafn Einars Jónssonar kemur einnig við sögu í grein frá Silju Pálmarsdóttur, en þar segir frá verkefni tengdu bókasafni listamannsins.

Í tveimur greinum er sagt frá verkefnum sem snúast um útgáfu og birtingu. Halldóra Kristinsdóttir og Hildur Ploder Vigfúsdóttir segja frá tilurð bókarinnar *Tímannanna safn*, sem gefin var út árið 2024, á 30 ára afmæli Þjóðar-bókhöðunnar. Tinna Lind Guðjónsdóttir og Harpa Rut Harðardóttir fjalla um þróun og birtingu nýs gagnvirkis kennsluvefs, *Upplýsingalæsi.is*. Markmið kennsluvefsins er að styrkja háskólanemendur í upplýsingalæsi.

Ritnefnd þakkar öllum höfundum kærlega fyrir sitt framlag og vonar að þið, lesendur góðir njótið lestursins.

Bókasafn menntavísinda: Frá kjallara í Kennó til Þjóðarbókhlöðu

Höfundur: Gunnhildur Kristín Björnsdóttir

Inngangur

Sérfræðisafn í uppeldis- og kennslufræðum á sér á annað hundrað ára sögu, allt frá upphafi kennaramenntunar í landinu og frá því að vera mjór en mikils vísir í kjallara Kennaraskólans við Laufásveg, í það að veita nútíma háskólabókasafnsþjónustu. Á síðasta ári urðu þau tímamót í sögu safnsins að það var sameinað Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Það var liður í því að ljúka sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands þegar Menntavísindasvið flytti á Háskólasvæðið. Í grein þessari verður annars vegar stiklað á stóru í sögu safnsins¹ og hins vegar fjallað um undirbúning sameiningar safnanna og flutninga.

Sérfræðisafn menntavísinda: Uppruni og saga


Saga bókasafns á sviði uppeldis- og kennslufræða er samofinn sögu kennaramenntunar á Íslandi og nær jafnvel enn lengra aftur en til þess að Kennaraskóli Íslands var stofnaður 1908, því upphaf kennaramenntunar má rekja allt aftur til kennaradeildar Flensborgar þar sem boðið var upp á fyrsta kennaranámið hér á landi á árunum frá 1896-1908 (Ingvar Gíslason, 1982).

Stofnun Kennaraskólans markaði óneitanlega tímamót í sögu kennaramenntunar og þóttu það „stórtíðindi“ í Skólablaðinu þegar skólinn var vígður og settur í fyrsta sinn þann 1. október 1908, með 50 umsækjendum (Fyrsti október, 1908). Skömmu áður hafði blaðið einnig fjallað um nýja Kennaraskólahúsið við Laufásveg sem þá var í byggingu (Kennaraskólinn, 1908).

Frá kennaradeild Flensborgar áskotnaðist Kennaraskólanum við stofnun, um 90 bækur sem urðu upphafið að bókasafni sem þjónaði síðar sem miðstöð þekkingar um uppeldismál hér á landi. Bókasafn Kennaraskólans stækkaði hægt sem sérsafn framan af og fyrstu árin voru það einkum handbækur fyrir kennara sem bættust við bókakostinn (Kristín Indriðadóttir, 1997).

Strax á fyrsta starfsári Kennaraskólans beittu nemendur sér einnig fyrir stofnun lestrarfélags þar sem einkum voru keyptar íslenskar fagurbókmenntir, sagnfræði og málfræði. „Hver nemandi greiddi eina krónu í árgjald til félagsins og ætlunin var að kaupa einnig kennslufræðibækur þegar efni leyfðu. Árið 1913 átti lestrarfélagið 100 bindi“.

1 Fyrir áhugasama um sögu bókasafnsins, má benda á grein Kristínar Indriðadóttur, Bókasafn Kennaraháskóla Íslands í bókinni *Sál aldanna: Íslensk bókasöfn í fortíð og nútíð*, en þar er farið ítarlega yfir sögu safnsins frá upphafi til tíunda áratugarins.



Mynd 1: Bókaskrá Lestrarfélags Kennaraháskólans

Á þessum fyrstu starfsárum skólans var einnig stofnað bókasafn fyrir börnin í æfingabekknunum og voru bæði þessi söfn undir stjórn nemenda. Árið 1929 voru þau sameinuð og eftir það „talað um æfingabókasafn Kennaraháskólans og sú stefna mótuð að þangað væru einkum keyptar bækur sem nemendur þyrftu nauðsynlega að nota til náms og kennsluæfinga“. Um það leyti fékk bókasafnið í fyrsta sinn styrk úr ríkissjóði og skömmu síðar var gerð tvöföld spjaldskrá. „Það var hins vegar ekki fyrr en um 1950 sem flestar bækur í skólanum voru sameinaðar í einu safni.“ (Kristín Indriðadóttir, 1997).

Löngum gekk erfiðlega að fá fjármagn til reksturs bókasafns Kennaraháskólans, reyndar áratugum saman, allt fram að stofnun Kennaraháskólans. Safninu bárust þó tvisvar veglegar gjafir sem vert er að nefna. Fyrst árið 1952 er því var gefið einkasafn Steingríms Arasonar fyrrverandi kennara við Kennaraháskólann. Safnið taldi um 2000 bindi og var meirihlutinn erlend rit um uppeldis- og kennslumál. Síðari gjöfin var safn Guðmundar Ólafssonar kennara á Laugarvatni en hann var einn af fyrstu nemendum skólans. Það safn var um 1700 bindi, mest á sviði náttúru- og heilsufræða, sögu og bókmennta. (Kristín Indriðadóttir, 1997; Svanhildur Kaaber o.fl., 2008).

Þáttaskil urðu í starfsemi bókasafnsins þegar Kennaraháskólanum var breytt í Kennaraháskóla. Skólinn fór þá að fá reglulegar fjárveitingar til uppbyggingar bókasafns og fyrsti bókasafnsfræðingurinn var ráðinn til safnsins haustið 1972. Fram að því höfðu kennarar haft umsjón með

bókasafni skólans, oft í sjálfböðavinnu. Ráðin var Kristín Indriðadóttir bókasafnsfræðingur, sem byggði upp nútíma bókasafnsþjónustu með miklum myndarbrag. Tveimur árum síðar, eða 1974, fékkst leyfi til að lausráða annan bókasafnsfræðing. Þegar nokkrum árum síðar var útlit fyrir að staðan yrði skorin niður í sparnaðarskyni, brá svo við að kennaranemendur í kröfugöngu, kröfðust þess að *bókaverðinum yrði skilað* (Ákæra menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og stjórnvöld: Mótmæla vinnuaðstöðu, húsnæðis- og kennaraskorti, 1979). Þórhildur S. Sigurðardóttir var fastráðin í kjölfarið árið 1979 og starfaði hún á safninu í samtals nær 43 ár.



Mynd 2: Þórhildur S. Sigurðardóttir. Ljósmynd: Skjalasafn HÍ

Á fyrstu árum bókasafns Kennaraháskólans „miðaðist efnisval í safnið við brýnustu rit vegna kennslunnar á hverjum tíma og að fylla í þau skörð sem höfðu orðið.“ „Áhersla var lögð á að afla rita um sálar-, uppeldis- og kennslufræði vegna kennslu og rannsókna en auk þess var reynt að koma upp lágmarksbókakosti í hverri kennslugrein skólans“ allt í nánú samstarfi við kennara. (Kristín Indriðadóttir, 1997).

Þáttaskil urðu í annað sinn í starfsemi safnsins þann 1. mars 2000 þegar Menntasmiðja Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) var stofnuð (Kristín Indriðadóttir og Þórhildur Sigurðardóttir, 2006). Þar með var þjónustustarfsemi bókasafns, gagnasmiðju og kennslumiðstöðvar, sett undir einn hatt. Störfuðu þessar þjónustueiningar þannig undir heitunum safn og smiðja, þangað til Kennaraháskólinn var sameinaður Háskóla Íslands árið 2008 en þá voru bókasafn og tölvuþjónusta aðskilin og safnahlutinn eftir það kallaður bókasafn Menntavísindasviðs.

Bókasafn Menntavísindasviðs (MVS) átti ekki aðeins rætur að rekja til bókasafns Kennaraskóla Íslands, síðar Kennaraháskóla Íslands, því að við sameiningu Kennaraháskólans og Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni, Proskabjálfskóla Íslands og Fósturskóla Íslands í lok

Á fyrstu árum bókasafns Kennaraháskólans „miðaðist efnisval í safnið við brýnustu rit vegna kennslunnar á hverjum tíma og að fylla í þau skörð sem höfðu orðið.“ „Áhersla var lögð á að afla rita um sálar-, uppeldis- og kennslufræði vegna kennslu og rannsókna en auk þess var reynt að koma upp lágmarksbókakosti í hverri kennslugrein skólans“ allt í nánú samstarfi við kennara. (Kristín Indriðadóttir, 1997).

Þáttaskil urðu í annað sinn í starfsemi safnsins þann 1. mars 2000 þegar Menntasmiðja Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) var stofnuð (Kristín Indriðadóttir og Þórhildur Sigurðardóttir, 2006). Þar með var þjónustustarfsemi bókasafns, gagnasmiðju og kennslumiðstöðvar, sett undir einn hatt. Störfuðu þessar þjónustueiningar þannig undir heitunum safn og smiðja, þangað til Kennaraháskólinn var sameinaður Háskóla Íslands árið 2008 en þá voru bókasafn og tölvuþjónusta aðskilin og safnahlutinn eftir það kallaður bókasafn Menntavísindasviðs.

Bókasafn Menntavísindasviðs (MVS) átti ekki aðeins rætur að rekja til bókasafns Kennaraskóla Íslands, síðar Kennaraháskóla Íslands, því að við sameiningu Kennaraháskólans og Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni, Proskabjálfskóla Íslands og Fósturskóla Íslands í lok síðustu aldar, voru bókasöfn þessara skóla sameinuð. Áður höfðu söfn Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, Fræðslumáladeildar Menntamálaráðuneytisins og Kennslumiðstöðvar Námsgagnastofnunar runnið inn í safnið (Kristín Indriðadóttir og Þórhildur Sigurðardóttir, 2006). Lengi vel hafði safnið útibú í Íþróttadeildinni á Laugarvatni en það var lagt niður og sameinað safnkostinum í Stakkahlíð árið 2017 þegar deildin flutti til Reykjavíkur.



Mynd 3: Kristín Indriðadóttir. Ljósmynd: Skjalasafn HÍ




Mynd 4: Kristín Indriðadóttir og Þórhildur S. Sigurðardóttir. Ljósmynd: Skjalasafn HÍ

Aðstaða og þjónusta

Húsnæði

Bókasafnið „var fyrst til húsa í kennslustofu í kjallara gamla skólahússins við Laufásveg“ (Svanhildur Kaaber o.fl., 2008) en kjallarinn var sagður „vel bjartur“ samkvæmt lýsingu í Skóla-bláðinu (Kennaraskólinn, 1908).

Kennaraskóli Íslands flutti 1962 í nýtt húsnæði við Stakkahlíð. Bókasafninu var árið 1963 komið fyrir uppi í risi í Múla, norðurálmu skólans. Árið 1972 var safnið flutt í stærstu skólastofu skólans á annarri hæð í aðalbyggingunni, Enni (Kristín Indriðadóttir, 1997). Byggingin í Stakkahlíð markaði tímamót í sögu opinberra bygginga. Mikill metnaður var lagður í allan tæknilegan frágang (Ásta Kristjánsdóttir, 1969) og ákveðinn hluti byggingarkostnaðar var í fyrsta sinn í opinberum byggingum, áætlaður til listskreytinga. Þar voru fengnir tveir af þekktustu listamönnum þjóðarinnar, Valtýr Pétursson sem gerði mósaíkskreytingar úr íslensku grjóti og Gunnlaugur Scheving sem lagði til fjögur stór olíumálverk (Veggskreytingar Schevings og Valtýs í kennaraskóla, 1966).



Mynd 5: Linda Erlendsdóttir afgreiðir lánþega í safninu í Kletti. Ljósmynd: Skjalasafn HÍ



Mynd 6: Kristín Gústafsdóttir og Þórhildur S. Sigurðardóttir í safninu í Kletti. Ljósmynd: Skjalasafn HÍ

Það sýnir velvilja stjórnenda KHÍ gagnvart bókasafninu og einnig að safnið hafði hæfan stjórnanda, að í bæði skiptin sem byggðar voru nýbyggingar í Stakkahlíðinni, var það bókasafnið sem flutti fyrst inn í nýtt sérhannað húsnæði. Safnið flutti á aðra hæð í Kletti 1984 og var þar þangað til það flutti sem hluti af Menntasmiðju í Hamar síðla árs 2002, safnið á jarðhæð sem kölluð er Hylur og smiðjan á fyrstu hæð. Í Hamri var bókasafnið miðpunktur hússins og blasti við frá öllum hæðum úr miðrými þar sem opið var niður í Hylinn. Í Hylnum sem er um 1000 m², var góð vinnuaðstaða, lokuð les- og hópvinnuherbergi, hópinnuaðstaða í opnu rými og lesborð fyrir einstaklinga, auk aðstöðu til að hitta mann og annan.

Þegar Hamar var byggður var haldin samkeppni um myndskreytingar og var það tillaga hollenska listamannsins Kees Visser sem varð hlutskörpust (Notar sólarljósið í verkum sínum, 2000). Verkin eru tvö og hafa sett sterkan svip á rými bókasafnsins. Annars vegar lituð gler í miðrými hússins, þar sem leikið er með liti og síbreytilega birtu og hins vegar flísalagður burðarveggur sem gengur í gegnum miðrými safnsins. Í samningi menntamálaráðuneytis (2000) við listamanninn, útskýrir hann flísalagða vegginn þannig að bókasafnið sé „teiknað/hugsað sem einskonar sökkull byggingarinnar sem annað hvílir á“. Á sama hátt og byggingin stendur á grágrýtisklökk, eru á veggnum grágrýtisflísar sem smám saman víkja fyrir himinbláum flísum þegar ofar dregur. Veggurinn hefur verið verðug táknmynd fyrir starfsemi bókasafnsins sem varðveitti grunn þeirrar þekkingar sem starfsemi skólans snerist um og dreifði henni síðan upp á efri hæðir hússins. Verk þessi hafa bæði sett sterkan svip á Hamar og verið mikið notuð í útgáfu- og auglýsingaefni bæði bóksafns og Menntavísindasviðs.

Árið 2009 opnaði ritver í húsakynnum safnsins, þar sem boðið var upp á aðstoð við fræðileg skrif fyrir nemendur og starfsfólk. Ritverið heyrði þó ekki undir bókasafnið. Á síðustu árum hefur í húsnæði bókasafnsins einnig verið boðið upp á sálfræðiþjónustu fyrir nemendur og námsráðgjöf.



Mynd 7: Anna Jóna Lýðsdóttir afgreiðir í Hylnum. Ljósmynd: Gunnhildur K. Björnsdóttir



Mynd 8: Hylurinn. Ljósmynd: Gunnhildur K. Björnsdóttir

Safnkostur

Aðfangastefna safnsins hefur miðað að því að byggja upp safnkost á skipulegan hátt í þágu náms, kennslu og rannsókna og þaulsafna öllu íslensku efni um menntamál að íslenskum kennslubókum meðtöldum. Í safndeildinni Birtingaholti hafa verið varðveitt rit um íslensk uppeldis- og menntamál, m.a. doktorsverkefni, skýrslur og fræðirit um skólamál auk námskráa og annars stjórnsýsluefnis.

Safnkosturinn samanstóð af innlendum og erlendum fræðiritum, kennslubókum og handbókum auk tímarita, lokaverkefna og barnabóka svo nokkuð sé nefnt. Rafrænt efni hefur smám saman verið að taka yfirhöndina en nýlegt og nýtt efni er að mestu rafrænt.


Hluti bókasafnsins var og verður sérstakt kennslugagnasafn með öllu námsefni fyrir leik- og grunnskóla, upphaflega frá Kennslumiðstöð. Auk kennslubóka eru þar einnig námsspil og leikir. Kennslugagnasafnið er ætlað kennaranemendum til að kynna sér námsefni í undirbúningi fyrir vettvangsnám. Safnið varðveitir einnig eldra námsefni, útgefið af Ríkisútgáfu námsbóka, Námsgagnastofnun og Menntamálastofnun, ásamt efni frá öðrum útgefendum. Markmiðið er að gera allt íslenskt kennsluefni grunnskóla aðgengilegt á einum stað. Í safninu í Hylnum var einnig standandi sýning á því kennsluefni sem var í notkun í grunnskólum landsins á hverjum tíma.

Auk fyrrnefndra stórgjafa Steingríms og Guðmundar, hefur safninu í gegnum tíðina, borist stuðningur og gjafir frá ýmsum velunnurum sem tengsl hafa átt við skólann og erfingjum þeirra. Þá hafa Danir styrkt safnið myndarlega til kaupa á dönsku efni (Kristín Indriðadóttir, 1997).

Þjónusta við notendur

Bókasafn MVS var sérhæft safn á sviði uppeldis, kennslu, umönnunar og þjálfunar. Helstu viðfangsefnin voru að veita faglega þjónustu, byggja upp vandaðan safnkost og sjá um kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi. Safnið var nemendum miðstöð þekkingar, lærdómssetur, upplýsingamiðstöð og griðastaður. Þangað komu nemendur til að læra, vinna saman, spjalla, leggja sig í slökunarhorninu eða jafnvel slappa af í sófanum.

Safnið þjónaði einkum nemendum og starfsliði skólans og síðar Háskóla Íslands (HÍ) auk annarra þeirra sem þangað áttu erindi. Áhersla var ætíð lögð á persónulega þjónustu og leiðsögn bæði á staðnum og fyrir þá sem fjær voru.



Mynd 9: Slappað af. Ljósmynd: Gunnhildur K. Björnsdóttir



Mynd 10: Nemendur við vinnu. Ljósmynd: Gunnhildur K. Björnsdóttir

Bókasafnið átti ætíð góð samskipti við kennara skólans. Þeir völdu efni í safnið og öll notendafræðsla var skipulögð í samvinnu við þá, en skipuleg fræðsla hefur verið í boði fyrir nemendur allt frá árinu 1974 (Kristín Indriðadóttir, 1997). Markmið notendafræðslunnar hefur einkum verið að móta jákvætt viðhorf til bókasafnsins, gera nemendur sjálfbjarga við upplýsingaöflun, læra að leggja mat á upplýsingar og efla sjálfstæð vinnubrögð.

Í Kennaraháskólanum var snemma farið að leggja ríka áherslu á að byggja upp fjarnám sem varð mikið sótt, ekki bara af þeim sem áttu langt að sækja, heldur einnig sem heppilegur valkostur fyrir alla óháð búsetu. „Eitt af meginverkefnum Menntasmiðju þegar hún var og hét, var að styðja þróun fjarnáms og fjarkennslu við skólann og safnið setti sér frá upphafi að bjóða fjarnemum þjónustu sem væri ekki síðri en staðnemar fengu.“ (Kristín Indriðadóttir og Þórhildur Sigurðardóttir, 2006).



Mynd 11: Nemandi við lestur. Ljósmynd: Gunnhildur K. Björnsdóttir

Þjónusta við notendur er eitt mikilvægasta hlutverk hvers bókasafns. Til að öðlast betri skilning á gagnsemi starfseminnar, notkun og þörfum nemenda, hefur verið leitað fleiri leiða en einungis að skoða tölfræði í bókasafnskerfinu.

Kristína Benedíktz (2014) skoðaði safnnotkun nemenda skólaárið 2012-2013 með það að markmiði að kanna hvort tengsl væru á milli einkunna og þess að fá lánað efni á safninu. Niðurstöðurnar gáfu til kynna jákvæða fylgni á milli bókasafnsnotkunar og einkunna. Þá vakti einnig athygli að nemendur í grunnnámi fengu meira lánað en meistaranemar. Í framhaldinu vöknúðu ýmsar spurningar varðandi heimildanotkun eins og hvort aðgangur að rafrænu efni hefði áhrif á hefðbundna bóksafnsnotkun nemenda. Farið var yfir meistaraprófsritgerðir frá 2015 til að skoða heimildanotkun samanborið við útlán. Niðurstöður sýndu að bækur voru mest notuðu heimildirnar og í ljós kom að þeir sem fengu flestar bækur lánaðar voru einnig duglegri að nota rafrænt efni (Gunnhildur Björnsdóttir, 2020).


Eyrún Sigurðardóttir (2016) meistaranemi í bókasafns- og upplýsingafræði gerði þjónustukönnun fyrir safnið árið 2013. Niðurstöðurnar voru þær að almennt væru „notendur safnsins ánægðir með þjónustu þess. Mest var ánægjan með upplýsingaþjónustu og viðmót starfsfólks og safnkost en minnst með aðstöðuna á safninu.“ Í framhaldinu voru reglulega lagðar fyrir styttri kannanir í svipuðum anda allt fram að Covid-tímanum árið 2020.

Á Covid-tímanum fylgdi safnið fyrirmælum um lokanir. Þegar safnið var lokað var starfsmönnum skipt í tvo hópa, annar var á staðnum en hinn vann heima. Ætíð gátu nemendur og

aðrir viðskiptavinir leitað aðstoðar í síma, tölvupósti eða í gegnum Facebook-síðu safnsins. Nemendur sendu beiðnir um að fá ákveðnar bækur lánaðar og fengu þær síðan afhentar út um kjallarahurð safnsins. Kaflar úr bókum og tímaritsgreinar voru skannaðar og sendar viðkomandi í tölvupósti. Bókasafnið var opið allan tímann fyrir innanhússstarfsmenn.

Viðburðir og sýningar

Húsnæði safnsins í Hamri var oft nýtt fyrir ýmis konar móttökur og menningarviðburði, enda vel til þess fallið. Stundum var boðið upp á viðburði í hádeginu undir heitinu *Hádeggi í Hylnum* og einnig settar upp fjölbreyttar sýningar. Auk fastrar námsgagnasýningar í samvinnu við Námsgagnastofnun, síðar Menntamálastofnun, voru reglulega settar upp sýningar með efni á ákveðnum fagsviðum og oft í tengslum við ákveðin námskeið. Í sýningarskápum safnsins hafa verið settar upp margvíslegar sýningar, svo sem á gömlum bókum og skólahannyrðum. Þá má nefna sýningu sem sett var upp í samvinnu við Borgarsögusafn, á verkum Helgu Á. Þórarinsdóttur handavinnukennara sem hún vann á námsárum sínum við Kennaraskóla Íslands 1961 til 1963. Einnig hafa verið settar upp sýningar á verkum nemenda í listgreinadeildum skólans og ber þar helst að nefna verkefni úr námskeiðinu *Skapandi kennsluhættir fyrir leik- og grunnskóla* en eitt þeirra fékk safnið til eignar og var þar til mikillar prýði síðasta áratuginn í Hylnum. Farandsýningin *Tíðarandinn í teikningum, myndskreytingar í íslenskum námsbókum á 20. öld* stóð síðustu árin á safninu og víðar í húsnæði MVS. Á sýningunni voru frumrit myndverka sem ýmsir listamenn hafa unnið fyrir íslenskar námsbækur. Sýningin var upphaflega samstarfsverkefni Menntamálastofnunar, Bókasafns Kópavogs og Náttúrufræðistofu Kópavogs og hafði síðan 2019 farið víða um landið. Þá var sett upp sýning 2018 á teikningum Þorbjörns Helgasonar í samvinnu við *List án landamæra*, svo dæmi séu tekin.



Mynd 12: Þorbjörn Helgason við verk sín á sýningu *Listar án landamæra*. Ljósmynd: Gunnhildur K. Björnsdóttir

Tæknivæðing

Á safninu var ávallt lögð áhersla á að vera í fararbroddi þegar kom að tækninýjungum. Árið 1981 kom í safnið lesvél fyrir örglærur. Árið 1983 voru gerðar fyrstu áætlanir um tölvunotkun og 1985 var farið að nota tölvur við margvísleg verkefni og skráningarforritið ProCite keypt. Árið 1986 var farið að leita í erlendum gagnasöfnum með beinlínusambandi og var boðið upp á slíkar leitir til 1990 þegar gagnasöfn á geisladiskum tóku við. Árið 1991 tengdist safnið IMBU á Kópaskeri sem gerði það mögulegt að senda tölvupóst. Ári síðar var sett upp bein lína við Reiknistofnun Háskóla Íslands og sex PC-vélar nettengdar í safninu, tvær til leita í Gegni og önnur þeirra með geisladrifi fyrir ERIC gagnasafnið. Sama ár gerðist safnið aðili að Gegni, tölvukerfi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns (Lbs-Hbs). Árið 1996 komst á Internettenging fyrir notendur, fyrst á einni tölvu, síðan annarri (Kristín Indriðadóttir, 1997) og netaðgangur að gagnasöfnum árið 2000.

Skemman, rafrænt varðveislusafn fyrir lokaverkefni, var tekin í notkun 2007 og næstu árin var þar einnig varðveitt ýmis konar efni eftir kennara. Árið 2016 var varðveislusafnið Opin vísindi opnað, ætlað doktorritgerðum og útgefnu efni í opnum aðgangi, frá kennurum skólans. Árið 2020 fékk bókasafnið aðild að *Áttavitum* Lbs-Hbs, síðar *Leiðarvísun* og sama ár tók bókasafnið að sér umsjón með útgáfu tímarita Menntavísindasviðs, *Netlu* og *Tímarits um uppeldi og menntun*. Árið 2022 var svo ár innleiðinga, þá var opnaður nýr vefur safnsins og nýtt bókasafnskerfi fyrir Gegni (Alma) og ný leitargátt, lbs.leitir.is (Primo VE) voru tekin í notkun. Með því voru bókasafnskerfi MVS og Lbs-Hbs kerfislega sameinuð. Sama ár var rannsóknarkerfið IRIS einnig formlega opnað.



Mynd 13: Helgi Sigurbjörnsson sinnir upplýsingaþjónustu. Ljósmynd: Gunnhildur K.



Mynd 14: Margrét Guðmundsdóttir sýnir nemendum kennsluefni. Ljósmynd: Gunnhildur K. Björnsdóttir

Til Þjóðarbókhlöðu

Nýtt tímabil í sögu bókasafnsins hófst með sameiningu þess við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lbs-Hbs) árið 2024.

Við sameiningu Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) og Háskóla Íslands (HÍ) árið 2008, var tekin sú ákvörðun að bókasafn yrði áfram starfrækt í Stakkahlíð svo lengi sem Menntavísindasvið væri staðsett þar. Safnið hefði sér fjárveitingu og heyrði undir stjórn sviðsins. Bókasafnið yrði síðar sameinað Lbs-Hbs þegar sviðið flytti vestur á Háskólasvæðið. Á þeim tímapunkti var gert ráð fyrir flutningum að einungis fáeinum árum liðnum.

Undirbúningur sameiningar

Hefð er fyrir góðu samstarfi meðal hérlandra háskólabókasafna. Við sameiningu KHÍ og HÍ 2008 jókst samstarfið enn fremur, milli bóksafns MVS og Lbs-Hbs. Aðgangur að rafrænu efni á háskólanetinu varð sameiginlegur og söfnin sameinuðust um áskriftir að nokkrum rafrænum gagnasöfnum. Allir nemendur HÍ fengu jafnan aðgang að báðum söfnum og skipulagðri sendingaþjónustu var komið á fót sem gerði að verkum að hægt var að panta bækur á milli safna og skila í hvoru safninu fyrir sig.

Formlegur undirbúningur að sameiningu bókasafns MVS og Lbs-Hbs hófst þó ekki fyrr en í mars 2022 þegar HÍ festi kaup á húsi Hótel Sögu og endanleg ákvörðun var tekin um að MVS flytti þangað. Rektor HÍ og landsbókavörður ákváðu á fundi 4. mars 2022, að skipa starfshóp með fulltrúum safnanna og frá HÍ til að undirbúa sameininguna. Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins var markmiðið að undirbúa sameiningu safnanna, m.a. með því að tryggja samráð, greina kostnað, greina núverandi þjónustu, undirbúa grisjun og gera tímaáætlun.



Mynd 15: Þóra Sif Guðmundsdóttir, Linda Rós Jóhannsdóttir, Tinna Lind Guðjónsdóttir og Helgi Sigurbjörnsson pakka niður fyrir flutninga. Ljósmynd: Gunnhildur K. Björnsdóttir

Starfshópurinn hélt undirbúningsfund 6. apríl 2022. Fyrsti formlegi fundurinn var haldinn 27. apríl 2022 og fundaði hópurinn alls 12 sinnum, til 14. apríl 2023. Hópurinn sendi *Tillögu starfshóps um sameiningu bókasafns Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns*, til Háskólaráðs 3. maí 2023.

Tillagan gerði ráð fyrir að bókasafnið yrði sameinað Lbs-Hbs við flutning MVS í Sögu, sem áætlaður var 1. júlí 2024, með þeim fyrirvara þó að safnið yrði staðsett í Stakkahlíð meðan sviðið væri þar. Í tillögunni var gerð grein fyrir kostnaðaráætlun vegna sameiningar og auknum fjárheimildum til Lbs-Hbs árlega. Starfsfólki bókasafns MVS yrði haldið upplýstu og boðið starf hjá Lbs-Hbs þar sem það héldi sambærilegum launakjörum og réttindum.

Þá var talið mikilvægt að grisja safnkost safnanna beggja til að koma bókasafni MVS fyrir. Gert var ráð fyrir að hefja flutninga í áföngum veturinn 2023 til 2024 og flutningum yrði lokið sumarið eftir. Með sameiningu safnanna yrði lögð áhersla á að tryggja sambærilega eða betri þjónustu í sameinuðu safni. Skilgreind voru þessi meginmarkmið:

- Að tryggja nemendum og starfsfólki MVS sambærilega þjónustu og nú er veitt
- Bætt þjónustustig Lbs-Hbs fyrir alla nemendur og starfsmenn HÍ
- Efla rannsóknarþjónustu háskólabókasafnsins
- Efla kennslu í upplýsingalæsi
- Námsgagna- og barnabókasafn á Sögu, útibú Lbs-Hbs

Í tillögunni var gert ráð fyrir að Lbs-Hbs myndi reka útibúið í Sögu með þjónustu og fastri viðveru, í samræmi við viðmið um starfsemi útibúa í Samstarfs- og þjónustusamningi HÍ og Lbs-Hbs.



Mynd 16: Helgi Sigurbjörnsson og Póra Sif Guðmundsdóttir pakka niður fyrir flutninga. Ljósmynd: Gunnhildur K. Björnsdóttir

Framkvæmd sameiningar

Eins og gefur að skilja var ein stærsta áskorunin varðandi sameininguna, hvernig koma mætti tugþúsundum eintaka frá MVS fyrir í þegar fullum hillum Bókhöðunnar. Grisjun var nauðsynleg, hjá Lbs-Hbs til að koma safnkosti MVS fyrir og hjá MVS til að fækka eintökum og koma í veg fyrir að flutt væri úreft efni og/eða efni sem þegar væri til í Bókhöðunni. Ljóst var að starfsmenn safnanna beggja ættu mikla vinnu fyrir höndum. Ekki einungis þurfti að grisja efni í Þjóðarbókhöðu, heldur einnig að færa það til, jafnvel milli hæða. Haustið 2023 var því auglýst eftir aðstoðarmanni til eins árs, vegna væntanlegra flutninga og Þóra Sif Guðmundsdóttir hóf störf í lok nóvember.

Safnkostur MVS taldi í árslok 2021 um 86 þúsund eintök skráð í Gegni. Vonast var til að fækka mætti eintökum MVS niður í um 50 til 60 þúsund. Allan undirbúningstímann var gert ráð fyrir að hluti af safnkostinum, eða námsgagnasafnið og úrval barnabóka, færi í útibú í Sögu.

Grisjun hjá Menntavísindasviði

Flutningur MVS hefur í raun átt sér langan aðdraganda og starfsmönnum bóksafns verið vel ljóst hvert stefndi. Það má því segja að undirbúningur af hendi safnsins hafi byrjað áður en endanleg ákvörðun um flutninga í Sögu var tekin. Árin fyrir 2022 hafði þegar verið farið yfir stóran hluta safnkostsins og grisjað úr honum. Eintakaeign safnsins 2012 var um 94 þúsund eintök skráð í Gegni, en að auki átti safnið mikið af efni sem ekki var eintakatengt. Í lok árs 2020 voru eintökin komin niður í 90 þúsund þrátt fyrir fjölda nýrra aðfanga á tímabilinu.

Um 20 þúsund eintök voru grisjuð á árunum 2022-2024. Rík áhersla var lögð á að grisja erlend og innlend tímarit, enda mætti nálgast innihald þeirra á öðrum söfnum. Þá var einkum lögð áhersla á grisjun í þeim efnisflokkum þar sem mikið var til af innlendu efni sem einnig væri til í Lbs-Hbs. Minna var grisjað úr kennslufræði, tungumálum og raunvísindum (DDC flokkar 300-600) en yfir þá flokka hafði verið farið á árunum 2015-2018. Ekkert var grisjað af bókum um listir og íþróttir (DDC flokkur 700) því það þótti ekki svara kostnaði.

Við grisjun var gerður listi yfir efni sem ekki hafði verið lánað út síðan 2010. Titlum var síðan flett upp í Gegni og kannað hversu oft ritið hafði verið lánað, hversu mörg eintök væru til, hvort til væru nýrri útgáfur, hvað væri til í Lbs-Hbs eða hvort eitthvað vantaði þar. Íslensk eintök sem uppfylltu ákveðin skilyrði og ekki vantaði í Lbs-Hbs, voru grisjuð. Eldri útgáfur voru oft grisjaðar og eintökum fækkað ef safnið átti fleiri en talið var nauðsyn. Lagt var mat á erlenda titla og stundum leitað álits sérfræðinga. Sígild grundvallarrit voru yfirleitt ekki grisjuð. Við grisjun þurfti oft að treysta á huglægt mat og kom sér þá vel að hafa góða yfirsýn yfir starfsemi safnsins og vera í góðum tengslum við notendur þess.

Fyrir flutninga þurfti að samræma skipti milli safndeilda eins og kostur var. Aðskilja þurfti handbækur og uppfléttirit frá öðrum skammtímalánum, til samræmis við venjur Þjóðabókhöðu.

Grisjun og tilfærslur hjá Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni

Árið 2022 hófst markviss grísjun hjá Lbs-Hbs til að rýma fyrir nýjum safnkosti bókasafns MVS. Árin á undan höfðu þegar hátt í 60 þúsund eintök verið grískuð úr safnkostinum og á tímabilinu 2022-2024 bættust ríflega 60 þúsund eintök við þá tölu. Áhersla var lögð á að grísjá úrelt efni, eldri útgáfur og fækka eintökum. Við grísjun tímarita var lögð áhersla á erlend tímarit, eldri tölublöð og árganga tímarita sem ekki voru lengur í áskrift, og tímarit sem voru orðin aðgengileg í rafrænu formi.

Undirbúningur sameiningar krafðist heilmikilla tilfæringa á safninu. Öll tímarit í sýnishillum og efnisflokkum 000-799 voru færð til. Dagblaðahorn var að sama skapi flutt. Bækur í efnisflokkum 155-699 voru færðar og hluti þeirra á milli hæða. Stór hluti námsritgerða var færður og námsbókasafn var flutt af 4. hæð niður á 3. hæð.

Þessum flutningum fylgdu tilfæringar á hillum og hillumerkingum og uppstokkun á safnkosti náði alla leið í geymslur safnsins, sem voru endurskipulagðar með tilliti til þess að betur mætti nýta pláss.

Tæknileg atriði

Nýtt bókasafnskerfi fyrir Gegni (Alma) var tekið í notkun í byrjun sumars 2022. Við flutning gagna úr gamla Gegni yfir í þann nýja, voru bókasöfn MVS og Lbs-Hbs sett í sama safnakjarna og gengið frá mörgum kerfisstillingum með þeim hætti að þær yrðu sameiginlegar.

Í minnisblaði framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna, dagsettu 28. febrúar 2023 var farið yfir tæknileg atriði sem þyrfti að ganga frá fyrir sameininguna. Þar er rætt um skiptingu safnkosts, safnkóða og safndeildir, endurskoðun starfsmannaheimilda, samræmingu í umsýslu á rafrænu efni, afskriftir og hvort nota ætti kerfiskeyrslur við flutninga (Sveinbjörg Sveinsdóttir, 2023).

Í framhaldinu var í Gegni sett upp ný safndeild í Sögu með tilheyrandi safnakóðum og starfsmannaheimildir endurstilltar í samræmi við það. Ákvörðun var tekin um að flytja safnkostinn handvirkt, en ekki með kerfiskeyrslum. Með þeim hætti mætti yfirfara safnkostinn samhliða talningu á safneign. Að loknum flutningum, þegar allt verður komið á sinn stað, verður því hægt að afskrifa það sem út af stendur og telst glatað. Ákveðið var fara í samræmingarvinnu við rafrænar áskriftir, að flutningum afloknum.

Flutningar frá Stakkahlíð

Með það fyrir augum að raska síður þjónustu safnsins síðasta veturinn í Stakkahlíð, var ákveðið að hefja flutninga safnsins á lítt notuðu efni í geymslum. Þar kenndi ýmissa grasa, til dæmis bókakassar á óvæntum stað. Leitað var ráðgjafar frá skjalasafni HÍ og reyndist sumt af því sem í geymslunum fannst eiga erindi í skjalasafn HÍ og/eða Þjóðskjalasafn.

Lokaverkefni sem voru eldri en frá 1990 voru sent til Þjóðskjalasafns. Árgangar 1990-2006 fóru í Lbs-Hbs og töldu ríflega 3400 verkefni. Pappírseintök lokaverkefna frá árunum 2007-2017 voru flutt í geymslu Lbs-Hbs í Mjódd, en þeim hafði þegar verið gengið frá í fjargeymslu. Til Þjóðskjalasafns fóru að auki verkefni frá KHÍ 1974-1989 og Kennaraskóla Íslands 1965-1973. Sum eldri verkefni höfðu verið skráð í ProCite á sínum tíma, svo gera þurfti nýja lista yfir þau ásamt kennsluréttindaverkefnum (UF) og öukennararéttindaverkefnum. Fyrsta sendingin af lokaverkefnum fór úr húsi 22. febrúar 2024. Næst var almennum ritum og tímaritum pakkað, og fór sú sending í byrjun maí.

Kveðjuhóf var haldið í Hylnum, húsnæði bókasafnsins 8. maí 2024. Þangað var boðið starfsfólki Háskólans, ýmsum velunnurum safnsins og öllum þeim sem unnið höfðu á safninu eftir að það flutti í Hylinn. Gestir voru milli 60 og 70. Bókasafninu var formlega lokað fyrir almenna þjónustu frá og með 15. maí og hófst þá undirbúningur fyrir alvöru.

Til að sinna lokaáfangi flutninga var ráðinn liðsauki frá fyrirtækinu Flutningaþjónustan. Starfsmenn hennar hófu störf í safninu mánudaginn 3. júní og var þá hafist handa við að pakka niður almennum ritum. Sett var upp nokkurs konar færiband þar sem einn límdi kassa, annar setti í kassa, þriðji merkti, fjórði lokaði og fimmti raðaði á bretti. Allir starfsmenn safnsins unnu hörðum höndum með starfsmönnum Flutningaþjónustunnar og einnig fékkst góð hjálp frá öðru starfsfólki MVS. Má segja að þarna hafi skapast sannkölluð vertíðarstemning. Síðan fóru flutningabílar, hver af öðrum vestur í Þjóðarþóklöðu.

Til stóð að húsnæðinu yrði skilað til nýs leigutaka, föstudaginn 21. júní. Gerðar voru ráðstafanir í Lbs-Hbs þannig að starfsmenn bókasafns MVS gætu haft þar vinnuaðstöðu, enda þótt þeir væru enn ekki orðnir formlegir starfsmenn. Ekki tókst þó að rýma húsnæði bókasafns MVS fyrir en viku síðar, eða 27. júní.

Formleg sameining átti sér stað að loknu sumarleyfi, 1. ágúst 2024. MVS var áfram starfrækt í Enni og Kletti í Stakkahlíðinni, en þurfti að gefa eftir húsnæðið í Hamri sem leigt var Listaháskóla Íslands. Það gekk því ekki eftir að bókasafnið yrði staðsett í Stakkahlíð svo lengi sem sviðið, eins og til stóð.

Móttaka í Þjóðarbókhöðu

Fyrsta sendingin eftir að flutningar hófust af fullum þunga, 10 bretti komu í hús 4. júní 2024, en alls urðu brettin um 50 með ríflega 3000 kössum. Hvert einasta eintak var skannað inn handvirkt og komið fyrir innan um safnkostinn sem fyrir var. Bókaverðir tóku við brettum, tóku upp úr kössum, skönnuðu, tóku íslenskt efni frá og röðuðu efninu síðan á sinn stað í hillum. Áhersla var lögð á að koma efninu í hillur sem fyrst svo það yrði aðgengilegt. Enn er eftir mikil vinna við að koma efninu betur fyrir og endurmerkja hillur og gafla.

Töluvert ósamræmi var í flokkun efnis á milli safnanna og var ákveðið að meðan á flutningum stæði yrði lítið unnið að samræmingu enda hefði það tafið verkefnið. Það er því ljóst að eftirvinna við samræmingu verður talsverð. Um 5000 eintök af íslensku efni voru tekin til hliðar til að kanna hvort þau væru auka-eintök eða vantaði á varðveislusvið Lbs-Hbs. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki í árslok 2026.

Allt starfsfólk útlánaþjónustu kom að flutningunum og öðrum verkefnum en þeim allra nauðsynlegustu var ýtt til hliðar á meðan. Flutningarnir voru krefjandi fyrir starfsfólk og reyndu á skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum, auk líkamlegrar áreynslu. Starfsfólkið uppfyllti allar þær kröfur sem verkefnið útheimti og lauk því með sóma á styttri tíma en vonir stóðu til.

Alls voru um 50 þúsund eintök tekin inn í Þjóðarbókhöðu, auk tímarita og ritgerða. Eftir stendur um þriðjungur af safnkosti MVS sem bíður nýrra heimkynna í Sögu.



Mynd 17: Væntanlegt húsnæði námsgagnasafns í Sögu. Myndin tekin 16. maí 2025. Ljósmynd: Gunnhildur K. Björnsdóttir

Útibúið í Sögu

Þegar þetta er skrifað er flutningum enn hvergi nærri lokið. Framkvæmdir við Sögu hafa dregist á langinn og húsnæðið verður ekki tilbúið fyrir MVS fyrr en sumarið 2025. Sama gildir um húsnæði fyrir námsgagna- og barnabókasafn sem nú er gert ráð fyrir að verði sett upp í sumar.

Fljótlega í ferlinu var tekin ákvörðun um að útibú með námsgagnasafni í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og úrvali barnabóka, verði staðsett á annarri hæð í Sögu, þar sem áður var Súlnasalur. Þar verði einnig vinnuaðstaða fyrir nemendur. Þá er gert ráð fyrir geymslu í kjallara fyrir eldri námsgögn. Tekin var sú ákvörðun í samvinnu við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, að ekki verði lengur standandi sýning á námsgögnum grunnskóla. Þess í stað verði kynningar á námsefni á vef látnar duga.

Útibúið í Sögu mun heyra undir Lbs-Hbs og verður starfrækt með þjónustu og fastri viðveru. Auk þess geti nemendur komið inn á safnið með lykilkorti utan afgreiðslutíma og að þar verði sjálfsafgreiðsluvél.

Það efni sem verður í Sögu, er varðveitt í geymslu þangað til húsnæðið verður tilbúið. Bóka-kössum, hillum og ýmsum búnaði var fundinn staður í Háskólabíói og bíður þar betri tíma. Safnkostur sem fer í Sögu er:

- Námsgagnasafnið - gamalt og nýtt
- Efni sem var í safndeildinni Birtingaholt
- Valdar barnabækur
- Valdar handbækur
- Gamalt efni og innbundin tímarit

Niðurlag

Bókasafn menntavísinda er ekki lengur sjálfstætt safn en sögu þess má skipta í fjögur tímabil:

- 1908-1972 Bókasafn og -söfn Kennaraskólans
- 1972-2000 Bókasafn Kennaraháskóla Íslands
- 2000-2008 Menntasmiðja Kennaraháskóla Íslands
- 2008-2024 Bókasafn Menntavísindasviðs

Sérfræðisafnið, bókasafn MVS er nú horfið í sinni gömlu mynd og nýtt skeið er runnið upp; menntavísindabókasafn sameinað safnkosti Þjóðarþóklöðu. Allir starfsmenn bókasafns MVS hafa þegið störf í sameinuðu safni; við skráningu, afgreiðslu, notendafræðslu og rannsóknarþjónustu sem er í mótun. Með sameiningu safnanna er lögð áhersla á að tryggja sambærilega og/eða betri þjónustu fyrir nemendur og starfsmenn HÍ.

Sameining safna hefur í för með sér bæði kosti og galla. Gallarnir í þessu tilfelli eru þeir að ekki verða lengur þau nánú tengsl sem bókasafn MVS hafði við sviðið. Persónuleg tengsl við nemendur og kennara hljóta óhjákvæmilega að rofna þegar bókasafnsþjónusta er færð úr miðdepli skólans yfir í annað hús og undir aðra stofnun. Enda þótt MVS verði í Sögu, á næstu grösum, mun sú nánd ásamt þeim óformlegu samskiptum við starfsmenn og nemendur sem við höfum átt að venjast, að miklu leyti heyra sögunni til. Fyrrum starfsmenn bókasafns MVS eru ekki lengur starfsmenn HÍ og verða ekki lengur hluti af samfélagi starfsmanna og taka þátt í haustfögnuðum, fræðsludögum stjórnsýslu, misserisþingum og sviðsþingum svo nokkuð sé nefnt. En sameiningin hefur líka sína kosti. Í fjölmennara safni er stærri hópur með sameiginlega sýn og meiri burði til að skapa samfélag með faglegum skoðanaskiptum, skapandi hugsun og nýsköpun. Stærri vinnustaður auðveldar sérhæfingu og aukin sérfræðiþekking stuðlar að aukinni fagmennsku. Þegar starfsmaður fær tækifæri til að sérhæfa sig á sínu áhugasviði, eykur það starfsánægju sem skilar sér síðan í bættri þjónustu út á við.

Með sameiningu safnanna sitja allir nemendur HÍ við sama borð og fá samræmda þjónustu, til dæmis varðandi notendafræðslu. Safnkosturinn stækkar og er allur á sama stað þar sem hægt er að ganga að honum vísun. Við sameiningar er oft litið til þess að með þeim verði fjárhagslegur sparnaður. Í þessu tilfelli er það fyrst og fremst sparnaður vegna húsnæðis og samlegðar í afgreiðslu þar sem færri þarf, þegar á heildina er litið, til að standa afgreiðsluvaktir.

Það verður áskorun í framhaldinu að viðhalda þeim gamalgrónu tengslum sem safnið hefur átt við MVS og þar geri ég mér vonir um að útibúið í Sögu muni hafa sitt að segja. Jafnframt þarf að auka tengslin við önnur svið Háskóla Íslands svo sem rannsóknastofur, Miðstöð framhaldsnáms og Vísinda- og nýsköpunarsvið. Á næstu árum mun sameinað safn hafa burði til að verða sterkara sem ein heild og leggja áherslu á að efla þjónustu og fræðslu til nemenda og rannsækenda, auk þess að gera þjónustu safnsins sýnilegri. Háskóli Íslands stefnir að því að vera í fremstu röð meðal háskóla, og einn liður í því er að nemendur og kennarar hafi aðgang að fyrsta flokks bókasafnsþjónustu.

Það verður spennandi að sjá hvernig til tekst með nýtt húsnæði Menntavísindasviðs í Sögu. Allt bendir til að vel sé vandað til verka og enn sem fyrr, fær bókasafnið eða útibúið sem þar verður staðsett, úthlutað verðugu húsnæði og nú í fyrrum Súlnasal. Margur hefur átt þar góðar stundir og svo verður vonandi áfram þótt dagskráin verði með nýju sniði.

Heimildir

Ákæra menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og stjórnvöld: Mótmæla vinnuáðstöðu, húsnæðis- og kennaraskorti. (1979, 6. febrúar). *Morgunblaðið*, bls. 18-19. <https://timarit.is/page/1509316?iabr=on#page/n17/mode/2up/search/skili%C3%Bo%2ob%C3%B3ka-ver%C3%Boinum>

Ásta Kristjánsdóttir. (1969, 6. maí). Kennaraskóli Íslands: Tæknafræðingur nútíma byggingalistar. *Morgunblaðið*, bls. 24. <https://timarit.is/page/1402418#page/n23/mode/2up>

Erindisbréf starfshóps um fyrirhugaða sameiningu bókasafns Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns (2022). Óútgefin gögn.

Eyrún Sigurðardóttir og Ágústa Pálsdóttir. (2016). Bókasafn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands: Þjónustukönnun. *Bókasafnið*, 40(1), 10-15. <https://timarit.is/page/6781658?iabr=on#page/n13/mode/2up/search/%22b%C3%B3kasafn%20menntav%C3%ADsindasvi%C3%Bos%22>

Fyrsti október. (1908). *Skólablaðið*, 2(18), 72. <https://timarit.is/page/2339003?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/kennarask%C3%B3li>

Gunnhildur Björnsdóttir. (2020). Hvernig - hvaða - hvaðan?: Heimildanotkun í meistaraþrófs-ritgerðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands árið 2015. *Bókasafnið*, 43(1), 4-11. <https://timarit.is/page/7279714#page/n9/mode/2up>

Ingvar Gíslason. (1982, 3. júlí). Fyrsti kennaraskóli landsins. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 2. <https://timarit.is/page/3302300?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/kennarask%C3%B3li%20flensborg>

Kennaraskólinn (1908). *Skólablaðið*, 2(17), 67-68. <https://timarit.is/page/2338999?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/kennarask%C3%B3li>

Kristín Indriðadóttir. (1997). Bókasafn Kennaraháskóla Íslands. Í Guðrún Pálsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir (ritstj.), *Sál aldanna: Íslensk bókasöfn í fortíð og nútíð* (bls. 139-154). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Kristín Indriðadóttir og Þórhildur Sigurðardóttir. (2006). Menntasmiðja Kennaraháskóla Íslands: Menningarmiðja og miðstöð upplýsinga og tækni *Bókasafnið*, 31(3), 3-7.

Kristína Benedíks. (2014). Útlán háskólanema og tengsl við námsgengi. *Bókasafnið*, 38(1), 33-38. <https://timarit.is/page/6338250?iabr=on#page/n37/mode/2up/search/%22krist%C3%ADna%20benedikz%22>

Menntamálaráðuneytið. (2000). [Samningur]. Óútgefin gögn.

Notar sólarljósið í verkum sínum (2000, 29. júlí). *Morgunblaðið*, bls. 30. https://timarit.is/page/1974356?iabr=on#page/n30/mode/2up/search/kees%20visser%20kennaah%C3%A1sk%C3%B3li%20skreyting*

Samstarfs- og þjónustusamningur Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns (2022). Óútgefin gögn.

Svanhildur Kaaber, Heiðrún Kristjánsdóttir, Helgi Skúli Kjartansson, Kristín Indriðadóttir, Ólöf Garðarsdóttir, Sigríður Pétursdóttir og Kennaraháskóli Íslands (ritstj.). (2008). *Aldarspe-gill : Kennaraskóli Íslands / kennaraháskóli Íslands 1908-2008*. Kennaraháskóli Íslands.

Sveinbjörg Sveinsdóttir. (2023). Minnisblað um sameiningu bókasafns Menntavísindas við Lbs-Hbs. Óútgefin gögn.

Tillaga starfshóps um sameiningu bókasafns Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. (2023). Óútgefin gögn.

Veggskreytingar Schevings og Valtýs í Kennaraskóla. (1966, 19. mars). *Þjóðviljinn*, bls. [4]. <https://timarit.is/page/2809389#page/n9/mode/2up>

Aðrar heimildir

Ársskýrslur bókasafns Kennaraháskóla Íslands og bókasafns Menntavísindasviðs.

Vefstefnur og vægi þeirra fyrir vefstjóra

Höfundur: Harpa Dögg Kristinsdóttir

Inngangur

Grein þessi er unnin upp úr meistararitgerðinni *Vefstefnur og vægi þeirra fyrir vefstjóra* sem skrifuð var haustið 2024. Leiðbeinandi var Sigurbjörg Jóhannesdóttir. Eftir að hafa starfað sem vefstjóri til fjölda ára þekkir höfundur ágætlega til vefmála og hvað virkar, hvað ekki og hvað vantar. Þegar kemur að vefmálum hefur oft vantað skýrari ramma, skipulag og stefnu um vefmál almennt. Í meistaránámi sínu í upplýsingafræði kynntist höfundur mikilvægi stefna og stefnumótunar innan skipulagsheilda og þannig kviknaði áhuginn á að rannsaka vægi þess að vefstefnur væru til staðar fyrir vefstjóra og umsjónarfólk vefja.

Í þeim öru tæknibreytingum sem marka fjórðu iðnbyltinguna, þar sem veraldarvefurinn ein-kennist af gríðarlegum hraða, sífelldri þróun og stanslausu streymi upplýsinga, standa vefstjórar og umsjónarfólk vefja frammi fyrir stöðugum áskorunum. Í síbreytilegu landslagi stafrænnar tækni er nauðsynlegt fyrir fagfólk á þessu sviði að vera sífellt vakandi fyrir nýjungum og tilbúið að bregðast við breyttum aðstæðum. Fyrir vandaða meðferð og miðlun upplýsinga á vef gæti verið gagnlegt fyrir skipulagsheildir og vefstjóra að hafa leiðbeinandi reglur um vefinn og skýr markmið sem hvetja til samræmdra vinnubragða. Þegar kemur að umsjón og rekstri á vefjum mætti því vera til staðar vefstefna, efnisstefna og jafnframt samfélagsmiðlastefna ef um notkun á þeim miðlum er að ræða (Sigurjón Ólafsson, 2015).

Vefstefna endurspeglar hugmyndafræði skipulagsheildar, hagsmuni vefsins og eiganda hans (Sigurjón Ólafsson, 2015). Með það í huga var markmið þessarar rannsóknar að kanna áhrif þess fyrir vefstjóra að hafa vefstefnu, skoða hvernig vefstjórar nýta hana og hvað stefnan þarf að innihalda til að stuðla að gæðum vefs og góðri notendaupplifun. Að auki er aðkoma og ábyrgð hins opinbera í vefstefnumótun könnuð og rannsóknin því afmörkuð við opinbera vefi.

Aðferðafræði og framkvæmd rannsóknar

Rannsóknin var unnin með eigindlegri aðferðafræði þar sem tekin voru þrjú djúpvíðtöl með opnum og hálfopnum spurningum (Hennink o.fl., 2020). Viðmælendur voru allir vefstjórar eða umsjónarfólk vefja hjá mismunandi opinberum stofnunum. Hópur vefstjóra á Íslandi er ekki stór og úrtak vefstjóra hjá opinberum stofnunum enn minna. Alls samþykktu þrír þátttöku í rannsókninni. Þýði rannsóknarinnar var því lítið en viðtölin gáfu góða mynd af stöðunni eins og hún er hjá viðkomandi stofnunum. Viðtölin fóru fram á þriggja mánaða tímabili, frá september til nóvember 2023. Fyrir viðtölin kynnti rannsakandi sér vel vefsíður skipulagsheildanna og skoðaði sérstaklega hvort þar væri að finna vefstefnur eða sambærileg gögn. Þær upplýsingar nýttust bæði í sjálfum viðtölunum sem og við úrvinnslu þeirra. Gagnaöflun fór fram með

einstaklingsviðtölum en einnig með rýni á vefstefnur viðkomandi stofnana, vefstefnu Stjórnarráðs Íslands og sambærilegu efni á Ísland.is.

Fræðilegur bakgrunnur

Upplýsingar er hugtak sem er mikið notað nú til dags enda upplýsingar alltumlykjandi í nútímasamfélögum. Samkvæmt William J. Martin (2017) mætti segja að upplýsingar séu nauðsynleg lífæð tæknivæddra samfélaga, enda mikilvægar í samskiptum fólks, umhverfis og kerfa. Með stafrænni þróun hefur orðið til mikilvægt samspil upplýsinga, tækni og samfélaga þar sem hugtök eins og *upplýsingalæsi* hafa þróast. Á vef *Upplýsingar* (e.d.), fagfélags upplýsingafræðinga, segir að upplýsingalæsi sé forsenda þess að geta tekið fullan þátt í upplýsingaþjóðfélagi. Upplýsingalæsi er getan til að greina hvenær upplýsinga er þörf og hæfileikinn til að finna, meta og nota upplýsingarnar á skilvirkan hátt (American Library Association, 2000). Með framþróun í tækni hafa ný hugtök á borð við *stafrænt læsi*, *vef-*, *miðla-* og *tæknilæsi* rutt sér til rúms. Öll eiga þau það sameiginlegt að vísa til þess að einstaklingur sé læs á nútímasamskipti í tölvu- og tæknivæddum heimi (Baldur Sigurðsson, 2023; Caulfield, 2017; Hovious, 2014). Þegar nýir samskiptamiðlar verða til, dreifast upplýsingar með allt öðrum hætti en áður, upplýsingar koma úr ýmsum áttum og fólk getur átt erfitt með að þekkja rétt frá röngu. Þá getur auðveldlega orðið til það sem kallað er *upplýsingaóreiða*. Hraðinn er mikill, upplýsingar koma og fara og því oft erfitt að greina uppruna þeirra eða sanngildi (Jón Gunnar Ólafsson, 2022).

Internetið er vettvangur fyrir margs konar samskipti, upplýsingasamfélög og upplýsingaleitir (Pursel, 2005). Tim Berners-Lee, upphafsmaður veraldarvefsins, vildi að allir hefðu frjálsan aðgang að vefnum og að til staðar væru reglur til að tryggja öryggi og réttmæti upplýsinga (Berners Lee, 2019). Samkvæmt stafræna sérfræðingnum Paul Boag (2010) er lykillinn að velgengni vefja að til staðar sé eigandi og umsjónaraðili vefs. Vefstjóri þarf að búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu og hæfileikum til mannlegra samskipta, enda með marga hatta og ýmis hlutverk (Sigujón Ólafsson, 2015). Hlutverki vefstjóra svipar til hliðvarða upplýsinga, sem ákvarða hvaða upplýsingum er hleypt í gegn og hverjum ekki. Hliðverðir stjórna upplýsingaflæði með því að sía út nauðsynlegar upplýsingar og tengja saman aðila og efni (DeIuliis, 2015; Lu, 2007). Þetta endurspeglar vel meginverkefni vefstjóra í starfi sínu.

Vefstefnur og stafræn þjónusta

Hugtakið *stjórnkerfi upplýsinga* (e. *information governance*) hefur þróast sem regnhlífarhugtak yfir hvernig skipulagsheildir stjórna upplýsingum, gögnum og framfylgja reglum til að tryggja skilvirkni (Brooks, 2019; Hagmann, 2013). Undir þetta falla meðal annars stefnur, staðlar og verklag.

Stefnumótun er ferli sem miðar að því að meta stöðu, setja framtíðarsýn og velja bestu leiðina að henni (Stjórnarráð Íslands, 2017). Stefnumótun getur skipt sköpum í rekstri skipulagsheilda og geta

stutt við þær miklu breytingar sem eru tilkomnar meðal annars vegna stafrænnar þróunar (Ingi Rúnar Eðvarðsson o.fl., 2011). Stefnur gefa vísbendingu um fyrirtækjamenningu, vellíðan á vinnustað og viðhorf stjórnenda til viðfangsefnisins. Markmið stefnumörkunar ætti að vera að styðja við að viðfangsefni þeirra virki vel. Séu reglur og markmið ekki skrifuð niður á markvissan máta, er hætt á að erfiðlega gangi að fylgja þeim eftir (Eisen, 2020). Árið 2021 var stigið mikilvægt skref þegar opinber stefna um stafræna þjónustu var kynnt (Ísland.is, 2021). Samkvæmt upplýsingum á vef Stjórnarráðs Íslands (2021b) er þessari stefnu ætlað tvíþætt hlutverk; annars vegar á hún að vera leiðarljós í stefnumótun á sviði stafrænnar þjónustu, og hins vegar að vera undirstaða annarra opinberra stefna. Þá var ný heildstæð upplýsingastefna stjórnvalda gefin út árið 2022. Markmið upplýsingastefnunnar eru þrjú; gagnsæi í störfum stjórnvalda, öflug miðlun upplýsinga og greiður aðgangur að upplýsingum. Fram kemur að með traustri og vandaðri upplýsingamiðlun leggi stjórnvöld sitt af mörkum gegn upplýsingaóreiðu (Stjórnarráð Íslands, 2022). Einnig ber skipulagsheildum að fylgja ýmsum lögum og reglum í starfsemi sinni. Má þar nefna lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (nr. 90/2018) og WCAG-aðgengisstaðla sem fjalla um jafnt aðgengi allra að vef, óháð líkamlegum takmörkunum eða tækjabúnaði. Þó að WCAG-staðlar séu ekki lögbundnir á Íslandi (Ísland.is, e.d.-a) mætti telja það siðferðilega skyldu skipulagsheilda að framfylgja þeim.

Vefstefna er verklagsregla vefsins og grunnur að góðum vef. Góð vefstefna byggir á rannsóknnum og þarfagreiningum og ætti að tiltaka hlutverk vefsins, tilgang, markmið og markhópa (Sigurjón Ólafsson, 2015, 2017). Vefstefna getur haft veruleg áhrif á viðhald og bestun vefja, eins og Boag (2010) og Siegel (2013) benda á. Vefstefna sem einnig inniheldur umfjöllun um efni á vef eða efnisstefnu, gerir vefstjórum kleift að vinna með innihald vefsíðunnar á stefnumótandi hátt því efnisstefna er mikilvægur þáttur sem snýr að skipulagi efnis á vef, birtingu þess og stjórnun. Í efnisstefnu Ísland.is (e.d.-b) er fjallað um þrjú meginskilyrði sem góður upplýsingavefur þurfi að uppfylla; að réttar upplýsingar séu á vefnum, að fólk finni þær og að fólk skilji þær. Vefstefna getur þannig auðveldað vefstjórum og öðru umsjónarfólki vefja að vinna störf sín og styrkt stöðir skipulagsheilda í stafrænni þróun (Sigurjón Ólafsson, 2014). Við gerð vefstefnu er nauðsynlegt að hafa stuðning stjórnenda og samráð við hagaðila.

Stafræn þróun á Íslandi

Íslenska ríkið hefur lagt mikla áherslu á það síðastliðin ár að hraða stafrænni þróun á Íslandi. Þessi áhersla hins opinbera á stafvæðingu og stafræna umbreytingu er aðallega tilkomin vegna samfélagslegrar kröfu um að geta nálgast þjónustu hvar og hvenær sem er. Í stefnu Íslands um gervigreind kemur fram að „[m]ikilvægt er að stjórnvöld veiti gott fordæmi og hvatningu og slái til dæmis ekki af í kröfum til öryggismála við nýtingu gervigreindar í opinberri þjónustu. Þetta á til dæmis við um ákvarðanir um vistun gagna og öryggisflokkun sem taka þarf afstöðu til“ (Stjórnarráð Íslands, 2021a). Það er ljóst að hið opinbera hefur sýnt vilja til að vera leiðandi og sýna fordæmi í málum er snúa að stafrænni þróun. Að einhverju leyti er hið opinbera nú þegar í fararbroddi þegar kemur að veftengdum stafrænum málefnum, meðal annars með útgáfu á

stafrænni stefnu um opinbera þjónustu og Stafrænt Ísland verkefninu sem Ísland.is er ábyrgt fyrir.


Ísland.is er upplýsinga- og þjónustuveita opinberra aðila á Íslandi sem vinnur meðal annars að því að aðstoða opinberar stofnanir við að bæta stafræna þjónustu við almenning. Þegar það verkefni fór af stað árið 2018 var markmiðið meðal annars að sameina vefsíður mismunandi stofnana og *Mínar síður* smám saman inn á Ísland.is. Stofnunum stendur til boða að flytja allt vefsvæði sitt og gerast hluti af Ísland.is. Ísland.is sér meðal annars um hönnun, þróun og daglegan rekstur vefsins og aðstoðar vefstjóra stofnana við framsetningu og uppfærslu efnis (Ísland.is, e.d.-c; Ísland.is, 2020).

Leitin að kjarnanum

Í rannsókninni leitaðist höfundur við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Hvaða vægi hefur vefstefna fyrir vefstjóra og hvernig nota vefstjórar vefstefnur sinna stofnana?
- Hvaða þætti þarf að hafa í huga við gerð vefstefnu og hvað þarf hún að innihalda til að geta bætt vef og upplifun vefnotanda?
- Hver er aðkoma og ábyrgð hins opinbera í vefstefnumótun?

Við úrvinnslu viðtalanna var stuðst við grundaða kenningu sem er aðferð innan eigindlegra rannsókna þar sem leitast er við að koma auga á og flokka þætti og sjá tengsl við aðra þætti (Sigríður Halldórsdóttir, 2021). Hluti af greiningaraðferð grundaðrar kenningar er opin kóðun þar sem gögnin eru bútuð niður og þau sett saman á ný. Með ítarlegri yfirferð á gögnunum er reynt að finna mynstur og merkingu. Rannsakandi nær þannig að koma skipulagi á gögnin og kóða þau, fyrst með opinni kóðun og síðar markvissri, þar sem orð og hugmyndir eru sett í samhengi og loks dregin saman í þemu og jafnvel undirþemu. Út frá þessum þemu eru niðurstöður rannsóknarinnar unnar (Hennink o.fl., 2020). Eftir ítarlega yfirferð og kóðun á efni og innihaldi viðtalanna með rannsóknarspurningarnar í huga, urðu til fjögur þemu ásamt níu undirþemum. Mynd 1 sýnir þemu og undirþemu sem komu í ljós við greiningu gagnanna.



Mynd 1 : Þemu og undirþemu sem komu í ljós við greiningu gagnanna

Niðurstöður sýndu að vefstjórar með mismunandi bakgrunn og reynslu töldu mikilvægt að afla sér stöðugt þekkingar á sviði vefmála. Einn viðmælandi nefndi að margar stofnanir væru ekki með það sem hann kallaði „nægilega faglega vefstjórn“: „Það er bara oft þannig að fólk hefur fengið vefinn í hendurnar af því að það var eitthvað pínulítið klárt í tæknimálum og síðan hefur það bætt við sig.“

Samkvæmt Paul Boag (2010) er lykillinn að velgengni vefja að til staðar sé eigandi og umsjónaraðili vefs. Samskipti og samstarf við aðra vefstjóra reynist nauðsynlegt, sem og hæfni í mannlegum samskiptum. Vefstjórar eru oft hliðverðir upplýsinga innan stofnana sinna (Deluliis, 2015; Lu, 2007) og bera ábyrgð á upplýsingaflæði. Þeir horfa gjarnan til annarra vefja sem fyrirmynda, sérstaklega hjá sambærilegum stofnunum. Þá er ein stærsta fyrirmyndin í vefmálum W3C-samtökin sem Berners-Lee stofnaði árið 1994, sem teljast helstu alþjóðlegu staðlasamtökin fyrir Internetið (World Wide Web Foundation, e.d.).

Vægi og notkun vefstefnu

Rannsóknin leiddi í ljós að þar sem vefstefna er til staðar, er hún mikilvægt hjálpartæki fyrir vefstjóra. Þeir vefstjórar sem höfðu komið að ritun vefstefnunnar nýttu hana markvisst í sínu starfi, en skilningur á mikilvægi hennar var misjafn milli stofnana. Einn viðmælandi notaði vefstefnu sinnar stofnunar töluvert mikið, sérstaklega til að vísa í ef eitthvað féll ekki að vefstefnu stofnunarinnar og sem stuðningstæki til að „stoppa af spontant hugmyndir“. Annar viðmælandi talaði sérstaklega um að vefstefna væri leiðarljós í þeirra vinnu. Hún getur einnig nýst sem verkfæri til að fá stuðning stjórnenda, en samkvæmt rannsókninni skiptir viðhorf stjórnenda til vefmála meira máli en staðsetning vefstjóra í skipuriti.

Kostnaður var stór þáttur sem allir viðmælendur nefndu, hvort sem það varðaði rekstur vefs, starfsmannahald eða almenna fjárveitingu til vefmála. Skortur á fjármagni var oft stærsta hindrunin í framþróun vefja. Fagleg nálgun við vefmál krefst fjárfestingar, en vel unnin vefstefna getur stutt við fjárhagslegan ávinning til lengri tíma eins og kemur fram hjá Sigurjóni Ólafssyni (2019), sérfræðingi í vefmálum. Stefnumiðuð nálgun í stjórnun upplýsinga reyndist skila árangri þar sem hún var fyrir hendi. Boag (2010) og Siegel (2013) segja að skipulagning vefs sé lykilatriði í velgengni hans og að vefstefna geti haft mikil áhrif á viðhald og bestun vefja. Góð vefstefna byggir á rannsóknum og þarfagreiningum og ætti að tilgreina hlutverk vefsins, tilgang, markmið, markhópa og ábyrgðaraðila (Sigurjón Ólafsson, 2015, 2017). Viðmælendur töldu mikilvægt að vefstefna innihéldi einnig efnisstefnu, leiðbeiningar og verklag. Regluleg endurskoðun vefstefnu er nauðsynleg til að fylgja tækniþróun, sem er einn af þeim þáttum sem Sigurjón Ólafsson (2015) segir að séu mikilvægir í árangursríkri vefstefnu, enda sé hún lifandi gagn.

Berners-Lee (2019) vildi að allir hefðu alltaf frjálsan aðgang að vefnum og það væri í höndum

okkar allra að tryggja það. Niðurstöður sýndu að allir viðmælendur voru sammála um að tryggja þyrfti faglega og áreiðanlega miðlun upplýsinga fyrir notendavænan vef og samfélagsmiðla. Í niðurstöðum kom fram að nauðsynlegt væri að tala um gæði í vefstefnu og samræmist það efnisstefnu Ísland.is (e.d.-b). Allir viðmælendur lögðu áherslu á mikilvægi aðgengismála og vildu uppfylla alþjóðlega WCAG-staðla. Þá voru gæði vefsins og notendaupplifun talin lykilatriði. Þegar rætt var um hvort vefstefna gæti bætt notendaupplifun, taldi einn viðmælandi að vefstefna gæti augljóslega bætt upplifun notenda, sérstaklega ef hún innihéldi ákvæði um reglulegar notendaprófanir. Annar viðmælandi tók undir þetta og benti á að með því einu að skilgreina notendamiðaða nálgun í vefstefnunni mætti ná fram betri notendaupplifun.

Aðkoma hins opinbera

Stafræn þróun hefur haft áhrif á allar stofnanirnar og ein þeirra var þegar farin að nýta gervigreind við efnisvinnslu. Þetta samræmist þeirri þróun sem orðið hefur í hagnýtingu á gervigreind (Garðar Björnsson Rova o.fl., 2024; Brynjólfur Borgar Jónsson, 2023). Viðmælendur voru meðvitaðir um hraða þróun í stafrænum heimi og mikilvægi þess að vefir væru í stöðugri þróun. Þá töldu viðmælendur að hið opinbera bæri ábyrgð á að vera fyrirmynd í vefmálum og leggja línurnar í stefnumótun. Þannig þyrfti hver stofnun ekki að „finna upp hjólið“ og það gæti dregið úr kostnaði stofnana í vefmálum. Einn viðmælandi áleit að með skýrri stefnu frá hinu opinbera væri líkleggra að stofnanir fengju nauðsynlegt svigrúm til að innleiða breytingar og mæta kostnaði sem þeim fylgdi. Þar mætti horfa til stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera (Ísland.is, 2021) og upplýsingastefnu stjórnvalda (Stjórnarráð Íslands, 2022) þar sem fram kemur að stjórnvöld veiti greiðan aðgang að upplýsingum og noti til þess aðferðir sem auðveldi almenningi að finna og nota upplýsingar. Þrátt fyrir að Ísland.is bjóði stofnunum að færa vefi sína þangað, höfðu viðmælendur áhyggjur af því að missa sérstöðu sinna stofnanna og bentu á að einsleitni einkenndi vefi Ísland.is. Viðmælendur nefndu einnig að Ísland.is gæti ekki alltaf uppfyllt kröfur sem stofnanir setja um sína vefi eða efni á þeim.

Samanburður á vefstefnum sýndi að flestar þeirra innihéldu þau atriði sem talið er mikilvægt að séu til staðar, en aðeins tvær þeirra nefndu endurskoðun eða eftirfylgni. Stefna Stjórnarráðsins hafði ekki verið uppfærð í sex ár og aðeins tvær stefnur af þeim opinberu stofnunum sem voru skoðaðar voru aðgengilegar á vef. Ísland.is er ekki með vefstefnu, eða að minnsta kosti ekki aðgengilega á vef sínum. Þar má hins vegar finna efnisstefnu og aðgengisstefnu ásamt fleiri stefnum og leiðbeiningum er snerta vefmál (Ísland.is, e.d.-a, e.d.-b).

Að lokum

Í ljósi stafrænnar þróunar, aukinna framfara í gervigreind og tæknivæðingar, sem eru hluti af fjórðu iðnbyltingunni, eru breytingar óhjákvæmilegar. Skipulagsheildir þurfa að vera á tánum í vefmálum til að halda í við þróunina. Ávinningur rannsóknarinnar felst í að minna skipulags-

heildir, stjórnendur, vefstjóra og aðra hagaðila á mikilvægi árangursríks utanumhalds um vefmál og benda á góðar fyrirmyndir, þar á meðal hið opinbera. Þannig gæti rannsóknin stuðlað að auknum gæðum vefja, bættri notendaupplifun og skilvirkari og öruggari miðlun upplýsinga.

Rannsóknin sýndi fram á vægi vefstefna fyrir vefstjóra, sérstaklega hjá opinberum stofnunum. Niðurstöðurnar benda til þess að vefstefnur séu vanmetnar en mikilvægar leiðbeiningar fyrir vefstjóra og aðra sem koma að vefmálum. Vefstefnur gegna lykilhlutverki í að styðja við vefstjóra, hvetja til fagmennsku, stuðla að gæðum vefja og bættri notendaupplifun. Niðurstöður sýndu að skipulagsheildir hafa mikinn hag af því að beita stefnumiðaðri nálgun við upplýsingastjórnun og að vefstefnur gegna þar þýðingarmiklu hlutverki. Þá kom fram að reglulega þarf að endurskoða vefstefnur til að halda í við tækniþróun og breytingar í stafrænu umhverfi. Árangursríkur vefur einkennist fyrst og fremst af gæðum og góðri notendaupplifun, sérstaklega þegar skýr markmið eru sett fram. Efnisstefna reyndist vera mikilvægur hluti af vefstefnu, enda tryggir hún faglega og áreiðanlega miðlun upplýsinga, sérstaklega í ljósi aukinnar notkunar samfélagsmiðla og vaxandi hættu á upplýsingaóreiðu. Þá voru aðgengismál einnig áberandi í niðurstöðum rannsóknarinnar.

Rannsóknin varpaði einnig ljósi á ábyrgð og aðkomu hins opinbera í vefstefnumótun. Niðurstöður benda til þess að hið opinbera beri ábyrgð á að skapa stefnumarkandi ramma sem styður við stafræna umbreytingu og dregur úr hættu á upplýsingaóreiðu. Með auknum fjölda notenda á vefjum er mikilvægt að vefstjórar og umsjónarfólk vefja byggji upplýsingamiðlun sína á góðum grunnreglum, stöðlum eða stefnum meðal annars til að minnka líkurnar á upplýsingaóreiðu. Rannsóknin gæti þannig hvatt stjórnendur og vefstjóra til frekara utanumhalds og umgjarðar um vefmál, efni á vef og tengdum miðlum.

Framtíðarsýn í vefmálum opinberra stofnana virðist stefna í átt að samræmingu vefja undir Ísland.is. Þessi þróun vekur upp spurningar um framtíðarhlutverk vefstefna og vefstjóra hjá hinu opinbera. Munu vefstefnur verða óþarfar þegar vefir færast undir sameiginlegan vettvang? Mun hlutverk vefstjóra breytast eða jafnvel hverfa? Þessar spurningar hvetja til áframhaldandi rannsókna á þessu sviði. Að lokum má segja að þó að framtíð vefstefna og hlutverk vefstjóra kunni að vera í mótun, sýna niðurstöður þessarar rannsóknar að sem stendur gegna vefstefnur mikilvægu hlutverki í að tryggja gæði vefja, styðja við faglega miðlun upplýsinga og bæta notendaupplifun.

Heimildaskrá

- American Library Association. (2015). *Framework for information literacy for higher education*. The Association of College and Research Libraries. <https://www.ala.org/sites/default/files/acrl/content/issues/infolit/framework1.pdf>
- Baldur Sigurðsson. (2023, 14. febrúar). *Hvað er upplýsingalæsi?* Vísindavefurinn. <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=84664>
- Berners-Lee, T. (2019, 11. mars). *30 years on, what's next #ForTheWeb?* World Wide Web Foundation. <https://webfoundation.org/2019/03/web-birthday-30/>
- Boag, P. (2010). *Website owner's manual. The secret to a successful website*. Manning publications co.
- Brooks, J. (2019). Perspectives on the relationship between records management and information governance. *Records Management Journal*, 29(1/2), 5–17. <https://doi.org/10.1108/RMJ-09-2018-0032>
- Brynjólfur Borgar Jónsson. (2023, 29. maí). I. Generative AI — Spunagreind: Af hverju núna? *Datalab*. <https://datalab.is/generative-ai-spunagreind-af-hverju-nuna/>
- Caulfield, M. (2017). Web literacy for student fact-checkers. *Textbooks*. <https://digitalcommons.liberty.edu/textbooks/5>
- DeJuliis, D. (2015). Gatekeeping theory from social fields to social networks. *Communication Research Trends*, 34(1), 4–23.
- Eisen, L. S. (2020). *How to write rules that people want to follow: A guide to writing respectful policies and directives* (3. útg.). Pixley press.
- Garðar Björnsson Rova, Frosti Ólafsson, Víðir Þór Rúnarsson og Jón Áskell Þorbjarnarson. (2024, 9. febrúar). *Möguleikar spunagreindar á Íslandi*. Viðskiptablaðið. <https://www.vb.is/skodun/moguleikar--spunagreindar-a-islandi/>
- Hagmann, J. (2013). Information governance – beyond the buzz. *Records Management Journal*, 23(3), 228–240. <https://doi.org/10.1108/RMJ-04-2013-0008>
- Hennink, M., Bailey, A. og Hutter, I. (2020). *Qualitative research methods*. SAGE Publications Ltd.
- Hovious, A. (2014, 24. apríl). Digital vs. information literacy [Bloggfærsla]. *Designer Librarian*. <https://designerlibrarian.wordpress.com/2014/04/24/digital-vs-information-literacy/>
- Ingi Rúnar Eðvarðsson, Runólfur Smári Steinþórsson og Helgi Gestsson. (2011). Stefnunótun í íslenskum skipulagsheildum. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 7(1), 73–96. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2011.7.1.5>

- Ísland.is. (e.d.-a). *Aðgengisstefna*. <https://island.is/s/stafrænt-island/adgengismal>
- Ísland.is. (e.d.-b). *Efnisstefna*. <https://island.is/s/stafrænt-island/efnisstefna?slug=stafrænt-island&subSlug=efnisstefna&selectedTab=island-is>
- Ísland.is. (e.d.-c). *Ísland.is*. <https://island.is/s/stafrænt-island/thjonustur/island-is>
- Ísland.is. (2020, september). *Efnisstefna Ísland.is*. <https://island.is/frett/efnisstefna-island-is>
- Ísland.is. (2021). *Stafræn stefna*. <https://island.is/s/stafrænt-island/stafræn-stefna>
- Jón Gunnar Ólafsson. (2022). *Hvað er upplýsingaóreiða? Vísindavefurinn*. <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=83511>
- Lu, Y. (2007). The human in human information acquisition: Understanding gatekeeping and proposing new directions in scholarship. *Library & Information Science Research*, 29(1), 103–123. <https://doi.org/10.1016/j.lisr.2006.10.007>
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018090.html>
- Martin, W. J. (2017). *The global information society*. Routledge: Tylor & Francis group. <https://doi.org/10.4324/9781315239385>
- Pursel, B. (2005). *The Internet*. The Pennsylvania State University: Open Resource Publishing. <https://psu.pb.unizin.org/ist110/chapter/1-3-the-internet/>
- Siegel, B. (2013). A comprehensive website planning guide. Í *Smashing magazine: Creating meaningful websites*. Smashing Media AG. https://books.google.is/books?id=t_r1EeNZSgk-C&lpg=PT3&dq=Creating%20meaningful%20websites&lr&pg=PT19#v=onepage&q=Creating%20meaningful%20websites&f=false
- Pursel, B. (2005). *The Internet*. The Pennsylvania State University: Open Resource Publishing. <https://psu.pb.unizin.org/ist110/chapter/1-3-the-internet/>
- Siegel, B. (2013). A comprehensive website planning guide. Í *Smashing magazine: Creating meaningful websites*. Smashing Media AG. https://books.google.is/books?id=t_r1EeNZSgk-C&lpg=PT3&dq=Creating%20meaningful%20websites&lr&pg=PT19#v=onepage&q=Creating%20meaningful%20websites&f=false
- Sigríður Halldórsdóttir. (2021). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 191–204). Háskólaútgáfan.
- Sigurjón Ólafsson. (2014). *Smíði vefstefnu – mistök og ávinningar*. Funksjón vefráðgjöf. <https://www.funksjon.net/2014/08/smidi-vefstefnu-mistok-og-avinningar/>
- Sigurjón Ólafsson. (2015). *Bókin um vefinn: Sjálfshjálparkver fyrir metnaðarfulla vefstjóra*. Iðnú.

Sigurjón Ólafsson. (2017, 1. ágúst). *Almenn vefráðgjöf*. Funksjón vefráðgjöf. <https://www.funksjon.net/vefradgjof/almenn-vefradgjof/>

Sigurjón Ólafsson. (2019, 21. febrúar). *Hvað einkennir góða vefi 2019?* [Glærur með fyrirlestri hjá Ljósmyndafélagi Íslands]. <https://www.slideshare.net/slideshow/hva-einkennir-ga-vefi-2019/132801150>

Stjórnarráð Íslands. (2017). *Hugtök er varða undirbúning og mótun stefnu*. Stjórnarráð Íslands. <https://www.stjornarradid.is/gogn/stefnur-og-aaetlanir/hugtakalisti/>

Stjórnarráð Íslands. (2021a). *Stefna Íslands um gervigreind*. Forsætisráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/Stefna%20%c3%8dslands%20um%20gervigreind>

Stjórnarráð Íslands. (2021b, 16. apríl). *Stefna um stafræna þjónustu stjórnvalda í samráðsgátt*. Stjórnarráð Íslands. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/04/16/Stefna-um-stafræna-thjonustustjornvalda-i-samradsgatt/>

Stjórnarráð Íslands. (2022). *Upplýsingastefna stjórnvalda*. <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Log-og-rettur/Skjol/Uppl%c3%bdsingastefna%20stj%c3%b3rnvalda.pdf>

Upplýsing. (e.d.). *Upplýsingalæsi*. <https://upplysing.is/upplysingalaesi/>

World Wide Web Foundation. (e.d.). *About us*. <https://webfoundation.org/about/>

Opið rými allra: Hvernig staður er það?

Höfundur: Dögg Sigmarsdóttir

Inngangur

Árið 2021 setti Borgarbókasafnið sér stefnu til þriggja ára sem bar heitið *Opið rými allra*, þar sem félagsleg nýsköpun og lýðræðisþátttaka var höfð að leiðarljósi.



*Mynd 1: Staður til að tengjast á Framtíðarfestivali Borgarbókasafnsins.
Ljósmyndari: Patrik Ontkovic*

Markmið stefnunnar var að auka aðgengi, skapa samfélagsrými sem væri sjálfbært, styrkja samtal við nærsamfélagið og hvetja til þátttöku í mótun dagskrárgerðar safnsins, í þeim tilgangi að það endurspeglaði betur fjölbreytileika samfélagsins. Fjölmörg nýsköpunarverkefni voru þróuð til að styðja við innleiðingu stefnunnar. Verkefnastjórar borgaralegrar þátttöku og fjölmenningar mótuðu aðferðafræði samsköpunar og hönnuðu verkefnaramma sem voru til þess ætlaðir að auðvelda fólki að taka þátt, tengjast og gera bókasafnið að sínum stað. Bókasöfn, rétt eins og aðrar stofnanir, standa frammi fyrir áskorunum sem tengjast sjálfbærri framtíð, tækniþróun og samfélagsbreytingum. Í þessari grein er fjallað um þrjú nýsköpunarverkefni sem ætlað var að stuðla að uppbyggingu Borgarbókasafnsins til framtíðar, í samráði við borgarbúa; *Stofan – A Public Living Room*, *Piknikk* og *Framtíðarfestival*.



Mynd 2: Loftslagskaffi í Stofunni – A Public Living Room.
Ljósmyndari: Martyna Daniel

Bókasafnið sem vettvangur lýðræðis og velsældar

Hvernig lítur sjálfbært samfélagsrými út? Mörg sem starfa á bókasöfnum kannast við hugmyndir um þriðja rýmið, staðinn sem er hvorki heimili þitt, vinnustaður né skóli. Höfundar bóka á borð við *Palaces for the People*² og *3rd4all - How to create a relevant public space*³ hafa vakið athygli á bókasöfnum sem einni tegund samfélagsrýma sem stuðla að velsæld og öryggi íbúa. Bókasöfn séu einn af grundvallar félagslegum innviðum sem lýðræðissamfélög þarfnast. Fjöldi bókasafna um allan heim hefur endurskilgreint sig og farið í endurbætur sem gera þeim kleift að sinna þessu hlutverki betur. Á Norðurlöndunum sjáum við þessa þróun til að mynda á bókasöfnum eins og Dokk1 í Árósum, Deichmann í Osló og Oodi í Helsinki.

Til stendur að endurgera Borgarbókasafnið í Grófinni í sama tilgangi - að skapa stað þar sem hægt er að vera meðal jafningja, þar sem fólk upplifir að það tilheyri samfélaginu og fái tækifæri til að taka virkan þátt í mótun þess. Það er engin ein uppskrift til fyrir slík rými því samfélög eru ólík og þarfirnar fjölbreyttar. Mótun slíkra staða verður því að taka mið af félagslegum þáttum og samsetningu hvers samfélags fyrir sig, ef þeir eiga að hafa vægi og tilgang í sínu nærsamfélagi. Af þessari ástæðu var farið af stað með tvö verkefni sem á hugmyndastigi báru heitin þátttökustofa og borgaratorg sem síðan þróuðust yfir í *Opið samtal* og *Stofuna – A Public Living Room*. Hvort um sig var framkvæmt á þriggja ára tímabili stefnunnar *Opið rými allra*. Sérstakar áherslur voru settar fyrir hvert ár. Markmiðið var að fá notendur með okkur í lið, hvetja til þátttöku í lýðræðissamtölum og að stilla upp tímabundnum frummyndum (e. *prototypes*) af samfélagsrýmum á bókasafninu. Aðgengilegri og grænni útgáfa af Opnu samtali var síðan mótuð í formi *Pikkníkks* árið 2024.

2 Klinenberg, E. (2018). *Palaces for the people : how to build a more equal and united society*. Bodley Head.

3 Vos, A. (2017). *How to create a relevant public space*. nai010 publishers.

Þekkingin sem skapaðist í þessum tilraunaverkefnum lagði grunninn að *Framtíðarfestivali* sem haldið var á bókasafninu í byrjun árs 2025 með aðferðafræði samsköpunar og reynslu af því að skapa nýja staði sem efla tengsl, velsæld og sjálfbærni.



Mynd 3: Stofa – A Public Living Room. Ljósmyndari: Dögg Sigmarsdóttir

Stofan – A Public Living Room: Vísar að sjálfbæru samfélagsrými á bókasafninu

Hvernig lítur staður út sem gefur færi á að hefja samtöl við ókunnuga? Á fyrsta ári Stofunnar var áherslan lögð á að skilja betur samfélagsrými, þessa staði sem hannaðir eru í kringum samtöl og eflingu tengsla. Auglýst var eftir samstarfsaðilum og leitað sérstaklega til þeirra hópa sem nýttu bókasafnið ekki eins oft og aðrir, þ.e. fólk á aldrinum 20-40 ára sem nýlokið höfðu námi, vantaði stað til að þróa hugmyndir, höfðu áhuga á félagslegri nýsköpun og vildu stuðla að inngildingu sem rannsakendur og/eða skapandi aðilar. Öll fengu greitt fyrir sitt framlag og þátttöku í tveimur hugarflugsfundum með öllum samstarfsaðilum. Þar var rýnt í eðli og lykilþætti sem nýst gætu bókasöfnum í að þróast sem sjálfbært samfélagsrými. Hver og einn samstarfsaðili setti upp sína eigin Stofu sem opin var í eina viku. Við opnun rýmisins hófst samtal sem var skrásett, og í sumum tilfellum tekið upp og ómaði í rýminu í þann tíma sem það var opið. Verkefnið var framkvæmt í Grófarhúsi og hverjum samstarfsaðila var frjálst að velja sér sinn stað og endurraða húsgögnum sem fyrir voru með þeim hætti sem þau töldu styðja best við samtalið. Í þau þrjú ár sem *Stofan* var í gangi komu alls á fjórða tug einstaklinga á aldrinum 23–52 ára, með samtals 12 mismunandi móðurmál, að samsköpunarverkefninu, og úr urðu alls 19 mismunandi útgáfur af samfélagsrýmum fyrir framtíðarbókasafnið.

Á fyrsta árinu voru rými sköpuð í kringum samtöl um lýðræði og umræðuhefðir á samfélagsmiðlum, rannsókn á aðgengi innflytjenda að samfélagi og tungumálinu, stuðning við skapandi skrif og félagasamtök, skipulagt starf í kringum hagsmunabaráttu félagasamtaka sem stuðla að inngildingu. Hlýleiki og nánd einkenndi rýmin ásamt hringlaga formi sem veitti færi á samtali. Einnig var minni og lægri borðum stillt upp og mikið notast við mottur, púða og textíl til að auðvelda fólki að sitja nær gólfinu í afslappaðri stöðu. Í rýmum var fólk oft hvatt til að framkvæma sameiginlegar athafnir áður en gengið var inn í rýmið, t.d. að fara úr skónum, leggja til eitthvað sameiginlegt eða sinna svipaðri vinnu hlið við hlið.



Mynd 4: Listakonurnar Maria-Carmela Raso og Kateřina Blahutová settu upp almenningsturtu í Stofunni. Ljósmyndari: Martyna Daniel

Samskipti óháð tungumáli voru í brennidepli á öðru ári *Stofunnar* og voru skapandi aðilar beðnir um að setja upp stofur sem gætu miðlað til allra notenda að rýmið væri þeirra, á sama tíma og það þyrfti að virða mörk annarra. Hvernig getur öllum liðið vel í sama rými? Hvaða reglur ættu að gilda í sameiginlegu rými bókasafnsins? Samstarfsaðilar voru beðnir um að setja bókasafninu nýja reglu yfir einhvers konar hegðun eða samskipti sem myndi gilda tímabundið í þeirra rými og hefði þann tilgang að auka vellíðan á bókasafninu. Úr urðu staðir til að dansa, tónrými til að hlaða batteríin og leika sér með þægilega þögn sem væri óþvinguð og tillitssöm, en að sama skapi áhugaverð og ánægjuleg fyrir eyru, huga og sál. Sjónrænt áreiti og innra hugarástand var endurspeglað og unnið var með gamlar, kaldar súlur á bókasafninu sem nýttar voru til að skrifa sameiginlega sögu. Síðast en ekki síst var boðið upp á æfingu í að láta sér líða vel í óþægilegum aðstæðum með almenningsturtu inni á bókasafninu. Fólk þurfti ekki að afklæðast eða fara undir vatnsbunu í innsetningunni heldur fyrst og fremst að spyrja sig: Hvernig getur mér liðið vel í þessum tilteknu aðstæðum þar sem ég er venjulega út af fyrir mig?



Mynd 5: Vitundarvakning og fræðsla UngÖBÍ í Stofunni um birtingarmyndir fötlunar í dægurmenningu. Ljósmyndari: Dögg Sigmarsdóttir

Á síðasta ári *Stofunnar* var áherslan fyrst og fremst lögð á samfélagstorg, stað þar sem við finnum fyrir stuðningi og getum hlúð að samfélaginu okkar. Við leituðum til einstaklinga og félagasamtaka sem voru tilbúin til að sýna okkur fjölbreyttar útgáfur af stöðum þar sem samfélög geta komið saman. Hvernig getum við nýtt okkar sameiginlegu rými til að hlúa að samfélaginu? Hvernig þurfa almenningsrými bókasafnsins að breytast svo félagasamtök og einstaklingar finni fyrir stuðningi í þeirra daglegu störfum? Í fyrstu útgáfunni var endurvakin hugmyndin af baðstofu fyrr á öldum, þar sem fólk kom saman til að sinna því sem það taldi mikilvægt og minnti okkur á sammannlegar þarfir. Loftslagskaffi var opnað, þar sem áhersla var á að draga úr loftslagskvíða og styrkja tengsl fólks og náttúru í sameiningu. *Stofan* í útgáfu *Lyktarsafnsins* vann með eflingu skynbragðs og læsi á okkur sjálf og umhverfið með öllum skilningarvitunum til að styðja við færni við að hlúa að samfélaginu. Hagsmunahópur um réttindi listafólks stóð fyrir skapandi framtíðarskrifum til að minna okkur á að við lifum í ímyndun einhvers úr fortíðinni. Ef við viljum betra samfélag sem byggir á stuðningi, þá þurfum við að virkja ímyndunaraflað og skrásetja nýjar framtíðarsýnir. Síðustu tvær *Stofurnar* voru síðan mótaðar með vitundarvakningu og fræðslu í huga til að vinna gegn jaðarsetningu Döff samfélagsins og fatlaðs fólks í menningar- og borgarlífi.



*Mynd 6: Dansandi bókasafn á ráðstefnunni Next Library.
Ljósmyndari: Dögg Sigmarsdóttir*

Dansandi bókasafn var ein útgáfa *Stofunnar* sem farið var með á Next Library, alþjóðlega bókasafnsráðstefnu í Árósum árið 2023. Ráðstefnan er tileinkuð framþróun og nýsköpun í heimi bókasafna. Áherslur Next Library þetta árið voru á leik, lýðræði og sjálfbærni. Verkefnastjórar *Stofunnar* buðu ráðstefnugestum upp í dans á *Dansandi bókasafni*, í einu rými Dokki bókasafnsins í Árósum. Þar gat hver gestur spilað sitt uppáhaldslag og hreyft sig að vild innan ramma innsetningar *Dansandi bókasafnsins*. Einnig var boðið upp á vinnustofu þar sem unnið var með umbreytingu rýmis til að mæta ólíkum þörfum. Aðferðafræði samsköpunar var sýnd í verki, spurningum um eignarhald á bókasafni sem almenningsrými var varpað fram og þátttakendur vinnustofunnar ræddu hvaða reglu þau myndu setja á sínu bókasafni með eigin þægindi í huga.

Í kjölfar ráðstefnunnar myndaðist tengslanet meðal þeirra sem sinna lýðræðisverkefnum á bókasöfnum á Norðurlöndunum. Í september sama ár héldu umsjónarmenn *Stofunnar* á *Placemaking Week Europe* í Strassborg, með vinnustofu um aðferðafræði verkefnisins. Þar var einnig leitað að samstarfsaðilum sem hefðu áhuga á að þróa verkefni sem myndi tengja saman sjálfbærni og velsæld í mótun nýrra staða í almenningsrýmum. Í Strassborg voru saman komnir sérfræðingar í að skapa rými þar sem fólk og náttúra þrífst með sjálfbærum hætti (e. *placemaking*). Einn af sérfræðingunum, Jesper Koefoed-Melson frá Vida Local í Kaupmannahöfn, sem býr að áralangri reynslu af því að virkja almenningsrými í samráði við notendur og borgar-yfirvöld, var viðstaddur *Placemaking Week Europe* og féllst á að koma til Reykjavíkur og miðla af reynslu sinni. Úr þekkingunni sem skapaðist í *Stofunni*, ráðgjöf frá Jesper ásamt virku samtali við félaga okkar á bókasöfnum á Norðurlöndum óx verkefnahugmyndin að *Pikknikk*, grænum stað, sem ætlað er að auka aðgengi og þátttöku í lýðræðissamtali á bókasafninu.



Mynd 7: Verkefnastjórnir Dögg Sigmarsdóttir og Martyna Daniel stilla upp Pikknikki.
Ljósmyndari: Roald Viðar Eyvindsson



Mynd 8: Verkefnastjórnir Dögg Sigmarsdóttir og Martyna Daniel stilla upp Pikknikki.
Ljósmyndari: Roald Viðar Eyvindsson

Pikknikk:

Aðstöðumunur, jafnara aðgengi og þátttaka á bókasafni

Í stefnu Borgarbókasafnsins 2021-2024 var sérstaklega tekið fram að í starfi ættum við að vera meðvituð um jaðarsetningu ákveðinna hópa og leita leiða til að jafna aðstöðumun hvað varðar aðgengi og tækifæri til þátttöku í lýðræðissamfélagi. Aðgengismál snúa ekki aðeins að því hvort fólk komist inn í rýmið heldur hafa félagslegir þættir einnig áhrif á aðgengi. Getum við ímyndað okkur að taka sjálf þátt í opnu samtali sem varðar sameiginlega hagsmuni, inngildingu og jaðarsetningu? Hver sjáum við fyrir okkur á slíkum umræðufundum? Eitt markmið stefnunnar var að hvetja notendur til að taka þátt og efla virkt samtal við nærsamfélagið og bjóða notendum að hafa áhrif á þróun þjónustu og starfsemi safnsins.

Markmiðið um þátttöku allra er nátengd markmiði stefnunnar um aðgengi allra að þjónustu, fræðslu- og menningardagskrá bókasafnsins, óháð samfélagsstöðu. Ein af aðgerðunum var að þróa og hanna framsetningu og upplýsingamiðlun innan safnsins og á stafrænum miðlum sem myndi endurspegla fjölbreytileika menningar og tungumála. Verkefnið *Pikknikk* tók mið af öllum þessum þáttum. Unnið var sérstaklega með leikandi andrúmsloft og hlýleika til að styðja

við sjálfsrækt, velsæld og þátttöku í umræðum. Reynt var að höfða til ólíkra samfélagshópa með því að vinna með hugmyndir sem flest þekkja, óháð bakgrunni. Skapaðar voru kringumstæður þar sem fólk fékk tækifæri á að glæða bókasafnið nýju andrúmslofti. *Pikknikkinu* var ætlað að veita tækifæri á að tengjast öðru fólki með nýjum hætti. Með því að deila því sem er nærandi vildum við ýta undir traust meðal fólks til að ræða málefni með nýjum hætti, auka líkur á að þátttakendur mætist af virðingu á jafningjagrundvelli og deili skoðunum sínum í umhverfi sem endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins.



Mynd 9: Feven Aberham deildi epjópískum injera-pönnukökum í Pikknikki á Borgarbókasafninu Árbæ. Ljósmyndari: Martyna Daniel

Tilraunin var einnig nýtt til að vekja fólk til umhugsunar um umræðuhefðir og hvað formið hefur mikil áhrif á það hver deilir skoðunum. Myndir þú ræða öðruvísi við ráðherra ef þið sætuð saman undir sólhlíf í grænni laut og deilduð heimagerðu nesti? Ef við byrjuðum á sameiginlegri athöfn áður en samtalið hæfist, eins og að fara úr skónum, myndum við tengjast með öðrum hætti? Aðgengismál voru sérstaklega skoðuð út frá félagslegum þáttum og miðlunin tók einnig mið af því. Að sýna létt andrúmsloft, hver stæðu að baki verkefninu og hvetja til þátttöku með einföldum skilaboðum: „Sestu hjá okkur og smakkaðu á snarlinu. Hér er ekkert rok, enginn kuldi, ekkert kjaftæði, bara næs!“

Ráðið sem við fengum frá Jesper Koefoed-Melson var að einfalda alla umgjörð í slíku verkefni. Byrja á að velja titil, upphafsdagsetningu og taka núllin aftan af fjárhagsáætluninni. Í upphafi var ætlunin að hefja Evrópusamstarf með *Pikknikkinu*, en við féllum frá áformum um að sækja um fjármagn í Evrópustyrki og tókum Jesper á orðinu. Titillinn yrði *Pikknikk*, upphafið 3. febrúar 2024 og gert var ráð fyrir 30.000 kr. í matarkostnað fyrir hvern viðburð.

Tengiliðir okkar í bókasöfnum í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Danmörku voru hvött til að fara með okkur í sömu vegferð sem myndi hefjast tafarlaust, því framkvæmdin væri í rauninni mjög einföld.

Við byrjuðum á að finna gervigras og komum við í nytjamarkaði þar sem við sóttum sólhlífar, pullur og gamaldags tjaldbúnað, eins og tjaldstóla, kælibox og teppi sem oft eru notuð í lautarferðum. Stíltum þessu upp inni á bókasafninu og létum eins og við værum að ræða málin á sólríkum degi í almenningsgarði, nema með bókahillur í bakgrunni. Uppstillingin var skrásett á myndum sem nýttar voru til að bjóða samstarfsaðilum að verða gestgjafar í *Pikknikki*, koma með snarl til að deila og tillögu að umræðuefni. Með myndefninu var hægt að setja Pikknikk-viðburði í loftið og leita að samstarfsaðilum sem myndu hefja samtal við nærsamfélagið.



Mynd 10: Pikknikk með Seljagarði á Borgarbókasafninu Gerðubergi þar sem rætt var um ræktun í borg. Ljósmyndari: Martyna Daniel

Borgarbókasafnið er með starfsstöðvar á átta stöðum í borginni og markmiðið var að vera með *Pikknikk* á þeim öllum. Safnstjórum á hverjum stað var boðið að velja gestgjafa; félagasamtök, einstaklinga eða samfélagshópa, sem þau vildu ná til og kynnast betur. Sérstaklega var kallað eftir hugmyndum að samstarfsaðilum sem voru ekki sýnileg á bókasafninu. Verkefnastjórar *Pikknikks* fengu það hlutverk að hafa samband við samstarfsaðila og undirbúa *Pikknikk* á hverjum stað. Þegar ljóst var hver yrði gestgjafi, þá var viðburðalýsingunni breytt í takt við áherslu og umræðuefni. Hvert *Pikknikk* var skrásett með stuttum myndböndum og ljósmyndum sem var miðlað á vef Borgarbókasafnsins og á samfélagsmiðlum í stuttri frétt.

Í kjölfar hvers *Pikknikks* var lagt fyrir mat á upplifun meðal starfsfólks á vakt og gestgjafa. Stuttur spurningalisti var lagður fyrir og kannað hversu mikinn tíma fólk lagði í undirbúning og framkvæmd, ásamt því að kanna með hvaða hætti *Pikknikkið* hefði haft áhrif á andrúmsloftið inni

á bókasafninu, hvort fjölbreytileiki meðal þátttakenda hefði verið til staðar og hvort formið á umræðunni hefði ýtt undir virðingarfullri skoðanaskipti. Alls fóru fram 11 *Pikknikk* frá febrúar fram í desember 2024, með 10 mismunandi samstarfsaðilum í hlutverki gestgjafa. Meðal gestgjafa voru frjáls félagasamtök sem fást meðal annars við ræktun í borgarlandslagi, baráttu gegn fátækt, fyrir hinseginvænna samfélagi og inngildingu jaðarsettra í menntun, borgarlífi og á vinnumarkaði, óháð uppruna eða félagslegri stöðu. Að meðaltali vörðu gestgjafar þremur til fjórum klukkustundum í undirbúning og framkvæmd og meðalkostnaður var í kringum 20 þúsund fyrir matarinnkaup. Oftast tóku milli 20 og 30 einstaklingar þátt. Að mati gestgjafa og starfsfólks á vakt taldist hópur þátttakenda í *Pikknikki* mjög fjölbreyttur. Bæði gestgjafar og starfsfólk töldu upplifun af samskiptum á viðburðunum hafa verið mjög jákvæða. Vettvangurinn var talinn hafa burði til að tengja ólíka hópa saman og auðvelda þeim að ræða málefni af virðingu. Mikill áhugi var meðal starfsfólks að halda áfram með verkefnið og taldi það, sem og gestgjafar, að *Pikknikkið* hefði fært bókasafninu nýtt, eftirsóknarvert andrúmsloft. Við endurgjöf frá starfsfólki kom meðal annars fram að þeim þótti framkvæmdin minna á listræna innsetningu sem hafi komið skemmtilega á óvart. Gestgjafar sögðu að *Pikknikkið* minnti fólk á að bókasafnið getur verið staður þar sem fólk mætist, hefur gaman saman og lærir eitthvað nýtt. Með *Pikknikkinu* breytist staðalímynd bókasafnsins, sem þessi hljóðláti og formlegi staður, í að vera afslappaður og notalegur staður sem skapar opið andrúmsloft og ýtir undir þátttöku notenda.



Mynd 11: Vaida Bražiūnaitė ræðir um opnun málsamfélagsins í *Pikknikki* með Samtökunum '78. Ljósmyndari: Martyna Daniel

Það var á ábyrgð verkefnastjóra að stilla upp rammanum og aðstoða gestgjafa eftir þörfum við matarundirbúning. Þegar öllu hafði verið stillt upp, þá fóru verkefnastjórnarnir í önnur hlutverk til að auðvelda fólki að stíga inn í rammann, setjast niður og ræða við næsta mann. Mikilvægt var að hafa manneskju sem staðsett væri á jaðrinum, tæki á móti fólki og útskýrði hvers eðlis viðburðurinn væri og hvetti fólk til að setjast niður og njóta matarins með öðrum. Umræðunum var mismikið stýrt, í sumum tilfellum var notast við hljóðnema og allir þátttakendur tengdir inn í sama samtalið. Í öðrum tilfellum var enginn með umsjón með umræðunni heldur mynduðust minni hópar og ræddu málefnið sín á milli. *Pikknikið* gaf gott færi á hreyfingu í rýminu þar sem matnum var oft vísitandi dreift um svæðið og fólk hafði ástæðu til að biðja næsta mann um að rétta sér eitthvað eða standa reglulega upp til að sækja sér kaffi eða drykki.



Mynd 12: Pikknikk með Samtökunum '78 um hinseginvænna samfélag og tungumál á Borgarbókasafninu Grófinni. Ljósmyndari: Martyna Daniel

Í nóvember 2024 var settur saman hópur með stuðningi frá EAPN á Íslandi, félagasamtökum sem berjast gegn fátækt, og *Rauða krossinum*, til að rýna í aðgengismál í tengslum við svæðið og viðburðalýsinguna. Skoðuð voru myndbönd sem sýndu fyrri *Pikknikk* og þátttakendur beðnir um að svara spurningu um hvort þau myndu vilja setjast niður í mismunandi *Pikknikkum* ef þau ættu leið framhjá og hvaða þættir réðu því. Þau nefndu að nauðsynlegt væri að hafa stórt skilti sem útskýrði „reglur rýmisins“. Á maður að fara úr skónum? Má hver sem er setjast niður og fá sér að borða? Þá væri einnig nauðsynlegt að hafa manneskju sem tæki á móti fólki og byði

það velkomioð. Annað aðgengismál sem var nefnt af einstaklingum, sem upplifað hafa jaðarsetningu, var að þeim þætti mikilvægt að vita hverjir sætu í rýminu svo að þau væru örugg. Að það væru skýrar reglur sem bönnuðu hatursorðræðu og áreiti. Að vita að það yrði gripið inn í ef slík atvik ættu sér stað. Einnig þótti mikilvægt að hafa innihaldslýsingu á öllum matvælum á svæðinu, t.d. ef fólk væri með ofnæmi. Mörgum þykir óþægilegt að taka þátt í formlegri umræðu og þá var sérstaklega tekið fram að það væri jákvætt að sjá fólk með eitthvað í höndunum, t.d. þrjóna eða annað. Að mati verkefnastjóra var *Pikknikið* auðveldur ímyndunarleikur sem nýttist í að endurhugsa rými bókasafnsins með notendum, tengjast nýjum samtökum og fá þau til að sjá bókasafnsrýmið í nýju ljósi. Það skapaðist traust á viðburðinum, t.d. brá fólk sér frá og skildi persónulegar eigur sínar eftir á svæðinu. Með einfaldri sviðssetningu, sem kom jafnframt á óvart og vakti forvitni, drógust ólíkir hópar að og *Pikknikið* gaf tilefni til að hefja fyrsta samtál við ókunnuga. Tónlist í bakgrunni auðveldaði fólki að slaka á í rýminu og njóta augnabliksins. Það vakti athygli verkefnastjóra að afslappað og hlýlegt andrúmsloftið hafði þau áhrif að umræðurnar voru síður metnar sem pólitískar, en til dæmis á umræðuvettvangnum *Opið samtál*. Við nánari athugun var það þó ekki raunin.



Mynd 13: *Pikknikk á Placemaking Week Europe in Rotterdam. Ljósmyndari: Dögg Sigmarsdóttir*

Farið var í næstu vegferð með *Pikknikk* verkefnið á ráðstefnunni *Placemaking Week Europe 2024* í Rotterdam, til að kanna meðal þátttakenda og sérfræðinga í mótun almenningsrýma með þátttökumiðuðum hætti (e. *placemakers*) hvernig framtíðarbókasafnið gæti litið út. Gestgjafar þess *Pikkniks* voru *Ministers of Imagination*, sem staðsettir eru í Rotterdam, en hluti þeirra vinnur að endurgerð Grófarhúss. Í Rotterdam var boðið upp á göngu um götur og hafnarsvæði Rotterdam og þátttakendur beðnir um að setja sig í stellingar framtíðarbókavarða. Þau fengu það verkefni að ímynda sér borgina sem eitt risastórt bókasafn - stað sem miðlar sögum, þekkingu og tengingum við samfélagið. Í lok göngunnar var sest niður í *Piknikk*. Á meðan á göngunni stóð hafði hver og einn þátttakandi skráð niður hvað þeim þótti eftirsóknarvert í borginni. Í *Pikknikkinu* deildu þau þeim atriðum sem þeim þótti eftirsóknarverð í almenningsrými og yfirfærðu það á safnkost eða aðstöðu í framtíðarbókasafni. Það sem fólk sóttist eftir að sjá var til dæmis fjölbreytt og síbreytilegt landslag, lifandi endurspeglun samfélagsþróunar, óvæntar uppgötvanir og stað sem ýtir undir leik og styður okkur í að ræða um og takast á við áskoranir samfélagsins hverju sinni. Framtíðarbókasafnið ætti að styðja samfélagið í að finna sameiginlegan tilgang, minna okkur á hvaðan við komum og segja sögur af því sem við erum, hvað við viljum og hver við viljum verða. Niðurstöðurnar sköpuðu grunn að síðasta verkefninu sem fjallað er um í þessari grein, *Framtíðarfestivali*. Það snertir á uppbyggingu



Mynd 14: Fjölbreytt dagskrá Framtíðarfestivals á Borgarbókasafninu Grófinni. Ljósmyndari: Patrik Ontkovic

Framtíðarfestival: Uppbygging bókasafns til framtíðar

Borgarbókasafnið setti sér það markmið að kanna framtíðarþarfir notenda og þróa aðgengilegt almenningssými, ásamt því að skapa vettvang fyrir samtal við notendur um eftirsóknarvert framtíðarbókasafn sem stuðlar að bættri heilsu og vellíðan. Með áherslu á mann- og vistvæna uppbyggingu bókasafnsins í huga var farið af stað með *Framtíðarfestival*, eða réttara sagt rammi mótaður utan um samráð þvert á svið borgarinnar og við hagaðila sem tengdust málefninu með einum eða öðrum hætti.

Endurgerð Grófarhúss Borgarbókasafnsins er í ferli og nýttum við verkefnið til að tengjast nágrönnum okkar á Tryggvagötu. Samráðið hófst með samtölum um framtíðarfræði, almenningssýmin á Tryggvagötu og framtíðaráskoranir í hugum heimspekinga, hönnuða og skapandi aðila. Tilgangurinn var að móta áherslur *Framtíðarfestival*sins áður en auglýst væri eftir umsóknum um framlög frá almenningi. Sérfræðingar innan Háskóla Íslands, Háskólans á Bifröst og Listaháskólans lögðu okkur lið. Skapandi aðilar í vinnustofunum hafnar.haus, sem eru í næsta húsi við safnið, ráðlögðu okkur um útfærslur á efnistöfum, framtíðarmat og smátímariti (*e. zine*) á sjálfu festivalinu. Leitast var eftir að stækka festivalið með samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn, sem eru stofnanir innan sama sviðs Reykjavíkurborgar. Umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar studdi okkur einnig í málefnum sem varða mótun framtíðarborgarlandslags og eru nátengd almenningssými bókasafnsins. Að loknum þessum umræðufundum var ákveðið að einblína á eftirfarandi áskoranir samtímans: tengslaröf, ójöfnuð og vistkreppu.

Í kjölfarið var auglýst eftir umsóknum fyrir vinnustofur, spjallhringi og innsetningar sem myndu auðvelda þátttakendum á festivalinu að virkja ímyndunaraflíð og fá fólk á öllum aldri til að losa sig úr fjötrum hversdagsleikans og sjá nýjar leiðir til að koma í veg fyrir að vandamál samtímans fylgi okkur inn í framtíðina. Í valnefnd sátu heimspekingur, listamaður og visthönnuður sem öll hafa unnið með framtíðarsýn, vistkrísur og jafnara aðgengi að samfélagi. Að auki sátu verkefnastjórar *Framtíðarfestival*sins í valnefndinni. Alls voru 13 framlög valin og auk þess voru settar upp framtíðarstöðvar, þáttökumiðaðar innsetningar þar sem gestir gátu deilt hugmyndum um framtíðarmöguleika, eins og grunngildi í stjórnarskrá, framtíðar-nestisbox og þjónustu og aðstöðu í framtíðarbókasafni. Í boði var að taka þátt í samtölum um gervigreind, sólarpönk, siðferði, framtíðarheimili, heilandi tengsl við hvert annað, dýr, náttúru og menningararf. Einnig var hægt að bragða á framtíðarmat, ferðast um tímann í te-seremóníu, teikna framtíðargæludýr og ímynda sér framtíðina sem blóm, svo eitthvað sé nefnt. Skapandi smíðjur og samtöl höfðuðu til ólíkra aldurshópa og bæði börn og fullorðnir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi.



Mynd 15: Jelena Bjeletic var með skapandi smiðu fyrir börn um Blómaland framtíðar á Framtíðarfestivali. Ljósmyndari: Patrik Ontkovic

Sjálfst *Framtíðarfestivalið* var haldið í Grófarhúsi Borgarbókasafnsins 25. janúar 2025. Á þessum degi komust við nær því að gera bókasafnið að samráðsvettvangi fyrir notendur og hagaðila, þar sem hlustað var á og tekið til skoðunar það sem þeir hafa fram að færa í tengslum slú við þróun á aðstöðu, þjónustu, verkefnavali og dagskrá safnsins. Á *Framtíðarfestivalinu* styrktum við ímynd safnsins sem staðar þar sem fleiri gátu notið sín og nýtt aðstöðu safnsins til að deila reynslu, upplifun og þekkingu í öruggu umhverfi. Auk þess tók dagskrárgerðarmaður *Samfélagsins*, útvarpsþáttar á Rás 1, viðtöl við samstarfsaðila og verkefnastjóra *Framtíðarfestivalsins*, sem studdi við vitundarvakningu um bókasafnið sem staðar þar sem við tengjumst, tökum þátt í lausnaleit og mætum sameiginlegum áskorunum með skapandi hætti.



Mynd 16: Samtal og skapandi smiða um Sólarpönk með James Tomasino á Framtíðarfestivali. Ljósmyndari: Patrik Ontkovic

Á *Framtíðarfestivalinu* vildum við stuðla að samfélagslegum tengslum í opnu rými bókasafnsins sem og hvetja til samskipta, samvinnu og virkni í hverfinu. Samhönnun með íbúum er lykilatriði í því að fólk upplifi bókasafnið sem „sitt eigið“ og sé áhugasamt um að taka þátt. Það komu hátt í 700 manns á *Festivalið* úr ólíkum samfélagshópum; fyrrverandi ráðherrar, þingmenn og kjörnir fulltrúar innan borgarinnar, börn, skapandi aðilar, fólk sem sækir bara í hlýju og salernisaðstöðu á bókasafninu og fólk sem hefur ákveðið að gera Ísland að heimili sínu. Samfélagið er að breytast, *Framtíðarfestivalið* var tilraun til að þróa bókasafnið í takt við þær breytingar. Þess vegna bjuggum til stað þar sem við fáum tækifæri til að fara saman í gegnum breytingar í umbreyttu rými. Sumt getur verið óþægilegt og við höfum á tilfinningunni að við séum að missa eitthvað. En saman getum við tekist á við hlutina og orðið betri í að leita lausna. Við vildum efla hæfni fólks til að þróa sameiginlega framtíðarvon. Við vonum að þessi tilfinning hafi skilað sér til allra þátttakenda og að enginn hafi fundið fyrir einsemd í Grófarhúsi þennan dag, heldur upplifað að þau væru hluti af samfélaginu og geti haft áhrif á þróun þess.



Mynd 17: Viðtal á *Framtíðarfestivalinu* við notanda bókasafnsins um hlutverk bókasafns eftir 100 ár.
Ljósmyndari: Patrik Ontkovic

Framtíðarbókasafnið: Ómissandi staður í hugum fólks

Framtíðarfestivalið var eitt skref af mörgum í átt að framtíðarbókasafninu, sem tengist endurgerð Grófarhúss. Við viljum vera í samráði við borgarbúa um þróun bókasafnsins til framtíðar. Hverju viljum við deila? Hvernig viljum við auka læsi okkar? Við eigum bókasafnið saman - þetta er almenningsskými. Það er okkar að ákveða hvernig við viljum nýta það. Við getum hannað það saman í takt við okkar þarfir. Á þessum degi gafst einstakt tækifæri til að kynnst hugmyndum notenda um notkun og vægi framtíðarbókasafnsins. Hvað varðar þjónustu og aðstöðu, þá myndu notendur vilja nýta bókasafnið til að geta dansað, sungið, farið á stefnumót og eignast nýja vini, eldað í sameiginlegu eldhúsi, leikið við kisur og kynnst fuglum, þrjónað, lært um ræktun matvæla, fengið upplýsingar um félagasamtök, tekið þátt í vinnustofum, hugleitt, leikið, lært tungumál, lesið bækur á ólíkum tungumálum og pönkast saman.

Í viðtölum sem tekin voru á Framtíðarfestivalinu við gesti og gangandi var spurt út í hlutverk og gildi bókasafnsins eftir 100 ár. Mörg minntust á að bókasafnið væri eitt af þessum fáu stöðum þar sem fólk fengi tækifæri til að setja sig í spor annarra og skoða sig um í hugmyndaheimum annars fólks. Bókasafnið myndi halda gildi sínu sem samfélagsrými. Þar gæti fólk gæti mætt hvert öðru, brosað til hvers annars, verið meðal ókunnugra, kynnst sjálfu sér, tengst öðrum og lært að verða meðlimir í samfélagi. Einnig minntist fólk á deilihagkerfið, að bókasöfnin þyrftu ekki endilega að safna svo mörgum hlutum heldur gætu gert menningararfinn og menningarstarf enn aðgengilegra með nýrri og breyttri tækni. Vægi bókasafnsins réðist af því að geta búið til samfélagsleg verðmæti, verið samkomustaður og samfélagsrými þar sem hópar geta kynnst, við þyrftum sífellt meira á slíkum stöðum að halda. Eins og einn viðmælandinn orðaði það: „Bókasafnið er griðastaður fyrir fólk og mennskuna. Staður fyrir ókunnuga. Bókasafnið á að vera staður fyrir alla og verður enn mikilvægari í framtíðinni þegar hraðinn og tæknin eykst.“

Að lokum

Markmið stefnunnar *Opið rými allra* voru háleit og í upphafi var ekki vitað hvernig aðgengilegt, sjálfbært samfélagsrými gæti litið út. Verkefnið voru tilraunakennd og ekki var vitað hver útkoman yrði þegar vegferðin hófst. Að skapa ómissandi stað er þróun sem á sér upphaf en engan endi eða fyrir fram gefna útkomu. Þetta er stöðugt ferli sem Borgarbókasafnið mun halda áfram með í næstu stefnu.

Skólasöfn í framhaldsskólum: Þjónustukönnun á vegum Samstarfshóps bókasafns- og upplýsingafræðinga í framhalds- skólum

Höfundar: Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir og Dagný S. Jónsdóttir

Inngangur

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum (SBF) hefur um árabil unnið að ýmsum sameiginlegum hagsmunamálum bókasafna í framhaldsskólum. Einn liður í því samstarfi var að framkvæma þjónustukönnun um skólasöfn í framhaldsskólum. Þjónustukönnunin var framkvæmd veturinn 2023-2024 og var send til skólameistara í gegnum Skólameistarafélagið, alls til 34 skólameistara og þeirra skóla. Kveikjan að könnun þessari var sú að bókasafnsþjónusta í framhaldsskólum hefur verið að dragast saman, stöðuhlutfall bókasafns- og upplýsingafræðinga í framhaldsskólum hefur lækkað og jafnvel ekki ráðið í störf þeirra sem hætta. Því var talið brýnt að kanna og kortleggja þá þjónustu sem nemendur framhaldsskólanna fá á sínum skólasöfnum, en samkvæmt *Lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008* „skal gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda á þjónustu slíks safns“. Þess má geta að í viðmiðum um ytra mat framhaldsskóla⁴ er fjallað um skólasöfn og voru niðurstöður könnunarinnar sendar þeim sem starfa að endurskoðun þessara viðmiða.

Fyrsta spurning í könnuninni var “hvaða framhaldsskóla stýrir þú” og var því hægt að greina öll svör niður á skóla. Það voru 28 skólar af 34 sem svöruðu könnuninni og svarhlutfallið í könnuninni er því 82,35%. Svörin endurspeglar nemendafjölda og stærð skólanna. Algengasti opnunartími skólasafnanna er frá kl. 8 til 16-17, mánudaga - fimmtudaga og styttri opnunartími á föstudögum.

4 Ytra mat á leik-, grunn- og framhaldsskólum felur í sér úttekt á gæðum skólastarfsins. Markmiðið er að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda. Einnig að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leik, grunn- og framhaldsskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi barna/nemenda séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á (Mennta og barnamálaráðuneytið, 2024)

Helstu niðurstöður könnunarinnar


Niðurstöður könnunarinnar voru fullunnar vorið 2024 og sendar þá til Skólameistarafélags Íslands, Barna- og menntamálaráðuneytisins og félagsmanna í SBF. Hér má sjá svör skólameistara við nokkrum spurningum úr könnuninni og stutta umfjöllun um hverja þeirra.

Hafa framhaldsskólanemendur aðgang að bókasafni í skólanum?

Meðal þess sem spurt var um í könnuninni var hvort nemendur skólans hafi aðgang að bókasafni í skólanum. Niðurstöður eru þær að í 24 skólum af 28 eru starfrækt skólasöfn, en í fjórum skólum hafa nemendur ekki aðgang að bókasafni, það eru Menntaskólinn á Tröllaskaga, Menntaskóli Borgarfjarðar, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ og Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Sjá mynd 1.

Hafa nemendur aðgang að bókasafni í þínum framhaldsskóla?

28 responses



- Já
- Nei
- Ef nei, er skólinn með samning við bókasafn í nærumhverfi?
- Nemendur eru búsettir víða í Fjallabyggð og við Eyjafjörð og víðar. Þar hafa þau aðgang að bókasöfnum ef þarf. Einnig eru bækur til staðar í skólanum og vísað í netefni af ýmsu tagi.


Mynd 1: Svör við spurningunni: Hafa nemendur aðgang að bókasafni í þínum framhaldsskóla?

Starfa bókasafns- og upplýsingafræðingar á framhaldsskólasöfnum?

Þegar spurt var um mönnun á framhaldsskólasöfnum kom í ljós að í 20 skólum af 28 eru starfandi bókasafns- og upplýsingafræðingar og í fimm skólum eru fleiri en eitt stöðugildi bókasafns- og upplýsingafræðings. Við þrjá skóla vinna háskólamenntaðir með aðra menntun. Í þremur skólum vinna ófaglærðir í hlutastarfi og í sex skólum vinna nemendur á skólasafni undir stjórn forstöðumanns bókasafns. Myndin hér fyrir neðan sýnir hlutfallslega skiptingu skóla með starfandi bókasafns- og upplýsingafræðing og skóla þar sem ekki starfa bókasafns- og upplýsingafræðingar.

Er starfandi bókasafns- og upplýsingafræðingur á bókasafninu?

27 responses




Mynd 2: Svör við spurningunni: Er starfandi bókasafns- og upplýsingafræðingur á bókasafninu?

Fjármagn ætlað til innkaupa á nýju safnefni í framhaldsskólum

Þá var spurt um innkaup á nýju efni í bókasöfnum framhaldsskóla. Almennt telja skóla-meistarar að nægilegu fjármagni sé veitt til kaupa á nýju safnefni. En 37% telja hvorki né. Hlutföll svara má sjá á mynd 3.

Telur þú að nægilegu fjármagni sé veitt til kaupa á nýju safnefni í þínum skóla?

27 responses




Mynd 3: Svör við spurningunni: Telur þú að nægilegu fjármagni sé veitt til kaupa á nýju safnefni í þínum skóla?

Nýta nemendur aðstöðuna sem boðin er á bókasafninu?

Skólameistararnir voru einnig beðnir um að svara spurningu um hversu vel þeir teldu nemendur nýta þá aðstöðu sem er í boði á bókasafni skólans. Flestir svöruðu með valkostunum „mjög vel“ eða „vel“. Skólameistarar tveggja skóla telja aðstöðuna lítið nýtta af nemendum. Sjá niðurstöður á mynd 4.

Hversu vel telur þú að aðstaða bókasafns í þínum skóla sé nýtt af nemendum?

27 responses



Mynd 4: Svör við spurningunni: Hversu vel telur þú að aðstaða bókasafns í þínum skóla sé nýtt af nemendum?

Einn skólameistari taldi svarkosti könnunarinnar ekki duga til að gefa rétta mynd af notkun nemenda á aðstöðu skólans og skilaði eftirfarandi athugasemd:

Þau nota safnkost skólans, rafbækur og fjölbreytt efni af ýmsu tagi. Kennarar eru vel meðvitaðir um fjölbreytta nálgun á kennsluefni og það þarf ekki sérstaka þjónustu á þessu sviði. Ég hef áhyggjur af könnun sem þessari þar sem virðist vera sem svo að þjónusta geti ekki átt sér stað nema í formlegu rými sem heitir bókasafn. Það þurfa allir að geta unnið faglega og vel með upplýsingar og ritað efni, það getur ekki verið á einum stað takmarkaðan tíma. Enginn reitur er í könnuninni til að koma með athugasemdir við þröngan ramma spurninganna.

Safnkostur framhaldsskólasafna og notkun nemenda

Svör við spurningu um hversu vel nemendur nýti sér safnkost skólasafnsins má sjá á mynd 5. 42.3% skólameistara í könnuninni telja safnkostinn vel nýttan. Fimm skólar eða 19,2% svara því að safnkostur sé lítið notaður og þrír skólar eða 11,5% telja safnkostinn mjög lítið notaðan. 19,2% eða fimm skólar svara hvorki né. Tekið skal fram að hér er um huglægt mat skólameistara að ræða.

Hversu vel telur þú að safnkostur bókasafnsins sé nýttur af nemendum?

26 responses



Mynd 5: Svör við spurningunni: Hversu vel telur þú að safnkostur bókasafnsins sé nýttur af nemendum?

Til viðbótar við staðlaða valkosti við spurningunni sendi einn skólameistari eftirfarandi athugasemd til skýringu:


Nemendur hafa góðan aðgang að öllu sem þau þurfa til námsins ásamt ítarlegri hjálp frá öllum starfsmönnum. Það þarf ekki sérstaka viðbót. Allir nemendur eru með fartölvur, en ef tölva bilar geta þau fengið lánað.

Fartölvur og annar búnaður á framhaldsskólasöfnum

Í könnuninni var sérstaklega spurt um möguleika til að fá fartölvur eða annan búnað að láni á safninu. Svörin eru sett fram á mynd 6. 16 skólasöfn lána út fartölvur til sinna nemenda.

Eru fartölvur og annar búnaður lánaður út á þínu bókasafni?

27 responses



Mynd 6: Svör við spurningunni: Eru fartölvur og annar búnaður lánaður út á þínu bókasafni?


Lög um framhaldsskóla og skólasöfn

Skólameistarar voru í könnuninni spurðir nokkurra spurninga sem vísa til 39. greinar í *Lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008*.

Aðgengi nemenda að bókasafni eða þjónustu safns

Meðal þess sem skólameistarar voru spurðir um var hvort þeir teldu að þeirra skóli uppfyllti skilyrði um að í framhaldsskólum skuli vera skólasafn eða tryggt aðgengi að þjónustu slíks safns. Svör og svarhlutföll má sjá á mynd 7. Langflestir voru mjög sammála eða sammála því að skólinn uppfyllti þessar skyldur.

28 responses




Mynd 7: Svör við spurningunni: Telur þú að þinn skóli uppfylli lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, 39.gr.a Skólasafn m.t.t. „Í öllum framhaldsskólum skal gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns“?

Hlutverk, búnaður og aðstaða á skólasafni

Að auki var spurt hvort skólinn uppfyllti Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, 39.gr. a Skólasafn, með tilliti til skilgreininga í lögum um hlutverk skólasafna sem upplýsingamiðstöðva fyrir nemendur og kennara, að safnið skuli búið safnkosti sem tengist kennslugreinum skólans og bjóða upp á lesaðstöðu og aðgengi að upplýsingum. Svörin við spurningunni má sjá á mynd 8.

28 responses




Mynd 8: Svör við spurningunni: Telur þú að þinn skóli uppfylli lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, 39.gr.a Skólasafn m.t.t. „Hlutverk skólasafns er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla. Í tengslum við starfsemi skólans skal vera lesaðstaða með aðgengi að upplýsingaritum á skólasafni“?

Þjálfun nemenda í sjálfstæðri upplýsingaleit

Að lokum var spurt hvernig skólameistarar teldu skólana uppfylla *Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, 39.gr.a Skólasafn* þegar horft væri til orðalags í lögum um að í starfsemi skólasafna skuli lögð áhersla á að þjálfa nemendur í sjálfstæðum upplýsingaleitum. Niðurstöður má lesa á mynd 9.

28 responses



Mynd 9: Svör við spurningunni: Telur þú að þinn skóli uppfylli lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, 39.gr.a Skólasafn m.t.t. „Í starfsemi skólasafns skal leggja áherslu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga og notkun gagnabanka?“

Almennt eru skólameistarar mjög sammála og sammála um að þeir telja sína skóla uppfylla títtnefnda 39 gr. a. Skólasafn, burtséð frá því hvort skólasafn er starfrækt við skólann eða bókasafns- og upplýsingafræðingur starfandi.

Samantekt

Það er ákveðin þversögn í niðurstöðum könnunarinnar, þegar litið er til þess að bókasafns- og upplýsingafræðingar eru ekki starfandi við fjórðung þeirra framhaldsskóla sem svöruðu könnuninni. Það er mikilvægt að öflug og fagleg starfsemi skólasafns styðji við alla kennslu og nám. Mikilvægt er að nemendur fái kennslu í upplýsingaöflun og upplýsingalæsi. Þeir eiga samkvæmt lögum rétt á þessari þjónustu og það er afar brýnt að efla vitund stjórnenda um gildi skólasafna.

Rafrænt skylduskilaefni: Áskorun sem leiðir til lausna

*Höfundar: Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar
og Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir*

Inngangur

Á síðustu árum hefur útgáfa efnis á Íslandi færst í auknum mæli yfir á rafrænt form, sem hefur haft veruleg áhrif á söfnun og skráningu skylduskilaefnis hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni (Lbs-Hbs). Samkvæmt lögum ber safninu að safna, varðveita og gera allt efni sem gefið er út á Íslandi aðgengilegt til framtíðar, en þróun í útgáfuformum hefur skapað nýjar áskoranir við að uppfylla þetta lögbundna hlutverk. Sérstaklega hafa rafrænar skýrslur opinberra stofnana reynst flóknar í meðförum, þar sem þær eru nú að mestu eingöngu birtar á vef og ekki lengur sendar til safnsins í prentuðu formi. Til að mæta þessum áskorunum hefur safnið þróað og innleitt nýtt skráningarkerfi sem nefnist Lýsa. Í þessari grein er fjallað um þróun og virkni Lýsu, hvernig hún nýtir sjálfvirka úrvinnslu lýsigagna og hvernig þessi lausn hefur bætt skilvirkni í skráningu rafrænnar útgáfu. Að auki er fjallað er um þær tæknilegu áskoranir og framtíðarmöguleika sem tengjast sjálfvirkni í skráningu á Íslandi.

Lög um skylduskil og rafræn útgáfa

Eitt af lögbundnum hlutverkum Lbs-Hbs er að safna öllu efni sem gefið er út eða ætlað til dreifingar á Íslandi, gera það aðgengilegt og varðveita það til framtíðar. Það hlutverk nefnist skylduskil og um þau gilda *Lög um skylduskil til safna nr. 20/2002*. Í því felst að allar bækur, skýrslur, tímarit, dagblöð, tónlist, bæklingar, veggspjöld og ýmislegt annað útgefið efni er skilaskyldt til safnsins. Þetta efni hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum, þar sem útgáfa er ekki lengur eingöngu á áþreifanlegu formi eins og pappír. Bækur, skýrslur, tímarit og dagblöð eru nú í auknum mæli gefin út rafrænt, sem hefur haft áhrif á innheimtu og skráningu efnisins. Þetta hefur leitt til þess að magn útgefins efnis sem berst í skylduskilum hefur margfaldast, en bæði rafrænt og prentað efni þarf að innheimta og skrá. Rafræn útgáfa hefur ekki komið í stað prentmiðla heldur bæst við, sem eykur álag við innheimtu, söfnun og skráningu. Nýir miðlar og aukið umfang í útgáfu krefst aukinnar eftirfylgni og þróunar nýrra aðferða til að tryggja að allt skilaskyldt efni sé innheimt, varðveitt og gert aðgengilegt.

Skýrslur opinberra stofnana hafa verið sérstök áskorun fyrir Lbs-Hbs, en útgáfa þeirra hefur færst nær alfarið yfir á rafrænt form. Þær eru nú sjaldnast prentaðar og berast safninu því ekki lengur í skilum frá prentsmiðjum heldur eru þær að mestu eingöngu birtar á vef stofnana og með birtingunni hafa stofnanirnar uppfyllt skilaskyldu sína samkvæmt 8. gr. skylduskilalaga.

Þetta hefur gert söfnun þeirra og skráningu flóknari. Lbs-Hbs nær að safna og varðveita rafrænar skýrslur með vefsafninu sem það rekur, en aðgengi að efniinu og notkunarmöguleikar eru takmarkaðir. Vefsafnið er ekki leitarbært, enda engar skráningarfærslur fyrir staka titla til staðar. Þannig hefur Lbs-Hbs ekki getað uppfyllt öll markmið skylduskilalaga þegar kemur að rafrænum skýrslum. Stór hluti þeirra hefur eingöngu verið varðveittur en ekki skráður og því ekki gerður nægilega aðgengilegur.

Til að takast á við þetta vandamál hefur safnið nú tekið í notkun nýtt kerfi sem flýttir verulega fyrir og auðveldar skráningu rafrænnar útgáfu. Kerfið, sem hefur fengið nafnið Lýsa, er notað til að vinna með lýsigögn og skráningarfærslur utan bókasafnskerfisins Gegnis (Ölmu). Með Lýsu getur safnið ekki aðeins safnað rafrænum skýrslum til varðveislu, heldur einnig skráð þær og tryggt að markmið skylduskilalaga séu uppfyllt að fullu. Að auki hefur þessi nýja lausn haft í för með sér nýja möguleika við skráningu á rafrænni útgáfu yfirhöfuð. Þótt kerfið hafi fyrst og fremst verið þróað til að auðvelda skráningu rafrænna skýrsla, er nú þegar komin nokkur reynsla á að nota það til að flýta fyrir skráningu á rafbókum og rafrænum hljóðbókum sem gefnar eru út á almennum markaði. Notkun á þessu nýja kerfi hefur gefist vel við að koma í veg fyrir að flöskuhálsar myndist í skráningu þegar rafbókaútgefendur skila tugum eða hundruðum titla á einu bretti til safnsins.

Lýsa: Þróun og virkni

Þróun og innleiðing Lýsu hófst um mitt ár 2024 með samhentri vinnu sérfræðinga í skráningu, upplýsingatækni og í skylduskilum á safninu. Það var svo í byrjun 2025 sem safnið tók kerfið formlega í notkun. Kerfið, sem stuðlar að sjálfvirkri skráningu á rafrænu skylduskilaefni, er notað til að vinna með lýsigögn utan Gegnis á fljótlegan og skilvirknan hátt. Lýsigögnin sem um ræðir koma annað hvort beint frá útgefendum eða eru dregin út með vélvirkum lestri á sjálfum viðföngunum. Þetta er gert með notkun á opnum hugbúnaði sem þróaður var af norrænum þjóðbókasöfnum. Hugbúnaðurinn sem um ræðir er annars vegar METEOR sem kemur frá Norska þjóðbókasafninu (*Nasjonalbiblioteket*) og hins vegar ANNIF sem kemur frá Þjóðbókasafni Finnlands (*Kansalliskirjasto*). METEOR les PDF skjöl og dregur út helstu lýsigögn s.s. titil, nöfn höfunda, útgáfuár, heiti útgefanda, tungumál og stöðluð auðkennisnúmer eins og ISBN og ISSN. ANNIF les textann í PDF skjölunum og efnisgreinir innihald út frá þeim upplýsingum. ANNIF, sem nýtir vélrænt nám (*e. machine learning*) var þjálfað á lýsigögnum úr Gegni og tengt við Kerfisbundinn efnisorðalykil eins og hann er settur fram í Lykilskrá Lbs-Hbs. Þannig getur hugbúnaðurinn gefið samþykkt íslensk efnisorð og landfræðileg efnisorð, án þess að manlegt auga þurfi að koma að efnisgreiningarferlinu.

Skrásetjarar Landsbókasafns geta unnið með lýsigögnin sem METEOR og ANNIF draga úr skjölunum í viðmóti Lýsu. Þar má lagfæra gögnin sem METEOR dregur úr PDF skjölunum og bæta við skráningarupplýsingum sem ekki hefur tekist að ná úr skjalinu. Þar má einnig sækja

staðfestar nafnmyndir úr nafnmyndagrunni Gegnis fyrir einstaklinga og skipulagsheildir og fara yfir efnisorðin sem ANNIF gaf. Þegar skrásetjari er sáttur við færsluna er hún samþykkt í Lýsu og flyst þá bæði yfir í bókfræðigrunn Gegnis þar sem hún varpast yfir á MARC21 lýsigagnasnið, og í Rafhlöðuna, rafrænt varðveislusafn Landsbókasafns, þar sem skráningarfærslan er vistuð á DC-lýsigagnasniði. Í sömu aðgerð færir kerfið sjálft viðfangið, bókina eða skýrsluna á sinn stað í Rafhlöðu og þar varðveitist skráin til framtíðar.

Fyrir utan skýrslur á PDF sniði, geta skrásetjarar Landsbókasafns að auki unnið í Lýsu með lýsigögn sem berast frá útgefendum á ONIX lýsigagnasniði (*e. Online Information Exchange*) sem er XML snið, víða notað í bóksölu á netinu. ONIX lýsigögnin sem fylgja með skylduskilum á rafbókum og rafrænum hljóðbókum eru lesin vélvirkt og þeim upplýsingabútum, sem ákveðið hefur verið að nota er hlaðið upp í Lýsu. Þetta eru til dæmis upplýsingar um titil, höfund, ritröð og önnur mikilvæg atriði bókfræðilegrar lýsingar. Þessi lýsigöng eru svo, líkt og lýsigögnin sem verða til sjálfvirkt við lestur METEOR og ANNIF á PDF skjölum, yfirfarin og samþykkt af skrásetjurum í Lýsu og í framhaldinu hlaðið yfir í Gegni og Rafhlöðuna.

Tímasparnaður og skilvirkni

Tímasparnaðurinn sem af þessu nýja kerfi hlýst er gríðarlegur. Í fyrsta lagi er unnið með gögnin óháð lýsigagnasniði. Ekki þarf að huga að því hvaða MARC21 svið og deilisvið skuli nota eða hafa áhyggjur af réttum vísum og kóðum. Unnið er með gögnin á mannamáli og þau síðan færð yfir á MARC21 lýsigagnasnið um leið og þeim er hlaðið inn í Gegni út frá fyrir fram skilgreindum reglum. Þær reglur segja til um hvaða upplýsingar eða gildi skuli færð í hvaða svið og deilisvið og hvernig skuli raða vísum í færslunni. Í öðru lagi byrja skrásetjarar aldrei með autt blað þegar þeir setjast við skráningu. Búið er að fylla upp í langflest skráningarsvið, annað hvort með sjálfvirkum gagnaútdrætti eða með lýsigögnum frá útgefanda. Í stað þess að frumskrá hvert atriði í færslu vinna skrásetjarar að því að fara yfir réttmæti upplýsinganna, laga smávægilegar villur og bæta við ef upp á vantar.

Uppsetning og gerð PDF skjala hefur mikið að segja um það hversu vel Lýsu gengur að draga út réttar og ítarlegar skráningarupplýsingar eða lýsigögn. Eins og við má búast þarf skjalið að vera í textaformi frekar en vistað sem mynd eða skönnuð útgáfa af texta. Uppsetning texta og merkingar í skjalinu skipta einnig máli, þar sem hugbúnaðurinn hefur meiri möguleika á að draga út góð lýsigögn ef textinn er uppsettur á rökréttan og skipulagðan hátt.

Tæknileg aðlögun og áskoranir

Ein helsta ástæðan fyrir því að Lbs-Hbs getur nýtt sér tækni á borð við METEOR og ANNIF og tekið á móti lýsigögnum beint frá útgefendum á öðru sniði en MARC21 er hugbúnaðurinn sem Gegnir keyrir á síðan 2022 (Alma). Upplýsingatæknideild Lbs-Hbs nýtir API lykla til að

sambætta önnur kerfi, eins og Lýsu, við Gegni. Þetta var ekki möguleiki í fyrri hugbúnaði Gegnis (Aleph). Til þess að þróa og innleiða Lýsu þurfti mikla bakendavinnu. Upplýsingatæknideild Lbs-Hbs þurfti að þjálfra bæði METEOR og ANNIF til þess að hægt væri að nota hugbúnaðinn til að vinna með gögn á íslensku. ANNIF þurfti einnig að þjálfra sérstaklega til þess að nota efnisorð úr Lykilskrá/Kerfisbundnum efnisorðalykli Gegnis.

Ekki voru öll reiknirit (*e. algorithm*) sem ANNIF býður upp á, samrýmanleg íslenskri tungu og því getum við, eins og staðan er í dag, ekki fengið jafn góðar niðurstöður úr efnisgreiningu ANNIF eins og lönd með stærri málsvæði og meiri þjálfunarmöguleika. ANNIF hefur aðeins hlotið grunnþjálfun með lýsigögnum úr Gegni. Hægt er þjálfra hugbúnaðinn betur með stærra þýði gagna, en Lbs-Hbs hefur ekki mannafla til að leggja í slíkt verkefni að svo stöddu.

Að lokum

Þrátt fyrir aukið umfang rafrænnar útgáfu er prentað efni enn gefið út í verulegum mæli. Rafrænt skylduskilaefni hefur bæst við hið prentaða frekar en að koma í stað þess. Þetta hefur leitt til mikillar aukningar á vinnu við innheimtu efnis og skráningu þess, án þess að mannaflí hafi aukist að sama skapi. Til að mæta þessum áskorunum er nauðsynlegt að horfa til nýrra lausna, þar á meðal sjálfvirkni í skráningu.

Sjálfvirkni í skráningu hefur ýmislegt jákvætt í för með sér. Í fyrsta lagi felast í sjálfvirkninni möguleikar á því að vinna mun hraðar úr innsendu efni en áður. Með tilkomu Lýsu, hefur Lbs-Hbs fengið mikilvægt tól til að skrá rafræna útgáfu um leið og hún berst safninu. Þetta er verulegt framfaraskref, en gegnum tíðina hefur rafrænt skylduskilaefni gjarnan safnast upp óskráð til lengri eða skemmri tíma og því bæði óaðgengilegt notendum og ótalið í tölfræði-úttektum um íslenska útgáfustarfsemi.

Einnig má ætla að vönduð innleiðing á sjálfvirkni í skráningu geti fækkað mannlegum mistökum, svo sem innsláttarvillum í skráningarfærslum. Þá má ætla að sjálfvirkni komi til með að fækka vinnustundum sem fara í einsleita skráningarvinnu og í staðinn verði hægt að nýta sérfræðipækkingu skrásetjara í þróunarvinnu og gæðaverkefni.

Sjálfvirk skráning hefur einnig sínar takmarkanir. Skráningarfærslur sem verða til með þessum hætti eru ekki jafn ítarlegar og þær sem eru handskráðar með hefðbundnum aðferðum. Lýsa býr ekki yfir sömu þekkingu og dómgreind og sérfræðingur í skráningu sem kann að meta upplýsingar og greina milli aðal- og aukaatriða þegar kemur að bókfræðilegri skráningu. Lýsa hefur heldur ekki aðgang að öðrum upplýsingum en þeim sem kerfið hefur verið matað á, hún getur ekki metið og sannreynt réttmæti flokkstalna og efnisorða og getur ekki mátað eigin gögn við önnur kerfi, svo sem flokkunarkerfi Deweys, verklagsreglur safnsins um skráningu, lyklun og flokkun eða Handbók skrásetjara Gegnis.

Það er ljóst að sjálfvirkni í skráningu verður þróuð áfram bæði á Íslandi og erlendis. Meðal þess sem sérfræðingar á Lbs-Hbs vilja gjarnan láta reyna á í framtíðinni er að skoða hvort hægt sé að leita með markvissum hætti í vefsafni Landsbókasafns að PDF skjölum sem ekki eru þegar skráð í Gegni, færa þau skjöl yfir í Lýsu og þaðan í Gegni og Rafhlöðu. Með því mætti enn betur takast á við aukið umfang skylduskilaskráningar og tryggja aðgengi að rafrænni útgáfu.

Umframopnun án þjónustu á Borgarbókasafninu í Kringlunni og í Sólheimum: Tækifæri og áskoranir

Höfundur: Rut Ragnarsdóttir

Inngangur

Umframopnun+ Borgarbókasafnsins í Kringlu og Sólheimum er viðbótarþjónusta við notendur sem felst í því að bjóða skráðum notendum með gilt bókasafnsskírteini að nota aðstöðuna á safninu eftir að hefðbundnum afgreiðslutíma lýkur, eða áður en hann hefst. Notendur sækja um aðgang inn á Mínum síðum á heimasíðu Borgarbókasafns og geta svo heimsótt söfnin í Kringlu eða Sólheimum. Þar geta notendur nýtt sér aðstöðu safnsins, ásamt því að geta fengið bækur og annað efni að láni eða skilað því. Þegar notendur sækja um aðgang gangast þeir við því að virða reglur og ganga vel um. Í reglum um *Umframopnun+* stendur skýrt að ef notandi verði uppvís að því að brjóta reglur eða ekki virða eigur safnsins, áskilur safnið sér rétt til að afturkalla aðgangsheimildir viðkomandi án viðvörunar. Svona fyrirkomulag getur falið í sér mörg tækifæri fyrir safnið og notendur þess, en að sama skapi eru ýmsar áskoranir sem hafa verður í huga.

Umframopnun bókasafna tíðkast víðast í löndunum í kring um okkur og hefur Borgarbókasafnið horft mikið til frænda okkar Dana í því samhengi. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að hefja þessa vegferð var fyrst og fremst til að auka þjónustu við notendur, en svo má einnig sjá hag í því að stytta hefðbundinn þjónustutíma og bjóða upp á umframopnun í staðinn. Hér á eftir verður farið í helstu kosti þess að bjóða upp á þessa þjónustuviðbót, sem og lýsa reynslunni fyrstu misserin.

Af hverju að bjóða upp á umframopnun?

Umframopnun+ er frábær viðbótarþjónusta sem stendur öllum notendum bókasafnsins 18 ára og eldri til boða. Opnunartími bókasafna er oft á tíðum takmarkaður, vegna takmarkaðs fjármagns sem fæst í rekstur þeirra. Það mætti segja að flest, ef ekki öll bókasöfn myndu vilja opna dyr sínar fyrir gestum í fleiri klukkustundir er nú þegar er svigrúm til. Eins er þörfin í samfélaginu eflaust alltaf meiri en það sem söfnin geta boðið. Umframopnun svarar þörfum þeirra sem ekki komast á safnið til að sækja sér efni á hefðbundnum afgreiðslutímum, léttir undir með fjölskyldum sem vakna snemma, auðveldar nemendum að sinna heimanámi með því að veita aðstöðu sem hentar, ásamt heimildum í bókunum allt um kring. Eins eru í boði tölvur og prentþjónusta fyrir þá sem það þurfa.

Fyrir hvern?

Opið bókasafn án þjónustu getur verið hagkvæmt fyrir ýmsa aðila. Samfélagið í heild hefur ávinning af auknu aðgengi að bókasöfnum. Bæði með tilliti til bættrar aðstöðu til náms, afþreyingar og ýmissa verka, sem og aukins aðgengis að upplýsingunum og afþreyingarefni sem söfnin veita aðgengi að. Ávinningur safnsins er aukin ánægja meðal notenda, aukin aðsókn og bætt samkeppnisstaða gagnvart öðrum aðilum sem bjóða upp á aðgengi að stafrænu efni. Eins má líka minnast á að af þessu getur hlotist sparnaður í launakostnaði fyrir rekstraraðila bókasafna. Hér þarf þó að hafa í huga að skortur á starfsfólki gæti haft neikvæð áhrif á þjónustugæði, öryggi og viðhald safna.



Mynd 1 og 2: Borgarbókasafnið Kringlunni

Hvernig hefur gengið?

Það er óhætt að segja að ferlið við að koma *Umframopnun+* á laggirnar hafi bæði verið langt og strangt. Í innleiðingunni var leitað til danska fyrirtækisins Biblioteka, sem sérhæfir sig í ýmsum tæknilausnum fyrir bókasöfn um allan heim; sjálfsafgreiðsluvélum og tæknibúnaði fyrir umframopnanir svo eitthvað sé nefnt. Tæknimenn á þeirra vegum komu til landsins til að setja upp nauðsynlegan tæknibúnað og sáu um uppsetninguna í samvinnu við Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR).

Í búnaðinum sem kemur frá Biblioteka er meðal annars myndavélaeftirlitskerfi, aðgangsstýring með innskráningarlyklaborði sem leyfir notendum að skrá sig inn með kennitölu eða bókasafnskorti, netþjónn sem stjórnar inngangi notenda og forrit sem heldur utan um stjórnina á öllu þessu. Breyta þurfti stillingum á öryggiskerfi safnsins og það reyndist ekki einfalt, en eftir marga tölvupósta til öryggisfyrirtækisins og þó nokkrar heimsóknir frá tæknimönnum þeirra hefur greiðst úr málum.

Þó nokkrar tafir urðu á verkefninu vegna þess hve hægt gekk að fá UTR til að vinna að verkefninu með Biblioteca, enda er þetta í fyrsta sinn sem svona kerfi er sett upp hjá stofnun á vegum Reykjavíkurborgar. Í sumarlok í fyrra, 2024 var þó loksins komin á tenging og hægt var að byrja að bjóða þjónustuna. Ákveðið var að opna formlega á bókasafnsdaginn í byrjun september 2024.

Þegar þessi grein er skrifuð er þó ekki komin á full virkni. Erfiðlega gengur að koma á tengingu milli umframopnunarkerfis Biblioteca (Open+) og Gagnis (Ölmu). Vinna við að tengja kerfin er í gangi, en þangað til full tenging næst, má segja að umframopnun safnsins sé í tilraunafasa.

Fyrir utan óþarflega marga tæknilega erfiðleika í byrjun hefur þessi viðbótarþjónusta gengið framár vonum. Á þriðja hundrað notendur eru nú þegar skráðir með aðgang, bæði í Kringlu og í Sólheimum. Engin vandamál tengd notendum hafa komið upp og notkunin er mikil.

Það tók talsverðan tíma að koma öllum þáttum *Umframopnunar+* inn í vinnuumhverfi starfsmanna og þurfti að breyta mjög miklu í vinnulagi og verkferlum. Tafir á tæknilegu hliðinni gerðu þó að verkum að starfsfólk hafði nægan tíma til að þróa og æfa nýtt verklag og þegar þjónustan var loksins formlega opnuð voru öll tilbúin. Ekki var laust við að efasemda hafi gætt hjá starfsfólki í byrjun, en eins og með allar breytingar, er erfiðast að takast á við þær í byrjun. Með tíma og reynslu hurfu þær áhyggjur að mestu leyti.



Mynd 3: Borgarbókasafn Kringlunni. Öll aðstaða er aðgengileg fyrir gesti sem nýta sér Umframopnun+

Framtíðarsviðsmyndir

Með réttri stýringu getur umframopnun bókasafnsins aukist enn frekar, og mögulega á öðrum útibúum Borgarbókasafns. Ef notendur virða reglur og öryggiskerfi virka vel, getur þetta fyrirkomulag opnað dyr fyrir lengri opnunartíma á öðrum menningarstofnunum.

Umframopnun+ er spennandi tilraun sem getur gert söfnin að enn eftirsóknarverðari menningarmiðdepli fyrir alla aldurshópa. Eftirspurn eftir sveigjanlegri þjónustu eykst stöðugt, og ef vel tekst til, gæti hún styrkt markmið okkar um betra aðgengi að menntun og menningu fyrir öll og fært okkur nær framtíðarbókasafninu.

Nánari upplýsingar um *Umframopnun+* ásamt skráningu, má finna á heimasíðu Borgarbókasafnsins.

IFLA LRM og RDA skráningarreglurnar

Höfundur: Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir

Inngangur

Það sem af er 21. öldinni hafa átt sér stað miklar breytingar á framleiðslu, dreifingu, miðlun, leit og neyslu upplýsinga. Þessi þróun hefur kallað á nýja nálgun og uppstokkun á skráningarstöðlum, skráningarreglum og skráningarviðmiðum. Dæmi um nýjungar sem þessi þróun hefur kallað á, eru alþjóðlegu RDA-skráningarreglurnar (*e. Resource Description and Access*) sem hafa nú víðast hvar tekið við eldri reglum og stöðlum.

Árið 2016 voru RDA-reglurnar innleiddar í Gegni og hafa skráningarfærslur í kerfinu síðan þá byggt á þeim. Í alþjóðlegu samhengi hafa RDA-reglurnar þó verið í stöðugri endurskoðun og nú hefur ný útgáfa þeirra formlega tekið við upprunalegu útgáfunni. Ein helsta ástæðan fyrir endurskoðun RDA reglanna, er sú að hugmyndafræðin sem þær byggja á hefur tekið nokkrum breytingum. FR hugtakalíkonin þrjú⁵ sem voru upphaflega höfð til grundvallar við sköpun RDA þóttu ekki nægilega samrýmanleg eða heildstæð. Þau hafa nú verið samræmd og sameinuð í eitt líkan, IFLA Library Reference Model (LRM).

RDA-reglurnar eru gefnar út á vefnum RDA Toolkit og í maí 2027 verður upprunalegu útgáfu þeirra endanlega „lokað“ og ný útgáfa tekur alfarið við. Eftir þann tíma verður aðeins hægt að nálgast og nota nýju RDA-reglurnar sem skráningarviðmið. Af þessu er ljóst að Gegnissöfnin verða að hefja vinnu fljótlega við að innleiða nýju RDA-reglurnar. Til þess að sú vinna takist vel, er mikilvægt að við höfum góðan skilning á hugmyndafræðilegri undirstöðu þeirra, LRM líkaninu.

Í þessari grein verður farið yfir uppbyggingu LRM líkansins, tengingu þess við RDA reglurnar og hvaða skref Gegnissamlagið þarf að taka til þess að innleiða breytingarnar sem orðið hafa á þeim.

IFLA Library Reference Model

Hér verður stiklað á stóru þegar kemur að uppbyggingu og inntaki LRM líkansins. Hafa ber í huga að mörg hugtök sem þar birtast hafa ekki verið formlega þýdd yfir á íslensku en höfundur mun styðjast við þær þýðingar sem hingað til hafa verið notaðar í kennslu á efninu í

⁵ Functional Requirements for Bibliographic Data (FRBR, 1998), Functional Requirements for Authority Data (FRAD, 2009) og Functional Requirements for Subject Authority Data (FRSAD, 2011).

upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Mikilvægt er að átta sig á því að hugtakalíkon eins og LRM eru ekki eiginlegar skráningarreglur eða skráningarstaðall heldur hugmyndafræði sem auðveldar okkur alla umfjöllun um skráningu. Hugmyndafræði LRM endurspeglar svo í RDA-reglunum, sem að lokum hefur áhrif á framsetningu gagna í bókasafnsskrám.

LRM er eininda- og venslalíkan (*e. entity-relationship model*). Vegna þess að líkanið kemur fram 20 árum seinna en fyrsta FR-líkanið, er í því tekið tillit til ýmissa tækninýjunga sem ekki voru til staðar í upprunalegu hugtakalíkonunum. Það hentar því betur sem líkan fyrir nútíma skráningarstaðla og til að vinna með samtengd gögn (*e. linked data*).

Notendaaðgerðir

Grunnurinn að LRM líkaninu er að bókfræðigögn skuli skipulögð með notendur í huga. Því eru skilgreindar fimm notendaaðgerðir sem þarf að hafa í huga við skráningu. Notendaaðgerðir LRM eru:


- Að finna (*e. find*): Notendur koma að upplýsingakerfum til þess að finna tiltekið efni og setja fram fyrirspurnir í samræmi við það.
- Að bera kennsl á (*e. identify*): Notendur ganga úr skugga um að leitarheimtur skili efni sem samræmist því sem leitað var að, og geta greint á milli tveggja eða fleiri viðfanga með svipuð einkenni.
- Að velja (*e. select*): Notendur velja það efni sem hentar þeim og hafna því sem ekki hentar.
- Að nálgast (*e. obtain*): Notendur vilja komast yfir eða fá aðgang að viðföngum.
- Að skoða (*e. explore*): Notendur sjá nýtt samhengi eða uppgötva ný viðföng með því að fylgja venslum sem skráð hafa verið í bókfræðifærslur.

Einindi, eiginleikar og vensl


Líkanið er, eins og áður sagði, eininda-venslalíkan og þau hugtök sem unnið er með eru einindi (*e. entities*), eiginleikar (*e. attributes*) og vensl (*e. relationships*). Einindi eru sérhvert hlutrænt eða hugrænt fyrirbæri sem til er, hefur verið til eða gæti orðið til í bókfræðilegu samhengi. Til dæmis einstaklingur (höfundur), hugverk (skáldsaga) eða staður (útgáfustaður). Þessi einindi búa svo yfir eiginleikum sem lýsa þeim og greina þau frá öðrum einindum. Þannig getur einn eiginleiki einstaklings verið starfsvettvangur hans og einn eiginleiki hugverks verið tegund þess, t.d. hvort það er skáldsaga eða fræðigrein. Hvert einindi getur svo tengst öðrum einindum með mismunandi venslum. Til að mynda getur einstaklingur tengst hugverki með því að vera höfundur þess.

Þessi uppsetning á hugtakalíkaninu er kunnug þeim sem hafa kynnt sér FRBR-líkanið. Í LRM

er þó vikið frá upprunalega FRBR-líkaninu, því ýmsir FRBR-eiginleikar eru í LRM skilgreindir sem einindi. Á meðan FRBR tilgreinir nafn og fæðingarár einstaklings sem eiginleika hans (sjá mynd 1) verða þessir eiginleikar að öðrum einindum í LRM sem eru vensluð við einindið einstaklingur (sjá mynd 2).



Mynd 1: Einindi, eiginleikar og vensl samkvæmt FRBR. Einindi eru réttthyrningslaga, eiginleikar eru sporöskjulaga og vensl eru tíglar.




Mynd 2: Einindi, eiginleikar og vensl samkvæmt LRM. Einindi eru réttthyrningslaga, eiginleikar eru sporöskjulaga og vensl eru tíglar.

WEMI-einindin

WEMI einindin svokölluðu eru eftirfarandi fjögur einindi; hugverk (*e. work*), útfærsla (*e. expression*), birtingarform (*e. manifestation*) og eintak (*e. item*). Þessi einindi eru lykilatriði í LRM. Þeim er stigveldisraðað í líkaninu og þar er hugverk víðasta hugtakið og eintakið það þrengsta. Hugverk er einnig óáþreifanlegasta einindið og eintakið það áþreifanlegasta. Í líkaninu eru öll vensl milli WEMI-einindanna skilgreind. Hugverk „er útfært í“ útfærslu, útfærslan „er sett fram“ sem birtingarform og birtingarformið „er tiltækt í“ eintaki.

Ef við komum skáldsögunni *Mýrinni* eftir Arnald Indriðason fyrir í líkaninu er hugverkið sagan sjálf, sem óhlutbundið fyrirbæri eða hugmynd, í engri sérstakri útfærslu eða á sérstöku formi. Fyrsta útfærsla hugverksins er svo *Mýrin* útfærð sem skáldsaga á íslensku og gefin út í prentformi árið 2000. Fleiri útfærslur líta svo dagsins ljós og það eru t.d. þýðingar á önnur tungumál og lesnar útfærslur sem ætlaðar eru fyrir hljóðbókaútgáfu. Hver útfærsla getur svo átt sér eitt eða fleiri birtingarform. *Mýrin* í sömu ensku þýðingunni getur komið út hjá tveim mismunandi útgefendum og haft ólíkt blaðsíðutal og er þá um að ræða mismunandi birtingarform. Hljóðritið getur einnig átt sér fleiri en eitt birtingarform ef það er gefið út bæði sem hljómdiskur og sem vefvistuð hljóðbók. Loks er hvert birtingarform gert tiltækt í eintaki eða mörgum eintökum, sem öll eru eins (sjá mynd 3).



Mynd 3: WEMI einindi og vensl þeirra á milli. Mynd upprunalega fengin frá Rögnu Steinarsdóttur

Þessi hluti líkansins endurspeglast mjög skýrt í RDA skráningarreglunum, sem segja okkur að bókfræðifærslur skuli lýsa birtingarforminu, þótt tilteknir eiginleikar hugverksins, útfærslunnar og jafnvel eintaks geti átt heima í slíkri færslu. Að geta greint eitt birtingarform frá öðru er grundvallarþekking fyrir skrásetjara, sem skrá samkvæmt RDA-reglum og þurfa að geta metið hvenær skuli stofna nýja bókfræðifærslu og hvenær ekki.

Uppbygging LRM líkansins

LRM-líkanið er sett fram sem stigveldi og skilgreinir 11 einindi, 37 eiginleika og 36 tegundir vensla. Hvert og eitt einindi, eiginleiki eða vensl fær sinn sérstaka merkimiða í líkaninu eins og sjá má í töflu 1 yfir einindin. Þannig er LRM líkanið ekki einungis ætlað mennskum augum heldur hannað þannig að það megi nota sem viðmið þegar gögn eru sniðin inn í kerfi og skipulögð þannig að þau megi skilja í samhengi við gögn í öðrum kerfum, þ.e. samtengd gögn.

LRM Einindastigveldi		
Efsta stig	2. stig	3. stig
LRM-E1 Res		
	LRM-E2 Hugverk (e. work)	
	LRM-E3 Útfærsla (e. expression)	
	LRM-E4 Birtingarform (e. manifestation)	
	LRM-E5 Eintak (e. item)	
	LRM-E5 Aðili (e. agent)	
		LRM-E7 Einstaklingur (e. person)
		LRM-E8 Samlag (e. collective agent)
	LRM-E9 Nomen	
	LRM-E10 Staður (e. place)	
	LRM-E11 Tímabil (e. timespan)	

Tafla 1: Einindastigveldi LRM

Einindi í LRM

Stigveldisröðun einindanna í LRM-líkaninu hefur áhrif á eiginleika þeirra og venslin þeirra á milli. Eiginleikar og vensl erfast niður stigveldið og þess vegna þarf bara að skilgreina hvert þeirra einu sinni. Eiginleiki sem á við einindi ofar í stigveldinu getur einnig átt við um einindi neðar í því. Þannig geta eiginleikar hugverks erfst yfir á útfærslur hugverksins og eiginleikar útfærslunnar átt við um birtingarform hennar. Það sama á við um venslin. Höfundur hugverks er höfundur allra útfærslna, birtingarforma og eintaka hugverksins án þess að það þurfi að skilgreina venslin á hverju stigi.

Í LRM líkaninu er aðeins eitt einindi í efsta þrepi stigveldisins. Það kallast *Res*, sem þýðir „hlutur“ á latínu. *Res* er svokallað ofureinindi og stendur í raun fyrir allt sem er talið skipta máli

í hinum bókfræðilega heimi. Þetta hefur til dæmis áhrif á þá tegund vensla sem í LRM-líkaninu kallast „Hugverk hefur viðfangsefni/Er viðfangsefni res“ sem eru sérstök vensl milli *Res* og hugverks. Af því að venslin erfast niður stigveldið þarf ekki að skilgreina þau nema einu sinni og vegna þess að *Res* er ofureinindi geta öll einindi neðar í stigveldinu verið *Res*. Þannig geta öll einindi líkansins verið viðfangsefni hugverks.

Annað einindi sem ber latínuheiti í líkaninu er *Nomen*, sem þýðir „nafn“ á latínu. Skilgreiningin á *Nomen* er: Samband milli einindis og merkingarinnar sem vísar til þess. Sem sagt nafn eða heiti á tilteknu fyrirbæri. *Nomen* er mikilvægt einindi í líkaninu vegna þess að hlutir eiga sér oft fleiri en eitt heiti og hvert heiti getur átt sér fleiri en eina birtingarmynd. Þannig vitum við að „Halldór Laxness“, „Halldór Kiljan Laxness“, „Halldór Guðjónsson“ og „Халлдор Лаксечеру“ eru nöfn sem öll vísa til sama einstaklings/einindis. Að sama skapi þarf að vera hægt að aðgreina tvö eða fleiri ólík einindi sem bera sama heiti (samheiti). Með því að vensla *Nomen* við einindi er hægt að taka af allan vafa um hvaða einindi heitið á við.

Eiginleikar í LRM

Öll einindi í LRM líkaninu búa yfir eiginleikum. Eiginleikarnir eru atriði sem eru einkennandi fyrir einindin. Eiginleikar lýsa einindum og hjálpa notendum að bera kennsl á þau í leitarniðurstöðum. Því fleiri eiginleikar sem eru til staðar í skráningarfærslum þeim mun nákvæmari eru lýsigögnin. Hver og einn eiginleiki er skilgreindur í tengslum við eitt ákveðið einindi. Svipaðir eiginleikar geta átt við um fleiri en eitt einindi en eru þá skilgreindir út frá hverju einindi fyrir sig. Þannig getur tungumál verið eiginleiki útfærslu, aðila og *Nomen* en skilgreiningin fyrir hverja tegund eiginleika er ekki sú sama. Tungumál sem eiginleiki útfærslu er tungumálið sem útfærslan er sett fram á. Tungumál sem eiginleiki aðila er tungumálið sem aðilinn notar þegar hann skapar útfærslu, og hver aðili getur haft fleiri en eitt tungumál sem eiginleika. Að lokum er tungumál sem eiginleiki *Nomen*, tungumál sem tiltekið heiti tilheyrir.

Í LRM-líkaninu er skilgreindur nýr eiginleiki fyrir einindið hugverk, þessi eiginleiki kallast „dæmigerð útfærsla“ (*e. representative expression*). LRM, líkt og FRBR, skilgreinir allar útfærslur tiltekins hugverks sem jafnsettar, en sú skilgreining hefur alla tíð verið umdeild þegar kemur að hefðbundinni bókaútgáfu. „Dæmigerðar útfærslur“ eru þær útfærslur hugverks sem notendur hugsa um sem upprunalegar eða sú útfærsla hugverksins sem samþykkt er af samfélaginu sem sú rétta, kanónan. Til dæmis mætti færa rök fyrir því að upprunalega útgáfan af Sjálfstæðu fólki eftir Halldór Laxness, sem inniheldur stafsetningu HKL sé hin dæmigerða útfærsla Sjálfstæðs fólks. Seinni tíma útgáfa með hefðbundinni stafsetningu eða þýðing á frönsku eru vissulega útfærslur af sama hugverki en geta ekki talist dæmigerðar eða upprunalegar. Með því að gera greinarmun á dæmigerðri útfærslu og öðrum útfærslum verður til möguleiki á að skerpa á leitarmöguleikum og leitarniðurstöðum í bókasafnskerfum.

Vensl í LRM

Vensl eru annar þýðingarmikill hluti LRM-líkansins, en þau tengja einindi saman og búa til samhengi þeirra á milli. Þau eru lykilatriði þegar kemur að því að tengja upplýsingar saman og leiða notendur auðveldlega á milli skyldra viðfanga. Venslin á milli WEMI-einindana eru kjarni líkansins og vensl þeirra við önnur einindi gera notendum kleift að kanna og uppgötva með því að þræða sig í gegnum leitarniðurstöður. Vensl geta verið báðar áttir á milli einindanna, þó stundum séu þau einkvæm. Oft verða til samsett vensl þar sem fleiri en tvö einindi tengjast með mörgum venslum (sjá mynd 4).



Mynd 4: Samsett vensl

Með þeim einindum, eiginleikum og venslum sem skilgreind eru í LRM-líkaninu er hægt að tryggja samræmda uppbyggingu lýsigagna sem er auðveldlega hægt að samþætta við samtengd gögn á þekkingarvefnum (e. *semantic web*). Líkanið er svo notað til grundvallar endurskoðaðra RDA skráningareglna.

Nýtt og endurskoðað RDA

LRM líkanið endurspeglar í nýjum og endurskoðuðum RDA reglum sem hafa nú tekið við af upprunalegu RDA reglunum. Öll LRM-einindin eiga sér hliðstæðu í RDA-einindum. Res verður að RDA-einindi (e. *RDA entity*) sem lýtur sömu lögmálum og Res, það er ofureinindi sem nær yfir öll einindi innan RDA. Að auki má í RDA finna einindin skipulagsheild (e. *corporate body*) og fjölskylda (e. *family*), sem falla undir LRM-einindið samlag.

RDA Eindindastigveldi			
Efsta stig	2. stig	3. stig	4. stig
RDA einindi (RDA entity)			
	Hugverk (e. work)		
	Útfærsla (e. expression)		
	Birtingarform (e. manifestation)		
	Eintak (e. item)		
	Aðili (e. agent)		
		Einstaklingur (e. person)	
		Samlag (e. collective agent)	
			Skipulagsheild (e. corporate body)
			Fjölskylda (e. family)
	Nomen		
	Staður (e. place)		
	Tímabil (e. timespan)		

Tafla 2: Stigveldi eininda í RDA

Hverju og einu einindi í RDA tilheyrar svo skráningaratriði sem eru annars vegar lýsandi skráningaratriði sem byggja á eiginleikum og vensluð skráningaratriði sem byggja á venslum milli eininda. Þetta rímar við tvo þætti hefðbundinnar bókfræðiskráningar sem byggir annars vegar á lýsingu og hins vegar á leitaratriðum. Auk skráningaratriðinna má í RDA-skráningarreglunum finna almennar leiðbeiningar um hluti eins og umritanir, skammstafanir og greinamerkjasetningu. Að lokum er svo rými fyrir svokallaða notkunarprófila (*e. application profile*) innan RDA Toolkit.

Í upprunalegu útgáfunni af RDA voru fyrir fram ákveðin grunnatriði sem RDA skilgreindi sem nauðsynleg í skráningarfærslum. Í uppfærðri útgáfu af RDA eru engar reglur settar um hvaða skráningaratriði teljast lágmarksskráning eða nauðsynleg í bókfræðifærslum og hvaða atriði teljast valkvæð. Hverju skráningarsamfélagi er gert að skilgreina lágmarksskráningu í samræmi við eigin þarfir. Til þess eru notkunarprófilarnir gerðir. Mörg skráningarsamfélög hafa þegar útbúið sína eigin notkunarprófila og byrjað að vinna eftir þeim.

Einn aðalmunurinn frá eldri útgáfu RDA er að í endurskoðuðu reglunum er meiri áhersla lögð á vensl milli eininda og eiginleikum fækkar verulega. Þessi breyting gerir að verkum að auðveldara er að nota RDA til að vinna við samtengd gögn. Staðreyndin er þó sú að mörg bókasöfn eru ennþá að skrá á MARC lýsigagnasniði og koma til með að gera það eitthvað áfram. Í flatrí gagnauppbyggingu eins og MARC nýtast nýjungarnar sem fylgja RDA og vensluðum gögnum

aðeins að takmörkuðu leyti. Stýrihópur MARC hefur þó reynt að aðlaga lýsigagnasniðið með ýmsum hætti til að bregðast við breytingum á RDA. Nú þegar hefur bæði sviðum og deilisviðum verið bætt við staðalinn og merkingar vensla (*e. relationship designators*) hafa verið uppfærðar í samræmi við LRM og uppfært RDA.

Mikið af þeim ávinningi sem fylgir innleiðingu RDA mun ekki verða sýnilegur notendum fyrr en eftir að gögnin verða flutt af MARC21-sniði yfir á lýsigagnasnið sem styður betur við samtengd gögn. Breytingar á skráningu í Gegni sem fylgdu RDA innleiðingunni 2015-2016, og þær breytingar sem munu óhjákvæmilega fylgja því að innleiða uppfærða útgáfu af RDA, munu undirbúa gögnin okkar vel fyrir þá framtíð sem bíður. Að einhverju marki hefur RDA skráning þó haft í för með sér ávinning sem þegar er sjáanlegur. Notendur þurfa ekki lengur að lesa úr skammstöfunum sem voru arfleifð úr spjaldskrárskráningu, þeir sjá betur tengsl aðila við viðfangið sem skráð er, og þeir átta sig betur á tengslum milli eininda. Þróun bókasafnskerfisins Ölmú og leitargáttarinnar Primo VE er líka stöðug og miðar mikið af þeirri vinnu að því að gera vensl sem eru skráð í gagnagrunninn sýnilegri og gagnvirkari.

Næstu skref - Innleiðing í Gegni

Áður en farið verður af stað með innleiðingu uppfærðra RDA-reglna í Gagnissamlaginu þarf að meta hvar við erum stödd núna, greina hvernig við vinnum eftir staðlinum í dag og hvaða breytingar þarf að gera til þess vinna samkvæmt uppfærðum reglum. Samhliða þeirri vinnu er hægt að byggja upp íslenskan notkunarprófil fyrir RDA. Ekki verður lagt í að þýða reglurnar í heild og því þarf að meta hvað þarf að þýða. Helstu hugtök og stýrður orðaforði þarf að vera til á íslensku og vera aðgengilegur í lýsigagnaritli Gagnis þar sem við á. Síðan þarf að huga að kennslu og fræðslu, mögulegum skráningarnámskeiðum og uppfærslum á Handbók skrásetjara Gagnis og öðrum samnýttum hjálpargögnum. Auk þess þarf að ákveða hvort og hvernig við viljum uppfæra skráningarfærslurnar sem eru nú þegar í bókfræði- og nafnmyndagrunninum.

Innleiðing á nýjum RDA-skráningarreglum verður ekki jafn viðamikil og þegar RDA var upprunalega innleitt fyrir Gagnissöfnin árið 2016. Bókfræðifærslur í Gegni eru nú þegar byggðar upp í samræmi við RDA og skrásetjarar hafa skráð í samræmi við upprunalegu RDA reglurnar í hátt í 10 ár.

Þótt uppbygging á séríslenskum RDA notkunarprófil og ákvarðanatataka um hvaða skráningaratriði skuli að nota við skráningu í Gegni sé stórt verkefni, má horfa til þess að RDA byggir að miklu leyti á alþjóðlegu samstarfi. Mörg lönd eru langt komin með innleiðingu á nýjum RDA-reglum eða hafa nú þegar lokið henni. Við þurfum að horfa til landanna í kringum okkur, læra af þeirra reynslu og meta hvaða leiðir henta okkar skráningarumhverfi, okkar gögnum og okkar notendum.

Lesið í bókaeign Einars Jónssonar: Miðlun til almennings

Höfundur: Silja Pálmarsdóttir

Inngangur

Það er heillandi að ganga inn í Listasafn Einars Jónssonar þar sem byggingin og höggmyndirnar þar inni vekja upp forvitni og búa yfir töfrandi aðráttarafl. Safnið var stofnað árið 1923 og er fyrsta listasafn landsins sem opnað var almenningi í eigin húsnæði. Húsið er á þremur hæðum en á efstu hæðinni var íbúð listamannsins og eiginkonu hans Önnu Marie Mathilde Jørgensen. Líklegt er að margir gestir safnsins sem fara upp í íbúðina líti inn í bókaskápana og athugi hvaða bækur er að finna þar.

Eftir að hafa unnið í listasafni Einars Jónssonar eitt sumar var ég orðin forvitin að skoða betur þessar bækur, sem eru fjöldamargar, eða um 3000 að tölu. Með styrk frá Myndlistarsjóði haustið 2024 var hægt að byrja að fara yfir og rannsaka bókaeign safnsins. Lögð var áhersla á að taka myndir í góðum gæðum af kápu og bókfræðilegum upplýsingum bókanna og einnig af því sem gefur mögulega innsýn í líf og vinnu listamannsins; áritanir, það sem var skrifað inn á spássíu bókanna, undirstrikanir, staðsetning bókamerkja og fleira. Bækurnar fjalla langflestar um listamenn og verk þeirra, liststefnur og söfn og einnig ýmis andleg mál-efni sem voru Einari hugleikin. Í verkefninu var farið yfir allar bækur í íbúðinni, þær sem voru í herbergjum Einars og Önnu og þær sem eru í bókaskápum í stofunni. Undanskilin voru tímarit sem eru fjöldamörg og verður það seinni tíma verkefni að fara yfir þau. Einnig á eftir að fara yfir bækur sem eru í stöplum höggmynda í safninu og í geymslum.



Mynd 1: Hluti af bókasafni Einars Jónssonar

Bókasafn Einars: skráning og myndun

Verkefnið fór af stað með það fyrir augum að átta sig á því hvaða bækur er að finna í íbúð Einars og Önnu. Bækurnar höfðu ekki verið settar í neina ákveðna röð uppi í íbúðinni og þó nokkuð af bókum Einars voru á skrifstofu safnsins í annarri byggingu. Fyrsta skrefið var því að skipuleggja hvernig ætti að skrá bækurnar og koma þeim öllum fyrir á einum stað. Markmiðið með verkefninu er að koma bókum og öðrum ritum þannig fyrir að hægt sé að hafa yfirsýn yfir safnkostinn, finna bækurnar með auðveldum hætti, tryggja varðveislu þeirra og koma í veg fyrir að óskráðar bækur geti horfið án þess að vitað sé af þeim. Einnig stuðlar þessi vinna að því að upplýsa almenning um hvaða bækur eru á safninu og opna fyrir aðgang að þeim. Sumar bækurnar eru viðkvæmar og að þeim mætti veita takmarkaðan aðgang en aðrar bækur gætu verið til sýnis frammi í safninu, til dæmis í glerborði sem er aðgengilegt almenningi á neðri hæð safnsins.

Þegar rannsóknin var sett af stað var ein af vangaveltunum sú hvort bækurnar og innihald þeirra gætu varpað nýju ljósi á helstu áhugamál eða hugðarefni Einars, en ekki er hægt að finna mikið af upplýsingum frá Einari sjálfum um listaverkin hans. Með því að fara í gegnum bókaeignina voru vonir bundnar við að finna í innihaldi bókanna eitthvað sem mögulega veitti listamanninum innblástur.


Miklum tíma var varið í að fara yfir hverja og eina bók, fletta í gegnum þær og taka ljósmyndir af kápu, bókfræðilegum upplýsingum og því sem hafði verið ritað á blaðsíður þeirra. Þar var helst um að ræða tileinkanir til Einars og Önnu frá höfundum en einnig þó nokkuð af minnispunktum, undirstrikunum og merkingum við texta og myndir, sem hafa að öllum líkindum komið frá Einari sjálfum.

Í upphafi verkefnisins var farið í heimsókn á Gljúfrastein þar sem skoðað var hvernig bókaeign Halldórs Laxness var skráð og komið fyrir í ákveðinni röð í bókaskápum inni á heimili skáldsins. Þar fengu bækurnar ekki skráningarnúmer eftir Dewey-kerfinu heldur voru númerin byggð upp eftir því hvar bækurnar voru staðsettar í hillum og í hvaða skáp og herbergi. Líklegt er að sama aðferð verði notuð þegar bækurnar í Listasafni Einar Jónssonar fá skráningarnúmer.

Verklagið sem notað var við að skipuleggja bókakostinn á safni Einars Jónssonar var sú að hver bókaskápur fékk einn bókstaf frá A-S til að aðgreina þá frá hvor öðrum. Þetta var gert til að halda með markvissum hætti utan um hvaða bækur tilheyrðu hvaða bókaskáp. Ljósmyndir af bókunum voru svo vistaðar í samræmi við þetta fyrirkomulag. Búnar voru til raf-rænar skjalamöppur, merktar sömu bókstöfum og skjalaskáparnir. Í hverja skjalamöppu voru svo settar myndir af bókum sem tilheyrðu samsvarandi bókaskáp.



Mynd 2: Bókaskápur merktur bókstafnum B



Mynd 4: Það eru ekki bara bækurnar sjálfar, heldur einnig bókamerki og aðrar merkingar inni í bókunum sem skipta máli.




Mynd 3: Bækur merktar bókaskáp K



Mynd 5: Bækur Einars skoðaðar

Til að taka ljósmyndirnar var notaður ljósmyndakassi sem dreifir ljósi á sérstakan hátt og býr til einsleitan bakgrunn. Ekki gafst tími til að lesa alla minnisþykta eða aðrar merkingar sem Einar hafði skrifað inn í bækurnar, en passað var upp á að taka ljósmyndir af því og tengja við aðrar myndir af sömu bók.




Árangur verkefnisins er í samræmi við það sem lagt var upp með í byrjun. Í ljós kom mikið af áhugaverðum merkingum frá myndhöggvaranum inni í bókunum, stundum í formi texta og stundum í formi annars konar merkinga, við myndir af listaverkum. Afraksturinn fram að þessu, er að nú hafa allar bækurnar í bókaskápunum verið ljósmyndaðar og ljósmyndirnar bera glöggt vitni um ástand allra bókanna. Þá hafa allar bækurnar verið skráðar þannig að enginn vafi er á því hvaða bækur eru í safninu. Þessi vinna auðveldar starfsfólki safnsins að hafa yfirsýn yfir bókaeignina og geta ákveðið hvaða bækur er hægt að hafa á borði á safninu fyrir almenning til að skoða.

Framhald verkefnisins og stafræn miðlun

Leitast verður eftir því að fá styrk í framhaldinu til að fara ofan í kjölinn á því hvað það er sem listamaðurinn skoðaði helst og punktaði hjá sér. Listasafn Einars Jónssonar hefur nú þegar fengið styrk úr aukaúthlutun Safnasjóðs til að halda skráningunni áfram og birta samantekt á íslensku og ensku á þeim bókum sem þykir líklegt að Einar hafi skoðað mest eða haft sérlegt dálæti á. Eins og þekkt er var Einar heillaður af hvers konar andlegum málefnum, þjóðsögum, táknum og sýmbólisma. Með því að fletta vandlega í gegnum hverja einustu bók er hægt að sjá hvaða bækur það voru sem Einar skoðaði sérstaklega vel og voru teknar ljósmyndir og merkt sérstaklega við þær bækur svo hægt sé að kanna betur hvað það var sem vakti mögulega innblástur að verkum hans.

Áformað er að koma á þessari nýju þekkingu á framfæri með því að miðla henni á stafrænu formi á heimasíðu safnsins. Þar getur almenningur nýtt sér hana til gagns og gamans. Enn er ekki alveg ljóst hvaða upplýsingar um bókaeignina verða settar á heimasíðu safnsins eða hvernig þær verða settar fram, en ýmsir möguleikar eru fyrir hendi. Þar væri hægt að setja lista yfir bækurnar bæði í stafrófsröð, eftir útgáfuárum og eftir því hvaða efnisflokki þær tilheyra. Einnig mætti setja saman lista um bækur einstakra listamanna úr bókaeigninni en auðsjáanlegt er, eftir að farið var yfir bækurnar, að sumir listamenn koma oft fyrir í bókaeign Einars. Lögð verður áhersla á að miðla upplýsingum um þá bókatitla sem Einar virðist hafa lesið mest og skrifað inn í. Þar með getur almenningur kynnt sér hvað veitti þessum afkastamikla myndhöggvara innblástur og seiglu.




Mynd 8: Herbergi Einars

Stafræn miðlun á bókaeigninni auðveldar yfirsýn yfir bókaeignina og eykur aðgengi að upplýsingum um bækurnar. Þegar vinnu við verkefnið er lokið má sjá fyrir sér að myndir af bókunum og skráningarupplýsingar verði færðar inn á menningarsögulega gagnasafnið Sarp.

Að lokum

Bókaeign Listasafns Einar Jónssonar er sameiginleg eign íslensku þjóðarinnar og þess vegna er skylt að varðveita hana og hafa hana aðgengilega. Listasafnið er einstakt þar sem það varðveitir og sýnir persónulega muni listamannsins og konu hans Önnu Marie Mathilde Jørgensen, en Einar sjálfur lagði áherslu á að þjóðin fengi aðgang bæði að verkum hans og að því sem tengdist tilurð þeirra.



Mynd 9: Bókaskápur í herbergi Einars

Mjög mikilvægt er að klára að kortleggja bækurnar og önnur rit sem eru á nokkrum stöðum á Listasafni Einars Jónssonar og koma þeim þannig fyrir að fræðimenn, bæði hér á landi og erlendis, geti nýtt sér þessa bókaeign í rannsóknum sínum á íslenskri myndlist. Á sama tíma er hér kærkomið tækifæri til að veita almenningi möguleika á að kynna sér betur hvert Einar Jónsson leitaði sér innblásturs. Þessi rannsókn og skráning gerir Listasafni Einars Jónssonar kleift að setja fram meira efni fyrir almenning til að fræðast um íslenska myndlistararfleið og öðlast betri skilning á því hvað virðist hafa haft áhrif á listamanninn, bæði er við kemur safnbyggingunni sjálfri og listaverkunum sem í henni eru.

Bókasafnið í fjöltyngdu samfélagi

Höfundur: Eyrún Ósk Jónsdóttir

Inngangur

Á vordögum 2024 hlaut Bókasafn Kópavogs styrk frá Bókasafnasjóði fyrir fjölmenningslegri viðburðaröð og styrk frá Nordplus fyrir þróunar- og samstarfsverkefni milli Bókasafns Kópavogs, Hässleholm City Library í Svíþjóð og Central Library of Lääne County í Eistlandi til að bæta þjónustu við innflytjendur.

Verkefnið snýr að því að koma betur til móts við allan þann fjölbreytta hóp fólks sem heimsækir bókasafnið og þar með virkja innflytjendur betur til þátttöku í bókasafnssamfélaginu okkar. Mikil ánægja hefur verið með þá fjölbreyttu viðburði sem safnið hefur nýtt styrkina í og gaman að sjá hvernig verkefnið hefur stuðlað að auknum áhuga á menningu, íslenskri tungu og skapandi samverustundum fjölbreyttra hópa. Þá er sérstaklega ánægjulegt að sjá mælanlegan árangur á aukinni þátttöku innflytjenda í viðburðum safnsins.

Ánægjulegt samstarf

Söfnin þrjú sem standa að verkefninu hafa heimsótt og lært hvert af öðru. Þá hafa þau einnig, hvert fyrir sig, þróað ný og spennandi verkefni, sem höfða til fjölbreyttra hópa. Samstarfssafn okkar í Svíþjóð, Hässleholm City Library, fór að halda rafrænt tungumálakaffi fyrir innflytjendur sem ekki áttu heimangengt á safnið og Central Library of Lääne County í Eistlandi fór af stað með rannsóknarverkefni þar sem þau tóku viðtöl við innflytjendur til þess að komast að því hvaða nýjungar þau vildu sjá á safninu. Við á Bókasafni Kópavogs höfum hins vegar lagt áherslu á fjölmenningslegar viðburðaraðir á ýmsum tungumálum.

Bókasöfnin hafa öll lært eitthvað nýtt á þessari vegferð. Eistarnir höfðu búið við að innflytjendurnir sem þeir þjónustuðu væru einsleitir hópur, en komust fljótt að því að á meðal gesta þeirra voru ekki bara úkraínskumælandi flóttamenn frá Úkraínu, heldur einnig rússneskumælandi Úkraínubúar, sem vildu ekki lengur tala móðurmál sitt rússnesku vegna árása Rússa á heimalandið, Úkraínubúar sem studdu Pútín og svo Rússar sem studdu Úkraínu. Þessi fjölbreytti hópur hafði mjög ólíkar þarfir og ólíka sýn. Starfsfólk safnsins þurfti að byrja á því að takast á við þessa fjölbreytni og leggja áherslu á að bókasafnið væri gríðastaður fyrir alla.

Svíarnir uppgötvuðu að það sem innflytjendur þar óskuðu helst eftir, var staður þar sem fjölskyldur geta komið saman með börn sín og leyft þeim að leika sér í því skyni að rjúfa einangrun. Ýmsar breytingar voru gerðar í barnadeildinni til þess að koma betur til móts við þessar þarfir, auk þess sem þeir gáfu lánþegum sínum aðgang að eldhúsi bókasafnsins svo að hóparnir gætu eldað saman.

Við á Bókasafni Kópavogs vildum gera upplýsingar um það sem væri í boði á bókasafninu aðgengilegar öllum. Safnið fékk því Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur listakonu til að teikna veggspjald sem tekur á móti öllum þeim sem koma inn á bókasafnið. Þar sjá gestir á myndrænan hátt allt sem hægt er að gera á bókasafninu og þeir á sama tíma boðnir velkomnir á öllum helstu tungumálum gesta Bókasafns Kópavogs. Þannig hefur safnið undirstrikað að hér í „bókasafnasamfélaginu“ eru öll velkomin.



Mynd 1: Gestir á opnu húsi fyrir hælisleitendur og flóttafólk



Mynd 2: Veggspjald sem tekur á móti gestum Bókasafns Kópavogs, hannað af Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur.

Verkefnið

Kveikjan að verkefninu var sú að mikill fjöldi innflytjenda heimsótti Bókasafn Kópavogs daglega til þess að nota tölvu og prentara, en nýtti sér ekki aðra þjónustu safnsins. Þessu vildum við á Bókasafni Kópavogs breyta þannig að öll upplifðu sig velkomin á safninu okkar.

Ákveðið var að halda áfram með viðburðaröðina *Tala og spila* alla laugardaga. Þar geta öll sem vilja æfa sig í íslensku komið, tekið í spil og æft sig að tala íslensku með aðstoð íslenskukennara og sjálfboðaliða frá GETA hjálparsamtökunum. Samverustundin hefur verið vel sótt og ein-kennst af vináttu og gleði.

Að auki fór safnið af stað með opið hús fyrir hælisleitendur og flóttafólk á föstudagsmorgnum í samstarfi við GETA hjálparsamtökin. Boðið er upp á kaffi og veitingar og leikföng fyrir yngstu þátttakendurnar. Í framhaldi af því er boðið upp á skapandi samverustund þar sem börn og fullorðnir geta perlað saman, málað, saumað út eða gert eitthvað annað skapandi um leið og þau kynnast öðrum. Þessi opnu hús eru mjög vel sótt og liggur við að salurinn sé að verða of lítill

fyrir samverustundirnar. Þá lagði bókasafnið áherslu á að bjóða upp á fjölbreyttar smiðjur og dagskrárliði sem henta fólki frá ýmsum tungumálaheimum. Úkraínska listakonan Viktoriia Leliuk kom til okkar og hélt listasmiðju fyrir börn og fjölskyldur. Smiðjan fór fram á úkraínsku, íslensku og ensku. Á safninu var einnig haldin afrísk trommu- og danssmiðja í samstarfi við samtökin Dans Afríka, þar sem fjölskyldur komu saman, dönsuðu og lærðu að spila á afrískar trommur.

Stór hluti þeirra innflytjenda sem heimsækir Bókasafn Kópavogs kemur frá Venesúela og því var ákveðið að halda venesúelska hátíð á bókasafninu í svartasta skammdeginu í lok nóvember undir yfirskriftinni *Sól í sinni*. Rúmlega hundrað manns sóttu hátíðina, en þar var boðið upp á mat og drykki frá Venesúela, tónlistarflutning, sögustund á spænsku og listasmiðjur.



Mynd 3: Gestir á trommu- og dansmiðju



Mynd 4: Venesúelsk hátíð á Bókasafni Kópavogs

Í desember var svo haldin úkraínsk jólahátíð á bókasafninu með sögustund á úkraínsku. Úkraínski jólasveinninn St. Nikulás kíkti í heimsókn og var mikil gleði hjá úkraínsku börnunum sem sungu úkraínsk jólalög og fengu gjafir frá sveinka.




Mynd 5: Fjölmening og jól. Úkraínsk jólahátíð í Bókasafni Kópavogs

Bókasafnið hefur einnig boðið upp á fjölmennningarleg fræðsluerindi eins og fyrirlestur um friðarheimspeki búddismans, austræna menningu og þau íslömsku samfélög sem dvelja hér á landi, menningararfleifð Bosníu og Hersegóvínu, sögu nokkurra flóttamanna frá Suður-Ameríku og lífsreynslu rithöfunda af erlendum uppruna.

Þá hafa verið haldnar sögustundir á erlendum tungumálum fyrir yngstu kynslóðina og tónleikaröð þar sem innflytjendur deila tónlist frá sínu heimalandi. Persneska tónlistarkonan Elham Fakouri reið á vaðið og spilaði persneska tóna fyrir gesti og gangandi á hljóðfærið Ney sem er 3000 ára og þar með elsta hljóðfæri heims. Venesúelska dúóið Algleidys og Alfredo kom á bókasafnið og flutti tónlist frá Venesúela. Á safnanótt spilaði Chris Foster enska þjóðlaga tónlist fyrir fullu húsi og Andrés Ramón spilaði suðræna tóna fyrir okkur á löngum fimmtudegi.



Mynd 6: Tónleikagestir á tónleikum Andrés Ramón



Mynd 7: Andrés Ramón spilar suðræna tóna

Fram undan hjá okkur á Bókasafninu er vestur-afrísk menningarhátíð í samstarfi við GETA hjálparsamtök og marokkósk matarhátíð í samstarfi við Félag kvenna frá Marokkó. Í september 2025 munum við svo halda ráðstefnu um þetta verkefni í samstarfi við samstarfssöfn okkar í Eistlandi og Svíþjóð. Þar munum við deila því sem við höfum lært af verkefninu með áhugasömum.

Fjölbreytileikinn og fjölgun

Strax og við fórum af stað með þetta fjölmennningarlega átak sáum við aukningu í því að innflytjendur nýttu sér þjónustu okkar og er það mjög gleðilegt. Að auki hefur orðið mikil fjölgun gesta á bókasafninu á milli ára.

Orðræðan í samfélaginu er gjarnan sú að fjölmennning vinni gegn íslenskri menningu og að ef áherslan sé á fjölmenningu, þá eigi íslensk tunga og menning á hættu að hverfa. En í litla samfélaginu okkar á Bókasafni Kópavogs höfum við séð að þessu er einmitt öfugt farið. Menning styður nefnilega við menningu, og hvers konar sköpun styrkir tengsl og tungumálið. Um leið og við fórum að halda sérstaka viðburði fyrir innflytjendur sáum við að það skilaði sér í þátttöku þeirra í öðrum viðburðum sem haldnir eru á Bókasafni Kópavogs.

Bókasafnið býður upp á mánaðarlegan viðburð sem nefnist Lesið fyrir hunda. Þar er stutt við heimalestur með því að bjóða börnum að koma og lesa fyrir sjálfboðaliða með hund. Áður en fjölmenningarátakið hóf göngu sína mættu innflytjendur sjaldan á þessa viðburði, en á haustönn hefur safnið tekið á móti börnum frá Úkraínu, Venesúela og fleiri löndum, sem koma nú á safnið til að æfa sig í að lesa á íslensku fyrir hundana. Þannig hefur fjölmenningarátakið skilað sér í að fleiri börn æfa sig í að lesa á íslensku.

Þá þótti starfsfólki bókasafnsins gaman að sjá heilu fjölskyldurnar af erlendum uppruna mæta saman á draugasögustund á safnið. Meðal eftirminnilegra atvika á draugasögustund var þegar fjölskyldufaðir, sem kunni örlítið í íslensku, þýddi fyrir sitt fólk, draugasögurnar sem fluttar voru úr íslensku þjóðsögunum.

Á sama tíma hafa íslenskir gestir bókasafnsins lýst yfir ánægju að fá aðgang að svo fjölbreyttum viðburðum eins og að taka þátt í afrískri dans- og trommusmiðju og að fræðast um íslam og venesúelska matarmenningu, svo eitthvað sé nefnt. Það er yndislegt að fá að taka þátt í að skapa andrúmsloft þar sem öll upplifa sig velkomin. Þannig vinnur þetta allt saman.

Einstaklingar innan bókasafnsfjölskyldunnar okkar eru að kynna sér menningu hvers annars og halda henni á lofti. Það hvetur alla aðila til að njóta meiri menningar, bæði íslenskrar og þeirrar sem kemur erlendis frá. Ef við hugsum út í það þá hafa aldrei verið fleiri sem læra íslensku og

tala íslensku en einmitt núna. Þegar við bjóðum fjölbreyttan hóp velkominn og höldum ólíkri menningu á lofti erum við í raun að efla og vernda tungumálið og menningararfinn því allir lesa meira og ná á sama tíma að kynnst bæði eigin menningararfi og annarra.



Mynd 8: Venesúelskur matur á bókasafninu

Anna Jensdóttir 1939-2025: Minning

Höfundur: Hallfríður Baldursdóttir

Anna Jensdóttir fæddist 6. febrúar 1939 á Ísafirði, en lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík þann 4. febrúar 2025. Anna var í grunninn Vestfirðingur, dóttir hjónanna Jens Hólmgeirssonar frá Vöðlum í Mosvallahrepp, Vestur-Ísafjarðarsýslu og konu hans Steinunnar Olgu Valdimarsdóttur, ættaðri frá Æðey við Ísafjarðardjúp. Anna dvaldist eitthvað á yngri árum í Æðey hjá ættingjum og talaði hlýlega um þá veru. Það var einmitt einkennandi í hennar fari og samskiptum við samferðafólk; hlýja, jákvæðni og uppbyggileg umræða.

Anna lauk prófi í bókasafnsfræði frá Háskóla Íslands haustið 1983. Sama ár hóf hún störf á hinum ýmsu bókasöfnum; Borgarbókasafni, Bókasafni Menntaskólans við Hamrahlíð, Bókasafni Kennaraháskóla Íslands og Bókasafni Kópavogs um þriggja ára skeið, þar sem hún var deildarstjóri flokkunar- og skráningardeildar.



Mynd 1: Anna Jensdóttir. Ljósmyndari Helgi Bragason



Mynd 2: Anna ásamt samstarfsfólki á Landsbókasafni. Anna situr lengst til hægri

Árið 1990, í ágúst, réðst hún til starfa á Landsbókasafn Íslands og varð deildarstjóri í deild erlendra rita frá 1. nóvember sama ár.

Við sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns varð Anna deildarstjóri nýstofnaðrar Tón- og mynddeildar og notendapjónustu í upplýsingadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns frá janúar 1995. Er óhætt að segja að hún hafi lagt grunn að starfsemi þeirrar deildar af metnaði og dug. Anna rækti störf sín af fagmennsku og heilindum og var jafnframt virk í félagsmálum stéttarinnar. Er hún lauk starfi á Landsbókasafni tók hún að sér hlutastarf í Bókasafni Dagsbrúnar og er það til marks um óbilandi áhuga hennar á að láta til sín taka.

Við sem áttum Önnu að vinnufélaga og vin, er þakklæti efst í huga fyrir góða samfylgd sem aldrei bar skugga á.

Tímanna safn verður til: Skyggst inn í útgáfuferli kjörgrípabókar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

*Höfundar: Halldóra Kristinsdóttir og
Hildur Ploder Vigfúsdóttir*

Inngangur

Árið 2018 voru tímamót í sögu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns (Lbs–Hbs) þegar 200 ár voru liðin frá því að Landsbókasafn var stofnað. Þá kom upp sú hugmynd að gefa út bók með greinum eftir starfsfólk þar sem daglegum verkefnum væri lýst út frá safnkostinum. Vegna mikilla anna var verkefninu frestað, en það var dregið fram í dagsljósið aftur sex árum síðar og ákveðið að gefa bókina út á öðrum tímamótum í sögu safnsins. Þann 1. desember 2024 voru liðin 30 ár frá opnun Þjóðarbókhlöðu og sameiningu safnanna tveggja, Landsbókasafns og Háskólabókasafns, undir einu þaki.

Við undirritaðar vorum fengnar til að ritstýra bókinni og í þessu greinarkorni langar okkur að segja frá verkefninu, tilurð bókarinnar Tímanna safn, frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar bókar.

Fyrri útgáfur Landsbókasafns

Þó að Landsbókasafn hafi ekki staðið í mikilli útgáfustarfsemi síðustu árin á safnið sér þó nokkra útgáfusögu sem vert er að minnast. Á árunum 1945 til 1994 kom út *Árbók Landsbókasafns Íslands* en arftaki hennar *Ritmennt: ársrit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns* var gefin út frá 1996 til 2005. Árið 1996 stóð safnið að viðhafnarútgáfu ljósprentaðs eiginhandarrits Hallgríms Péturssonar að *Passíusálmum*. Þegar sameinað safn fagnaði tíu ára afmæli sínu árið 2004 kom út *Galdrakver*, ljósprentuð útgáfa af handritinu Lbs 143 8vo ásamt stafréttri útgáfu, þýðingum á þremur tungu-málum og inngangi. Sama ár kom út sérútgáfa af riti Björns K. Þórólfssonar, *Nokkur orð um íslenskt skrifletur*, sem fyrst hafði birst sem grein í *Árbók Landsbókasafns Íslands* 1948–1949. Þá eru ótaldir fjölmargir sýningarbæklingar og hinar ýmsu skrár um safnkostinn.

Tímamótaárið 2018

Aðdragandi útgáfu bókarinnar *Tímanna safn* hófst árið 2018. Þá var þess minnst að 200 ár voru frá stofnun Landsbókasafns, sem í fyrstu hét Stiftsbókasafn, og var komið fyrir á Dómkirkjuloftinu. Í ríflega 200 ára sögu safnsins hefur ýmislegt dregið til tíðinda, sem ekki verður rakið hér, en vert er að nefna flutninga fyrstu áratugina. Safnið var flutt af Dómkirkjuloftinu yfir í Alþingishúsið árið 1881 og síðan í Safnahúsið við Hverfisgötu árið 1909. Árið 1994 var safnið flutt í Þjóðarbókhöllu þar sem það var sameinað Háskólabókasafni, sem stofnað var árið 1940. Sameinað safn fékk heitið Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Það eru ekki margar opinberar stofnanir hér á landi sem státa af svo langri sögu og var þessara merku tímamóta minnst með ýmsum hætti. Meðal annars var sett upp sýning um sögu safnsins og haldin fyrirlestraröð þar sem snert var á ýmsu sem varðar sögu safnsins og hlutverk. Á afmælisárinu var tekið í notkun nýtt einkennismerki Lbs–Hbs. Það er stórt, rautt „L“ sem er mótað með ílöngum ferningi og kommu. Leggurinn á bókstafnum vísar til glugga hússins og bókarkjalar en komman vísar til þeirra mörgu hlutverka sem safnið sinnir: bókasafn, upplýsingaveita, samkomustaður, handritasafn, kvennasögusafn, tónlistarsafn, tímarit.is og svo framvegis.

Merkið var hannað af Íslensku auglýsingastofunni sem hannaði auk þess nýja heimasíðu, nýja leturgerð og alls kyns kynningarefni fyrir safnið. Auglýsingastofan gerði einnig fyrstu drög að útliti bókarinnar, sem var svo notað í lokaafurðinni með lítilsháttar breytingum.



Mynd 1: Nýtt merki Lbs-Hbs sem hannað var árið 2018

Verkefninu ýtt úr vör

Settir voru á fót nokkrir hópar innan safnsins til að vinna að hinum ýmsu verkefnum í tilefni af afmælisárinu. Einn hópurinn fékk það hlutverk að sjá um útgáfu bókarinnar. Ásamt undirrituðum sátu í þeim hópi Áki Guðni Karlsson, Áslaug Agnarsdóttir, Jóhannes Örn Oliversson, Óskar Árni Óskarsson, Sigrún Jóna Marelsdóttir og Örn Hrafnkelsson. Byrjað var á því að kalla eftir greinum frá starfsfólki en upphaflega hugmyndin var að fá sem flesta til að taka þátt. Hópurinn hittist reglulega og las yfir greinarnar, rýndi í og var í samskiptum við höfunda. Viðfangsefni greinanna voru jafn fjölbreytt og þau voru mörg og það var hlutverk ritstjórnarhópsins að koma á heildstæðri mynd. Þeirri vinnu var ekki fulllokið 2018 en verkið var komið

Þráðurinn tekinn upp

Eins og áður kemur fram voru önnur tímamót í sögu safnsins árið 2024 og þá var ákveðið að dusta rykið af útgáfuverkefninu. Forsendur fyrir bókinni voru breyttar. Ekki var lengur um að ræða afmælisrit heldur almennt kynningarrit til að vekja athygli á safnkostinum, með frásögnum í gegnum gripi. Starfsemi safnsins hafði tekið breytingum á fáum árum, aðrir starfsmenn voru komnir til starfa, margt hafði bæst við safnkostinn og starfsemin þróast. Margir úr ritstjórnarhópnum voru hættir störfum sem leiddi til þess að okkur sem þessi orð rita var falin ritstjórnin. Auk okkar tveggja komu þó ýmsir aðrir starfsmenn safnsins að verkinu; Ólafur J. Engilbertsson sá um umbrot og hönnun ásamt okkur ritstjórunum, ljósmyndun var í höndum Helga Braga, Örn Hrafnkelsson hafði yfirumsjón með verkefninu og veitti ýmsa aðstoð og ráðgjöf, þá sá Marín Árnadóttir um gerð heimildaskrár og Hilma Gunnarsdóttir veitti aðstoð við yfirlestur. Eru þá ótaldir sjálfir höfundar greinanna en þeir voru alls 23, bæði núverandi og fyrrverandi starfsfólk safnsins. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, þáverandi landsbókavörður, ritaði formála.


Markmiðið var að greinarnar í bókinni væru auðlesanlegar og myndefnið grípandi. Eins og önnur þjóðbókasöfn sinnir Lbs–Hbs mikilli vinnu sem hefur ekki einungis með áþreifanlega hluti að gera heldur snýr frekar að þjónustu, samskiptum, rekstri á kerfum og vefjum og fleiru. Erfitt er að fjalla um þessa þætti í riti sem þessu, en umfjöllun um áþreifanlega hluti getur í senn beint kastljósinu á ólík hlutverk safnsins.

Það sem var okkur hvatning í seinni atrennu verkefnisins voru nokkrir þættir. Ritstjórnarhópurinn var orðinn fámennari og gat unnið hraðar og á skilvirkari hátt. Útgáfustyrkur fékkst frá Miðstöð íslenskra bókmennta svo að fjármagn til útgáfunnar var að nokkru tryggt og síðast en ekki síst var gerður útgáfusamningur við Hið íslenska bókmenntafélag. Það varð tengiliður okkar við prentsmiðju og sá um dreifingu bókarinnar. Að fá Bókmenntafélagið með okkur að verkinu var mikið gæfuspor.

Titillinn Tímanna safn

Titill bókarinnar, *Tímanna safn*, er ekki úr lausu lofti gripinn. Orðin eru sótt í Lofsöng Matthíasar Jochumssonar, eða þjóðsönginn, en eiginhandarrit hans að ljóðinu er varðveitt í Landsbókasafni, sem og eiginhandarrit Sveinbjörns Sveinbjörnssonar að laginu. Þessi handrit eru meðal þeirra gripa sem fjallað er um í bókinni. Þannig tengist titill bókarinnar umfjöllunarefni hennar en hann vísar einnig til tveggja alda sögu safnsins. Starfsemi þess hefur tekið miklum breytingum gegnum tíðina. Á nítjándu öld, þegar safnið var staðsett á Dómkirkju-loftinu, þjónaði það nær einvörðungu fámennri menntastétt landsins en nú eru notendur þess mun fleiri, jafnvel allir landsmenn sé litið til þeirrar stafrænu þjónustu sem safnið veitir. Tækni-breytingar hafa haft mikil áhrif á starfsemi og hlutverk safnsins og skemmst er að minnast

þeirra vefsíðna sem safnið heldur úti, svo sem bækur.is, handrit.is, hljóðsafn.is, íslandskort.is og tímarit.is, en sú síðastnefnda er meðal vinsælustu vefsíðna landsins, þar sem heimsóknir telja að meðaltali um 5000–6000 á dag. Sífellt meiri þjónusta fer fram með stafrænum hætti og í hinum stafræna heimi verður safnið að aðlagast örum og sífelldum breytingum.



Mynd 2: Lofsöngur Matthíasar og Sveinbjarnar í handritum þeirra

Útlitið

Bókin *Tímannanna safn* er saumuð og bundin í mjúk spjöld, sem gerir að verkum að bókin opnast vel og helst vel opin sé hún liggjandi. Kápan er stílhrein, gráhvít með æpandi rauðu merki safnsins. Sjá má móta fyrir múrverkinu sem skreytir stokka á austur- og vesturhlið Þjóðarþóklöðunnar á framspjaldinu. Kjölur bókarinnar og bakhlið er í sama rauða lit og einkennismerkið og er mjög áberandi standi bókin í hillu en það er með vilja gert.

Uppsetningin er strangflatarleg og sækir innblástur í handrita- og prenthefð. Titlar greinanna eru skrifaðir með rauðu sem var oft áherslulitur bæði í gömlu prenti og í handritum. Þar að auki er breið spássía fyrir krot og glósur líkt og í handritum og prenti forðum daga. Þess utan er útlitið nútímalegt, þar sem hvít textasíðan er í mótsögn við litríkt myndefnið.



Mynd 3: *Tímannanna safn*

Útkoman

Í stuttu máli sagt er bókin lítið sýnishorn af fjölbreyttum safnkosti Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Safnkosturinn er svo umfangsmikill að líta má svo á að hver einasti gripur sem fjallað er um í bókinni sé fulltrúi hundruð annarra gripa. Greinarnar í bókinni eru 70 talsins og er röðun þeirra handahófskennd. Ekki er nauðsynlegt að lesa bókina spjaldanna á milli heldur er hægt að grípa niður í hana hvar sem er. Í heild varpar bókin engu að síður ljósi á langa og viðburðaríka sögu stofnunarinnar. Margar greinanna snerta einnig á stórum atburðum úr Íslandssögunni. Má þar nefna skjöl sem tengjast hjúkrunarnefndinni sem sett var á fót í spænsku veikinni árið 1918 og veggspjald tengt baráttu Rauðsokkahreyfingarinnar á áttunda áratug tuttugustu aldar. Þá birtist lesendum einnig hversdagslíf Íslendinga í formi sendibréfa og dagbóka.



Mynd 4: Ákall frá hjúkrunarnefndinni árið 1918



Mynd 5: Veggspjald af kvígúnni Perlu frá áttunda áratug síðustu aldar

Ætlunin er að sýna fjölbreytni safnkostsins og í bókinni má lesa um ýmis handrit og einkaskjöl, bækur, tímarit, dagblöð, gagnagrunna, hljómplötur, landakort, dægurprent og fleira. Efni-
viðurinn spannar langt tímabil en það elsta sem fjallað er um er brot úr skinnhandriti sem talið er skrifað um 1300. Á hinum enda tímaássins er grein sem segir frá vefsöfnun sem hófst á safninu árið 2004.

Að lokum

Tímannanna safn var krefjandi en í senn lærdómsríkt verkefni sem við starfsmenn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns leystum með góðri samvinnu. Við höfum vissulega meiri reynslu í að taka á móti bókum, en áskorunin að standa hinum megin við borðið og búa til bók sjálf frá A til Ö var gefandi. Að fylgja bók frá fyrstu hugmynd til prentunar opnar augun fyrir þeirri vinnu sem fer í sérhverja bók sem ratar í hillur bókasafna. Óskandi er að safnið ráðist í frekari útgáfu á komandi árum, enda er af nógu að taka með umfangsmikinn safnkost og mannauðurinn er hugmyndaríkur og fróður.



Mynd 6: Skinnhandritsbrot frá því um 1300 skreytt skíragulli

Upplýsingalæsi.is: *Nýr gagnvirkur kennsluvefur fyrir háskólanema*

*Höfundar: Harpa Rut Harðardóttir og
Tinna Lind Guðjónsdóttir*

Inngangur

Undanfarin ár hafa einkennst af upplýsingaóreiðu og örum tæknibreytingum. Má því segja að upplýsingalæsi hafi aldrei verið mikilvægara fyrir háskólanema en einmitt nú. Upplýsingalæsi felur í sér hæfnina að finna, meta og nota upplýsingar á gagnrýnninn og ábyrgan hátt. Upplýsingalæsi er ekki einungis grunnstoð í námi heldur lykilatriði fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Með þetta í huga var þróaður nýr gagnvirkur kennsluvefur, Upplýsingalæsi.is, í samstarfi íslenskra háskólabókasafna. Markmið kennsluvefsins er að styrkja háskólanemendur í upplýsingalæsi og þjálf þá í að mæta nýjum áskorunum í stafrænu upplýsingaumhverfi.



Mynd 1: Vefborði. Vinnuhópurinn vann að útlitshönnun vefsins í samvinnu við grafískan hönnuð

Af hverju nýr kennsluvefur?

Markmið vefsins er að samhæfa upplýsingalæsiskenndu á háskólastigi í samræmi við viðmið um æðri menntun og prófgráður á Íslandi, sbr. Lög um háskóla nr. 63/2006, 5. gr. Kennsla í upplýsingalæsi á bókasöfnum hefur lengi einkennst af einskiptiskennslu þar sem upplýsingafræðingar hafa aðeins stuttan tíma með nemendum. Fjarkennsla hefur aukist, og því var orðið ljóst að þörf var á lausn sem væri sveigjanleg, aðgengileg og gerði nemendum kleift að vinna á eigin hraða.

Kennsluvefnum Upplýsingalæsi.is er ætlað að bæta úr þessum skorti. Hann veitir nemendum tækifæri til að læra grunnatriði heimildaleitar, heimildanotkunar og upplýsingamats með fjölbreyttum leiðum: myndböndum, texta, skýringarmyndum, verkefnum og gátlistum.

Hvernig kennsluvefurinn varð til



Mynd 2: Skjáskot af forsiðu vefsins

Vinnuhópur skipaður upplýsingafræðingum frá háskólabókasöfnum víðs vegar um landið hóf þróun vefsins árið 2022.



Meðlimir hópsins voru Anna Bjarnadóttir, Helgi Sigurbjörnsson, Tinna Lind Guðjónsdóttir, Hilma Gunnarsdóttir, Irma Hrönn Martinsdóttir, Kristína Benediktz, María Loftsdóttir, Pía Susanna Vinikka og Þórný Hlynsdóttir.

Framkvæmd og markmið

Hópurinn fékk innblástur frá sambærilegum kennsluvef sem háskólabókasafn Umeå háskólans í Svíþjóð hefur útbúið, en efnið var aðlagð íslenskum þörfum. Articulate Rise-kerfið var notað til að hanna vefinn, en kerfið hentar vel til að búa til rafrænt námsefni. Vefurinn er í opnum aðgangi undir leyfi CC BY-NC 4.0 og er styrktur af Bókasafnasjóði.

Með nýja vefnum er vonast til að breyta kennsluháttum í upplýsingalæsi, færast frá hefðbundnum fyrirlestrum yfir í gagnvirka sjálfsnámstækni með stuðningi og endurgjöf. Nemendur öðlast þannig dýpri skilning á efninu og geta sjálfstætt unnið að verkefnum sínum með öflugri aðferðum. Nemendur eru minntir á að rétt sé að leita aðstoðar hjá kennara og háskólabókasafni sínu eftir þörfum.

Vinnuferlið



Mynd 3: Vinnuferlið náði yfir tvö ár

Hópurinn hittist reglulega, bæði á Teams fundum og í raunheimum. Einnig átti hópurinn gott samstarf við ýmsa sérfræðinga, þar á meðal Advania, Opna háskólann, grafíska hönnuði og þýðanda. Mikil vinna fór í að þróa efnið, prófa það á notendum og fínpússa út frá ábendingum. Á tveimur árum umbreyttist verkefnið úr hugmynd í aðgengilegan, gagnvirkan kennsluvef sem opnaður var haustið 2024.

Vinnuferlið

Sérstök áhersla var lögð á aðgengi og fjölbreytileika í miðlun efnisins, enda hafa nemendur mismunandi námsstíla, sumum hentar myndbandsefni, öðrum texti eða gátlistar.




Mynd 4: Dæmi um miðlunarleiðir fyrir mismunandi þarfir notenda

Þegar íslenski vefurinn var tilbúinn unnu þýðendur við að þýða allt efni á vefnum yfir á enska útgáfu vefsins.

Uppbygging vefsins

Vefurinn skiptist í fimm aðalkafla:

1. Hvað ætlar þú að skrifa um? – Um rannsóknarspurningar og undirbúning.
2. Hvernig leitar þú? – Leitarorð og leitartækni.
3. Hvar leitar þú? – Leitarvélar, gagnasöfn og aðgangsmál.
4. Hvernig velur þú og metur heimildir? – Ritrýni, heimildamat og greining falsfrétta.
5. Hvernig vísar þú til heimilda? – Heimildaskráning, tilvísanir og forrit.



Mynd 5: Vefurinn skiptist í fimm aðalkafla. Örvarnar sýna að vinnuferlið er ekki endilega línulegt, oft þarf að fara fram og til baka í ferlinu.

Í lok hvers kafla eru verkefni með endurgjöf sem hjálpa nemendum að festa þekkinguna í sessi. Hér má sjá tvö dæmi.

Æfing - Hjálpaðu Silju

FRÆÐSLA 8 AF 54



Mynd 6: Dæmi um verkefni sem finna má í lok hvers kafla. Hér á nemandinn að hjálpa samnemenda sínum með því að miðla því sem hann hefur lært í kaflanum.

Æfing - Flokka heimildir

FRÆÐSLA 42 AF 54

Dragðu heimildirnar í réttan kassa eftir því hvort þær teljist til fræðilegra heimilda eða ekki.

Visindavefurinn

Fræðilegar heimildir

Almennar heimildir

Mynd 7: Dæmi um æfingar sem finna má í lok hvers kafla. Hér er dæmi um flokkunaræfingu.

Kynningarefni

Vefurinn var kynntur á Morgunkorni Upplýsingar í byrjun árs 2025. Veggspjöldum og bókamerkjum var dreift á háskólabókasöfnum og í háskólum landsins. Öðrum bókasöfnum og áhugasömum er velkomið að óska eftir kynningarefni.

Kynningarefni



Mynd 8: Kynningarefni með QR kóða: Bókamerki, límmiðar og veggspjöld.

Næstu skref

Við hvetjum alla til að kynna sér vefinn og deila honum með öðrum upplýsingafræðingum, kennurum og nemendum. Næstu skref er að kennsluvefurinn verði settur inn sem hluti af kennsluefni háskólanámskeiða.

Í framtíðinni er einnig stefnt að þróun sambærilegs kennsluvefs um gervigreindarlæsi – sem verður sífellt mikilvægara í menntun og samfélagi.



**Ert þú
upplýsingalæsi?**

upplýsingalæsi.is
Gagnvirkur kennsluvefur

Samstarfsverkefni
íslenskra háskólabókasafna
Styrkt af bókasafnasjóði

Háskólinn í Akureyri
University of Akureyri

HÁSKÓLI
ISLANDS

HÁSKÓLINN Á BÍRÓST
university of birost

Landlúkkaseth Íslands
Háskólabókasafi

LISTAHÁSKÓLI ISLANDS
Birkbeck University of the Arts



Fræðsluferð starfsfólks Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til Helsinkí dagana 22. – 25. maí 2024

Höfundur: Hallfríður Kristjánsdóttir

Inngangur

Á haustdögum 2023 var tekin sú ákvörðun að starfsmenn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns (Lbs-Hbs) myndu næsta vor leggja land undir fót og heimsækja nokkur bókasöfn í Helsinkí. Markmiðið með ferðinni var að kynnst starfsemi og starfsháttum svipaðra safna í Helsinkí, skoða nýjungar, tæknilausnir og aðstöðu safnanna, sækja innblástur og góðar hugmyndir og rækta tengslanet við erlenda kollega.

Dagskrá ferðarinnar var fjölbreytt og sett saman í samræmi við bæði stefnu og starfsþróunaráætlun safnsins. Í stefnu safnsins er tiltekið að starfsfólki skuli veitt fræðsla til samræmis við þróun verkefna og að starfsandi skuli eflur. Starfsþróunaráætlun miðar að því að auka persónulega sérþekkingu hvers og eins starfsmanns, sem og að horfa til starfshópsins í heild.

Úr varð að alls 36 starfsmenn af öllum sviðum safnsins fóru með, og þeim fylgdu 10 makar og gestir. Hópurinn flaug út miðvikudaginn 22. maí og heim aftur fjórum dögum síðar, sunnudaginn 26. maí.



Mynd 1: Hópmýnd tekin fyrir framan Oodi almenningssafnið í Helsinkí.

Dagur 1: Móttaka hjá sendiherra Íslands í Finnlandi

Fyrsti viðkomustaður í ferðinni var sendiherrabústaður Íslands í Helsinki. Þar tók á móti hópnum, sendiherra Íslands í Finnlandi, Harald Aspelund og eiginkona hans, Áslaug Jónsdóttir. Sendiherra kynnti starfsemi embættisins og verkefni, sem snúa að upp- lýsingamiðlun um Ísland og íslensk málefni og því að efla tengslin milli Íslands og Finnlands, hvort sem um er að ræða viðskiptasambönd, menningartengd verkefni eða önnur hagsmunamál. Þá fengum við leiðsögn um sýninguna Sunup, eftir Þórdísi Erlu Zoëga, en í sendiherrabústaðnum er rekið sýningarrými sem kallast Gallerie Käytävä eða Gallerí gangur.



Mynd 2: Sendiherra Íslands í Finnlandi Harald Aspelund ásamt Landsbókaverði Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur

Dagur 2: Þjóðbókasafn Finnlands og Háskólasafnið í Helsinki

Daginn eftir var haldið í Þjóðbókasafn Finnlands (*Kansalliskirjasto*). Lbs-Hbs hefur gjarnan horft til Finnlands þegar kemur að þróun og nýjungum sem snúa að skráningu og gagnavinnslu, sjálfvirknimöguleikum og upplýsingatækni. Við fengum tvær kynningar á verkefnum sem safnið sinnir. Fyrri kynningin fjallaði um stafræna endurgerð á prentuðu efni í safninu. Unnið er eftir metnaðarfullum stefnum sem settar eru til fjögurra ára í senn. Í stefnunum er verkefnum við stafræna endurgerð forgangsraðað þannig að þær spili vel með almennri stefnu safnsins yfir sama tímabil.

Því næst var kynning á *Finnto ontology service*, þjónustu sem safnið rekur um stöðluð orðasöfn og flokkunarkerfi, sem notuð eru í fjölmörgum finnskum gagnasöfnum og skráningarkerfum. Markmiðið er að geta endurnýtt og samræmt gögn milli upplýsingakerfa sem rekin eru af ýmsum aðilum.




Mynd 3: Hluti af safnkosti Þjóðbókasafnsins til sýnis í glæsilegum sal (Rotunda)

Eftir kynningarnar fékk hópurinn leiðsögn um Þjóðbókasafnið til að kynnst betur bæði byggingunum og safnkostinum. Eftir hádegishlé fór hópurinn yfir í Háskólabókasafnið í Helsinki (*Helsingin yliopiston pääkirjasto*). Þar var þjónusta bókasafnsins kynnt og sagt frá því hvernig starfsemin gengur fyrir sig frá degi til dags. Safnið er stærsta háskólasafn í Finnlandi og þjónar rúmlega 50.000 manns, bæði nemendum og starfsfólki skólans, sem og öðrum gestum, sem geta nýtt sér aðstöðuna. Á meðan skólaárinu stendur eru daglega um 9000 manns sem nýta sér þjónustu safnsins, ýmist með því að mæta á staðinn eða fá þjónustu gegnum netið. Safnið er öllum opið hluta dags, en utan hefðbundins opnunartíma er safnið að auki opið nemendum og starfsfólki, sem nýta sér sjálfsafgreiðslumöguleika fyrir útlán og skil og geta sótt frátektir í merкта skápa. Safnið er búið sjálfvirkum búnaði sem skannar og flokkar efni sem gestir hafa skilað, þannig að það rati á réttar hæðir og réttar hillur fyrir uppröðun.

Safnið notar bókasafnskerfið Ölmú og notendagáttina Primo, rétt eins og Lbs-Hbs og önnur söfn í Gagnis-samlaginu. Mikil áhersla er lögð á opinn aðgang (*e. Open Access*), bæði þegar kemur að út- gáfu skólans/safnsins og við val á gagnasöfnum sem nemendum og öðrum gestum er boðið upp á. Safnið rekur eigin varðveislusöfn fyrir rafræna útgáfu skólans og rannsóknasafn fyrir óút-gefin gögn og rannsóknafurðir.

Eftir kynningar og umræður um starfsemina fengum við leiðsögn um safnið sem er rúmgott, bjart og opið. Byggingin hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir hönnun. Gestir geta valið sér vinnuaðstöðu eftir þörfum; hópvinnuherbergi fyrir verkefnavinnu, næðisrými fyrir lestur og jafnvel hægindastóla með útsýni fyrir slökun.




Mynd 4: Færiband og flokkunarkassar sem taka við skilabókum sem eiga að fara á mismunandi staði í húsinu. Kerfið er að mestu sjálfvirk.

Þessi heimsókn varð innblástur tveggja verkefna sem hrundið var af stað um leið og hópurinn kom heim. Annars vegar voru settar upp betri og læsilegri merkingar fyrir notendur á öllum hæðum Þjóðar-bókhöðunnar. Hins vegar var sett upp borð með púsluspili fyrir gesti safnsins. Hvoru tveggja hefur mælst mjög vel fyrir.



Mynd 5: Lesaðstaða í Háskólabókafninu.



Mynd 6: Anddyri Háskólabóka-safnsins. Opið er upp á fjórar hæðir fyrir ofan.



Mynd 7: Púslpraut í þyngri kantinum á Háskólabókafninu.

Dagur 3: Oodi og Norræna menningarmiðstöðin

Að morgni föstudagsins 24. maí var almenningubókasafnið Oodi heimsótt (*Oodi Helsingin keskustakirjasto*). Rétt eins og hin söfnin er Oodi í miðborg Helsinki og rétt eins og Háskólasafnið er Oodi framúrstefnuleg og margverðlaunuð bygging. Safnið er mjög vinsælt, mikið notað af heimamönnum og þykir einstaklega vel heppnað. Við fengum formlega leiðsögn um allar hæðis safnsins og lukum heimsókninni á kaffihúsi og svölum á þriðju hæð.



Mynd 8: Gestir Oodi að njóta lífsins í góða veðrinu. Fyrir innan er kaffihús og hægt að taka veitingar með sér út.

Þar sem Oodi er almenningssafn eru snertifletir við starfsemi og þjónustu Lbs-Hbs ekki eins víða og mátti finna í heimsóknum fyrri dagsins. En öll vorum við afar hrifin af safninu og þeirri fjölbreyttu aðstöðu sem gestir geta nýtt sér. Þangað kemur fólk á öllum aldri til að lesa og læra og gera það sem gert er á bókasöfnum almennt. En að auki má komast í saumavél, þrívíddarprentara, upptökuver eða fullbúið eldhús. Þarna er í boði að halda fundi og fyrirlestra, sýna kvikmyndir og kenna námskeið og það fer ekki milli mála að Helsinkibúar kunna vel að meta þjónstuna og eru duglegir að mæta.

Eftir hádegi var farið í heimsókn í Norrænu menningarmiðstöðina (*Nordisk Kulturkontakt*) sem er undirstofnun Norrænu ráðherranefndarinnar. Norræna menningarmiðstöðin vinnur að því að styðja norrænt samstarf, með sérstakri áherslu á menningarmál. Markmiðið er að auka vitund og áhuga á norrænni menningu í Finnlandi og safna á einn stað bókakosti sem endurspeglar það markmið. Í miðstöðinni er rekið bókasafn sem býður upp á norrænar bókmenntir á tungumálum sem annars væri erfitt að nálgast, og þangað sækir meðal annars háskólaþólk á svæðinu. Safnið er annað af tveimur bókasöfnum sem Norræna ráðherranefndin rekur. Hitt safnið, sem er ívið stærra er staðsett í Norræna húsinu á Íslandi.



Mynd 9: Heimsókn í Norrænu menningarmiðstöðina.

Eftir heimsóknina í Norrænu menningarmiðstöðina var formlegri fræðsludagskrá ferðarinnar lokið og við tók frjáls dagur í Helsinki áður en flogið var heim.

Að lokum

Ferðin til Finnlands var afar vel heppnuð í alla staði. Hópurinn kom sannarlega fróðari heim en hann fór út. Vert er að taka fram að við undirbúning ferðarinnar tóku valdir starfsmenn að sér að safna spurningum og athugasemdum frá starfsfólki og senda til tengiliða við finnsku söfnin. Þetta skilaði sér í mjög gagnlegum kynningum og markvissri fræðslu. Það var áhugavert að sjá hvernig finnsk bókasöfn takast á við sambærilegar áskoranir og við á Lbs-Hbs stöndum frammi fyrir, til dæmis þegar kemur að tæknilegri þróun og breyttum áherslum í þjónustu safnsins við gesti nær og fjær. Með í farteskinu heim komu margar góðar hugmyndir sem hægt er að horfa til þegar fram líða stundir. Að lokum er vert að nefna gildi ferðarinnar með tilliti til starfsánægju, eflingar starfsanda og styrkingar liðsheildarinnar. Þar skipti máli að fræðsludagskráin væri við hæfi sem flestra, en ekki síður að samstarfsfólk hafði þarna tækifæri til að ræða saman og kynnast hvert öðru á nýjan hátt.